
TRÚNAÐARMÁL

pwc

Sparisjóðurinn í Keflavík

Skýrsla um ákveðna þætti innra eftirlits

(Eintak 1)



Trúnaðarm

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Samandregin niðurstaða	11
Umfjöllun um einstaka verkþætti	
1. Óeðlilegar fjármagnshreyfingar, milli fjármálafyrirtækja og milli landa	37
1.1 Fjármögnun og lausafjárstaða	38
1.2 Útlán til fjármálastofnana	41
1.3 Innlán fjármálastofnana	42
1.4 Önnur fjármögnun	44
1.5 Sérstök fjárfestingafélög og önnur félög utan efnahags	46
Niðurstöður verkþáttar	48
2. Meðferð afleiðusamninga	51
Niðurstöður verkþáttar	56
3. Útlán, ábyrgðir og aðrar skuldbindingar	59
3.1 Útlánareglur og útlánaeftirlit	63
3.2 Afstemmingar	71
3.3 Skilmálabreytingar	79
3.4 Breytingar á tryggingum og veðum	89
3.5 Ný lán	97
3.6 Yfirdrættir	104
3.7 Ábyrgðir	108
3.8 Lánafyrirgreiðslur til starfsmanna	115
3.9 Endanlegar afskriftir útlána	136
3.10 Fullnustueignir	157

3.11 Stórar áhættuskuldbindingar 177
3.11.1 Bláa Lónið hf. 179
3.11.2 Ný-Fiskur ehf. 181
3.11.3 Kaupfélag Suðurnesja 182
3.11.4 Fiskmarkaður Suðurnesja hf. 183
3.11.5 Nesbyggð ehf. 184
3.11.6 Miðland ehf. 185
3.11.7 Sigurður Haraldsson ehf. 187
3.11.8 Happi hf. 187
3.11.9 Guðbjartur ehf. 188
3.11.10 Fasteignafélag Suðurnesja ehf. 189
3.11.11 Kista fjárfestingarfélag ehf. 190
3.11.12 Jói Blakk ehf. 190
3.11.13 Fossvogshylur ehf. 191
3.11.14 Útgerðarfélagið Gjálfur ehf. 192
3.11.15 Project Palm 192
3.11.16 Leigufoss ehf. 193
3.11.17 Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson 194
3.11.18 Jervistone Holdings Limited 194
3.11.19 Hveraland ehf. 195
3.11.20 Útlendingur ehf. 195
Niðurstöður verkþáttar 197
4. Réttmæti fríðinda sem starfsmenn njóta 205
4.1 Fríðindi starfsmanna Sparisjóðsins í Keflavík og viðmiðunarreglur 207
4.2 Skattgreiðslur af fríðindum starfsmanna 218
4.3 Óvenjulegar launagreiðslur 219
Niðurstöður verkþáttar 221

TRÚNAÐARMÁL

5. Réttmæti umráða starfsmanna yfir rekstrarfjármunum s.s. bílum, tölvum og símum eftir að þeir létu af störfum hjá Sparisjóðnum í Keflavík 223

5.1 Eftirfylgni vegna verklagsreglna um innköllun á eignum félaganna sem voru í umsjón starfsmanna við starfslok 224

5.2 Ráðstöfun annarra eigna í eigu sjóðsins til starfsmanna 228

Niðurstöður verkþáttar 230

6. Réttmæti heimilda starfsmanna til að ráðstafa fjármunum, s.s. innkaupaheimildir og risnuheimildir 233

6.1 Heimildir starfsmanna til að ráðstafa fjármunum, svo sem hvort innkaupaheimildir og risnuheimildir hafi verið virtar 234

6.2 Kortanotkun eftir að starfsmaður lét af störfum hjá Sparisjóðnum í Keflavík 239

Niðurstöður verkþáttar 239

7. Innra eftirlit upplýsingakerfa 241

7.1 Yfirsýn yfir upplýsingaumhverfið 245

7.2 Uppbygging upplýsingaumhverfisins 246

7.3 Rekstur upplýsingakerfa 246

7.4 Aðgangsstýringar að fjárhagslega mikilvægum kerfum 248

7.5 Varðveisla gagna við hrun 253

Niðurstöður verkþáttar 254

Inngangur

Með samningi dagsettum 7. júlí 2010 fól Fjármálaeftirlitið (FME) PricewaterhouseCoopers ehf. (PwC) að gera úttekt á tilteknum þáttum í starfsemi fyrirtækisins, hér eftir vísað til verkbeiðni FME.

Forsaga málsins er sú að á grundvelli heimildar í VI. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. IV. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009 yfirtók Fjármálaeftirlitið vald stofnfjáreigandafundar Sparisjóðsins í Keflavík og vék stjórn sjóðsins frá í heild sinni og skipaði bráðabirgðastjórn.

Ákvörðun þessi byggðist á því að frá lokum mars 2009 hafði eiginfjárstaða Sparisjóðsins í Keflavík verið undir lögbundum mörkum. Þrátt fyrir ítrekaða fresti til handa sparisjóðnum náðu viðræður sjóðsins við kröfuhafa um fjárhagslega endurskipulagningu ekki fram að ganga. Aðgerðir dugðu því ekki til að uppfylla kröfur um eiginfjárgrunn og lausafjárstöðu.

Viðfangsefni könnunarinnar

Umfang og viðfangsefni könnunarinnar samkvæmt verkbeiðni FME náði til Sparisjóðsins í Keflavík, kt. 610269-3389, en ekki dótturfélaga eða hlutdeildarfélaga og markaðist af samningi vegna skipunar sérfræðings, dags. 7. júlí 2010, þar sem FME fól PwC að gera athugun á eftirfarandi þáttum, sjá einnig viðauka I:

- *Hvort vikið hafi verið frá innri reglum fjármálafyrirtækisins, lögum og reglum um starfsemi fjármálafyrirtækja, lögum um verðbréfaviðskipti svo og öðrum réttarheimildum sem varðað geta háttsemi þeirra einstaklinga og lögaðila sem athugunin beinist gegn*
- *óeðlilegar fjármagnshreyfingar, milli fjármálafyrirtækja og milli landa*
- *meðferð afleiðusamninga*
- *réttmæti lánveitinga til starfsmanna, tengdra aðila og yfirmanna annarra fjármálafyrirtækja og afskriftir þeim tengdum*
- *breytingar á skilmálum útlána, ábyrgða og annarra skuldbindinga*
- *breytingar á tryggingum og veðum*
- *aðgangur að tölvukerfi svo tryggt sé að lokað sé fyrir aðgang starfsmanna fjármálafyrirtækisins sem láta af störfum og að þeir starfsmenn sem starfa áfram hafi aðgang í samræmi við starf þeirra. Þá þarf að kanna hvort starfsmenn hafi á einhverjum tímapunkti haft*

aðgang að tölvukerfum sem ekki samræmdist aðgangsheimildum þeirra

- *réttmæti fríðinda sem starfsmenn njóta*
- *réttmæti umráða starfsmanna yfir rekstrarfjármunum bankans s.s. bílum, tölvum og símum eftir að þeir láta af störfum*
- *réttmæti heimilda starfsmanna til að ráðstafa fjármunum, s.s. innkaupaheimildir, risnuheimildir o.fl.*

Þrátt fyrir að samningurinn geri einungis ráð fyrir því að könnunin nái til Sparisjóðsins í Keflavík en hvorki dóttur- né hlutdeildarfélaga var málum þannig háttað að hagmunir sjóðsins og sér í lagi dótturfélaga þess fléttuðust inn í þau atriði sem til skoðunar. Sér í lagi þætti er vörðuðu fjármögnun sjóðsins, réttmæti lánveitinga, afskriftir og meðferð fullnustueigna.

Aðgangur PwC að gögnum dótturfélaga sparisjóðsins var lítill eða enginn. Í þeim tilvikum þar sem málefni til skoðunar tengdust málefnum dótturfélaga var leitast við að afla gagna sem gefið gætu frekari upplýsingar en lítið var um að gögn fengjust. Í tilfelli Víkur ehf. kom í ljós að félagið hafði ekki haldið gerðabók eins og lög gera ráð fyrir og því var ekki unnt að rekja ákvarðanatöku innan Víkur sem vörðuðu hagsmuni sparisjóðsins.

Í gögnum stjórnar sjóðsins var að finna upplýsingar um skýrslu FME um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóðnum í Keflavík dagsettri í september 2008. Í skýrslunni kemur fram að athugun FME á starfsemi samstæðu Sparisjóðsins í Keflavík hafi hafist með bréfi þann 20. júní 2008.

Athugunarefni framangreindrar skýrslu FME komu inn á viðfangsefni skoðunar PwC innan þess tímabils sem til skoðunar var. Leitast var við að kanna hvort úrbætur hafi verið gerðar vegna þeirra athugasemda sem þar komu fram um þá liði sem til skoðunar voru.

Umfang könnunarinnar

Eins og fram kemur í verksamningi var PwC falið sem óháðum sérfræðingi að fara yfir helstu reglur og lagaákvæði sem gilda um einstaka verkþætti og kanna hvort vikið hafi verið frá reglum og lagaákvæðum sem varðað geta háttsemi þeirra einstakiinga og lögaðila sem athugunin beindist að, sjá skilgreiningu á þeim aðilum hér að neðan. Athugun PwC beindist fyrst og fremst að innri reglum sjóðsins um þá liði sem til skoðunar voru og þann lagaramma sem um þá giltu. Leitast var að greina hvort vikið hefði verið frá þeim í aðdraganda þeirra aðgerða sem gripið var til á grundvelli laga nr. 125/2008.

Tímabilið til skoðunar var skilgreint í verkbeiðni FME sem tímabilið frá 30. júní 2008 til yfirtöku FME á rekstri Sparisjóðsins í Keflavík þann 23. apríl 2010. Í einstaka málum hefur tímabilið verið lengt og farið lengra aftur í tímann.

Uppbygging skýrslu

Verkefni PwC sem óháðs sérfræðings fólst í könnun á tilteknum þáttum í samræmi við verkbeiðni FME.

Í skýrslunni er fjallað um hvern þeirra í eftirfarandi köflum:

1. Óeðlilegar fjármagnshreyfingar milli fjármálafyrirtækja og milli landa. *Í samræmi við verkbeiðni FME.*
2. Meðferð afleiðusamninga. *Í samræmi við verkbeiðni FME.*
3. Réttmæti lánveitinga og afskriftir þeim tengdum. Breytingar á skilmálum útlána, ábyrgða og annarra skuldbindinga ásamt breytingum á tryggingum og veðum. *Í samræmi við verkbeiðni FME.* Skoðun beindist að aðilum á heildarlista Til viðbótar er í þessum kafla fjallað um sértæk mál innan mismunandi hluta, starfsmannalán, ábyrgðir, endanlegar afskriftir, afstemmingar og stórar áhættuskuldbindingar.
4. Réttmæti fríðinda sem starfsmenn njóta. *Í samræmi við verkbeiðni FME.*
5. Réttmæti umráða starfsmanna yfir rekstrarfjármunum sparisjóðsins s.s. bílum, tölvum og símum eftir að þeir láta af störfum. *Í samræmi við verkbeiðni FME.*
6. Réttmæti heimilda starfsmanna til að ráðstafa fjármunum, s.s. innkaupaheim*ildir, risnuheimildir o.fl. Í samræmi við verkbeiðni FME.*
7. Aðgengi starfsmanna að tölvukerfum. *Í samræmi við verkbeiðni FME.*

Fjallað er um hvern verkþátt með því að skipta hverjum kafla í eftirfarandi undirkafla:

- Inngangur
- Aðilar til skoðunar
- Atriði til skoðunar

- Upplýsingaöflun
- Reglur
- Verklag
- Umsögn
- Niðurstöður

Aðilar til skoðunar

Í verkbeiðni FME kemur fram að athugunin nái til eftirfarandi aðila:

- Fjármálafyrirtækja
- Starfsmanna, stjórnenda og tengdra aðila Sparisjóðsins í Keflavík
- Yfirmanna annarra fjármálafyrirtækja

PwC tók saman sérstakan samandreginn nafnalista sem lagður var til grundvallar við greiningu á þeim aðilum sem komu til skoðunar við athugun á einstaka verkþáttum. Þessi listi (hér eftir vísað til sem *heildarlisti PwC*) var byggður á eftirfarandi listum og upplýsingum sem ýmist eru fengnir úr kerfum samstæðu Sparisjóðsins í Keflavík eða með öðrum hætti. Upplýsingar um tengsl aðila á nafnalista er að finna í viðauka II:

Eftirfarandi listar yfir starfsmenn og starfsmannabreytingar voru fengnir frá starfsmannahaldi Sparisjóðsins í Keflavík.

1. Listi yfir starfsmenn sjóðsins í lok júní 2008.
2. Listi yfir núverandi starfsmenn hjá Sparisjóðnum í Keflavík.
3. Listi yfir starfsmenn sem létu af störfum á skoðunartímabilinu.
4. Listi yfir maka starfsmanna.
5. Aðrar breytingar á starfsmannahaldi.

Upp úr þessum listum vann PwC tvo lista til að nota í heildarlista PwC:

- Starfsmenn
- Makar starfsmanna

Eftirfarandi listar yfir stofnfjáreigendur voru fengnir frá Sparisjóðnum:

1. Stofnfjáreigendur 31.12.2008
2. Stofnfjáreigendur 31.12.2009
3. Stofnfjáreigendur 22.04.2010

Upp úr þessum listum vann PwC lista til að nota í heildarlista sem innihélt alla stofnfjárhafa sem áttu yfir 3,5 m.kr. að nafnvirði á ofangreindum dagsetningum.

- Stofnfjárhafar

Eftirfarandi listi yfir tengda aðila samkvæmt skýrslum til FME var fenginn frá Sparisjóðnum í Keflavík:

1. Venslaðir aðilar 30.06.2008 til 22.04.2010

Upp úr þessum listum vann PwC lista til að nota í heildarlista PwC

- Venslaðir aðilar

Eftirfarandi listar yfir útlán Sparisjóðsins í Keflavík voru fengnir frá sjóðnum:

1. Heildarútlán 30.06.2008
2. Heildarútlán 30.09.2008
3. Heildarútlán 31.12.2008
4. Heildarútlán 30.06.2009
5. Heildarútlán 31.12.2009
6. Heildarútlán 22.04.2010

Upp úr þessum lista vann PwC lista til að nota í heildarlista PwC sem innihélt 100 stærstu skuldara sjóðsins á ofangreindum tímabilum.

- Stærstu skuldarar

Til að nálgast upplýsingar um aðila sem tengdust stórum skuldurum voru skýrslur sjóðsins um stórar áhættuskuldbindingar skoðaðar. Auk þess var farið yfir lista yfir allar skuldbindingar sparisjóðsins yfir 3% af eiginfjárgrunni þann 30. júní 2008. Ekki reyndist til sambærilegur listi fyrir aðrar dagsetningar.

Upp úr þessum listum vann PwC lista til að nota í heildarlista PwC

- Aðilra tengdir stórum skuldurum

Eftirfarandi listar yfir utanaðkomandi aðila sem hugsanlega hafa verið innherjar hjá Sparisjóðnum í Keflavík voru upphaflega fengnir frá FME og seinna endurbættir af PwC vegna vinnu við úttekt PwC á samskonar verkefni á árinu 2009. Listarnir voru notaðir óbreyttir í heildarlista PwC

- Tímabundinn innherji
- Opinber starfsmaður
- Pólitísk tenging

Eftirfarandi listi var fenginn frá regluverði Sparisjóðsins í Keflavík og innihélt félög sem tengdust starfsmönnum sjóðsins og/eða mökum þeirra. Að sögn regluvarðar byggði þessi listi á upplýsingum úr Lánstrausti.

- Félög tengd starfsmönnum

Eftirfarandi listi yfir yfirmenn fjármálafyrirtækja var unninn upp úr gögnum sem fengin voru frá Guðrúnu Jónsdóttur hjá FME.

- Yfirmenn banka

Á listanum eru yfirmenn og stjórnarmenn stóru bankanna fyrir og eftir hrun, auk Straums, SPRON, VBS og Byrs. Einnig eru á listanum sparisjóðsstjórar minni sparisjóða og stjórnarmenn Tryggingasjóðs sparisjóða.

Heildarlisti var borinn saman við þær upplýsingar sem voru til skoðunar hverju sinni, nema annað sé tekið fram í verklagslýsingu í einstökum köflum skýrslunnar. Á heildarlista eru nöfn og kennitölur 1819 einstaklinga og lögaðila.

Upplýsingaöflun og áreiðanleiki gagna

Við vinnslu þessa verkefnis var byggt á afhentum gögnum og upplýsingum sem óskað var eftir, fyrst með milligöngu Árnínu Kristjánsdóttur fyrrverandi regluvarðar SpKef sparisjóðs og síðar með milligöngu Mjallar Flosadóttur innri endurskoðanda Spkef sparisjóðs. Auk þessa var vinnsla verkefnisins byggð á gögnum fengnum með viðtölum og/eða fyrirspurnum til ýmissa stjórnenda og starfsmanna sparisjóðsins eftir því sem við átti.

Þegar könnun PwC fór fram hafði eiginlegri starfsemi í nafni Sparisjóðsins í Keflavík verið hætt og sparisjóðurinn kominn í slitameðferð. Spkef sparisjóður hafði tekið við öllum eignum, allri starfsemi og tilteknum skuldum eða í samræmi við Ákvörðun FME frá 23. apríl 2010. Áður en verkefnið kláraðist ákvarðaði FME um að samruni myndi eiga sér stað milli Spkef sparisjóðs og NBI hf. miðað við 7. mars 2011.

Gagnaöflun reyndist afar tímafrek og bárust gögn mjög seint á vinnslutímanum. Takmarkað var haft samband við lykilstarfsmenn sem höfðu hætt störfum og ef svo var þá aðeins með milligöngu núverandi starfsmanna SpKef sparisjóðs.

Með tilliti til umfangs skoðunar og tilgang könnunar var ekki leitast eftir aðgengi að tölvupóstum starfsmanna sjóðsins. PwC telur að verkkaupi verði að ákveða hvort frekari rannsókn að hætti sviksemisrannsókna eigi við, byggt á niðurstöðum hvers hluta fyrir sig. Þannig yrðu tölvupóstar og síðar yfirheyrslur yfir lykilstjórnendum sjóðsins grunnur að frekari rannsókn ásamt þeim niðurstöðum sem tíundaðar eru í þessari skýrslu.

Þar sem ekki er um að ræða endurskoðunar- eða könnunarvinnu í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, með viðeigandi skoðun á tölvukerfum sjóðsins og prófun á afstemmingum, reyndist ekki unnt að meta áreiðanleika og heild þeirra gagna og upplýsinga sem aflað var. Þó var reynt eins og unnt var að meta áreiðanleika þeirra gagna sem við byggðum niðurstöður okkar á. Að öðru leyti sannreyndi PwC ekki réttmæti þessara gagna. Í köflunum um einstaka verkþætti gerum við nánar grein fyrir upplýsingaöflun hvers þáttar og greinum frá takmörkunum eftir því sem við á.

Áhersla var lögð á að ganga úr skugga um hvort fylgt hefði verið innri reglum sparisjóðsins eins og þær hafa verið settar fram í reglum Sparisjóðsins í Keflavík og öðrum verklagsreglum sem PwC fékk aðgang að eða voru kynntar,

Í starfsreglum stjórnar og lánareglum er gert ráð fyrir að í þeim reglum komi fram þær eftirlitsaðgerðir sem stjórn sparisjóðsins setti til þess að mæta hættunni á því að ekki sé farið eftir lögum og reglum sem um starfsemi sparisjóðsins gilda sbr. 17. gr. laga 161/2002 og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins. Það var ekki hlutverk PwC í úttektinni að ganga úr skugga um hvort innri reglur sparisjóðsins og þær eftirlitsaðgerðir sem okkur voru kynntar hefðu verið fullnægjandi til að ná þeim markmiðum sem þeim var ætlað.

Framkvæmd könnunarinnar

Framkvæmd könnunarinnar fólst að mestu í gagna- og upplýsingaöflun, fyrirspurnum og greiningum.

Samstarf og samskipti PwC, Árnínu Kristjánsdóttur, Mjallar Flosadóttur, slitastjórnar og ábyrgðarmanna viðkomandi sparisjóðs hjá FME voru opin og greið. Haldnir voru fundir, m.a. með slitastjórn Sparisjóðsins í Keflavík, og farið yfir stöðu og framgang verksins. Einnig var Fjármálaeftirlitinu haldið upplýstu um framgang verksins.

Fjallað er nánar um könnun einstakra þátta í samnefndum köflum í skýrslunni.

Um niðurstöður og takmarkanir

Í þeirri könnun sem framkvæmd var samkvæmt áðurnefndum samningi felst ekki endurskoðun eða könnun í skilningi alþjóðlegra staðla um endurskoðun og kannanir (e. review) fjárhagsupplýsinga og látum við því ekki í ljós neins konar staðfestingu eða álit sem sett væri fram í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun eða könnun. Vinna PwC takmarkast við þær aðgerðir og aðferðir sem greint er frá í köflum um einstaka verkþætti og þau gögn og upplýsingar sem aflað var frá sparisjóðnum eða með öðrum hætti.

PwC framkvæmdi ekki og var ekki ætlað að framkvæma sérstaka misferlisskoðun (e. forensic technology analysis eða forensic accounting investigation services). Við slíka rannsókn er um að ræða aðra nálgun á viðfangsefninu og ekki beitt úrtaksprófunum eða skoðun þátta eftir

mikilvægi, heldur eru færslur og eftirlitsaðgerðir innra eftirlits krufnar. Niðurstaða PwC gæti hins vegar leitt til þess að tekin yrði ákvörðun um að framkvæma slíka rannsókn á einstökum liðum.

Ekki var leitast við að leiða í ljós riftunarmál í samræmi við ákvæði gjaldþrotalaga né heldur voru kannaðar réttarheimildir byggðar á saknæmri háttsemi stjórnenda. Rannsókn PwC takmarkast því við áðurnefnd markmið skipunarbréfs sérfræðings FME.

Í hverjum kafla skýrslunnar, þar sem fjallað er um einstaka verkþætti, kemur fram niðurstaða sem skipt er í eftirfarandi þrjá flokka:

a. Til upplýsinga. Hér koma fram almennar eða sérstakar upplýsingar sem ástæða þótti til að koma á framfæri þó ekki væri um ábendingar eða athugasemdir að ræða.

b. Ábendingar. Hér er um að ræða atriði sem fram komu við könnunina og rétt þykir að vekja athygli á.

c. Athugasemdir. Hér er um að ræða atvik þar sem vikið er í mikilvægum atriðum frá þeim reglum sem tilgreindar eru í viðeigandi verkþætti og talin eru þurfa nánari skoðunar við.

Heildarniðurstöður eru settar fram í sérstökum kafla undir heitinu „Samandregin niðurstaða" í upphafi skýrslunnar. Þar er gerð grein fyrir þeim upplýsingum, athugasemdum og ábendingum sem komið hafa upp við könnun á einstökum verkþáttum eða þeim atriðum sem PwC telur rétt að séu skoðuð frekar.

Samandregin niðurstaða

Almennt um niðurstöðuna

Verkefnið var unnið á tímabilinu frá 1. desember til 7. apríl 2011. Í inngangi er að finna umsögn um viðfangsefni og umfang könnunarinnar, uppbyggingu skýrslunnar, gagnaöflun og mat á áreiðanleika gagna ásamt upplýsingum um framkvæmd könnunarinnar.

Skýrsla PwC tekur til tíu verkþátta í samræmi við verkbeiðni og samning við FME. Sérstakur kafli er um hvern verkþátt og er þar gerð grein fyrir umfangi könnunarinnar, verklagi og niðurstöðum. Í þessari samandregnu niðurstöðu er fjallað um meginatriði sem fram koma í niðurstöðu hvers verkþáttar.

Um niðurstöðuna

Skoðun PwC tók til áðurnefndra verkþátta. Ekki var um að ræða endurskoðun eða könnun í skilningi alþjóðlegra staðla um endurskoðun og kannanir fjárhagsupplýsinga og látum við því ekki í ljós neins konar staðfestingu eða álit sem sett væri fram í samræmi við alþjóðlega staðla eða könnun.

Um innra eftirlit

PwC gerði ekki heildarúttekt á innra eftirliti sjóðsins, heldur einungis ákveðnum þáttum innra eftirlits vegna þeirra viðfangsefna sem skilgreind voru í verkbeiðni. Skoðun PwC tók t.a.m. ekki til sérstakrar skoðunar á eftirlitsumhverfi, þ.e. því umhverfi innan sparisjóðsins sem er í kringum innra eftirlit og viðhorfi stjórnar og stjórnenda til innra eftirlits.

Við þær aðstæður sem hafa ríkt á fjármálamörkuðum undanfarin misseri og þær sérstöku aðstæður sem upp komu í íslenska bankakerfinu haustið 2008 og í kjölfar þess er ákveðin hætta á því að stjórnendur hafi sniðgengið eigin reglur og reglur sjóðsins. Stjórn og stjórnendur voru undir miklum þrýstingi að sýna góða afkomu, tryggja fjármögnun og halda uppi virði sjóðsins. Stutt getur verið á milli þess sem augljóslega telst ekki til venjulegra viðskiptahátta og þess sem hugsanlega gæti verið saknæmt.

Í skýrslu FME um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóðnum í Keflavík frá september 2008 greinir frá veikleikum í innri reglum sjóðsins, áhættustýringu og eftirlitshlutverk stjórnar. Í framhaldi af skýrslunni var ráðgjafi frá Deloitte ráðinn af stjórnendum sparisjóðsins til að koma með tillögur um úrbætur og koma þessum hlutum í lag. Í kjölfarið voru settar nýjar reglur um áhættustýringu og reglur um útlán uppfærðar og samþykktar af stjórn sjóðsins. Einnig voru settar nýjar starfsreglur stjórnar og erindisbréf fyrir sparisjóðsstjóra. Eftir að framangreindar reglur voru settar var ekki fjallað oftar um skýrslu FME eða umbótavinnu vegna hennar í fundargerðum stjórnar.

Þrátt fyrir framangreinda setningu reglna verður ekki séð að eftirlitshlutverk stjórnar hafi aukist þrátt fyrir mjög alvarlegar athugasemdir frá hendi FME á regluverki sjóðsins. Eins og áður, hélt stjórnun sjóðsins áfram að mestu í höndum sparisjóðsstjóra eða fram að þeim tíma er FME skipaði tilsjónarmann inn í stjórn í júní 2009.

Sem dæmi um veikara eftirlit í kjölfar athugasemda FME var reglum um lánanefnd breytt í þá veru að hlutverk hennar, eftir breytingu var að taka fyrir einungis þau mál sem ekki voru ákvörðuð af sparisjóðsstjóra. Með þessu voru rýmkaðar heimildir sparisjóðsstjóra með ákvörðun mála án samráðs.

Einnig ber að geta þess að stjórn hefði átt að gera sér betur grein fyrir hlutverki sínu og henni hefði mátt vera ljóst að eftirlitshlutverki hennar var augljóslega ábótavant að mati FME. Í kjölfar bankahruns haustið 2008 reyndi enn á ný á ábyrgð stjórnar um eftirlit og framkvæmd áhættugreiningar á starfssemi sjóðsins. Ljóst má vera að stjórn var ekki að fá allar þær upplýsingar sem hún að lágmarki þurfti til að sinna hlutverki sínu.

Gögn frá stjórnendum

Við framkvæmd skoðunarinnar þurfti PwC m.a. að reiða sig á gögn og upplýsingar frá núverandi stjórnendum og starfsmönnum Spkef sem höfðu jafnvel sjálfir einhverra hagsmuna að gæta, m.a. að verja eigin ákvarðanir eða þátttöku í ákvörðunum. Einnig þurftu núverandi starfsmenn að leggja fram gögn vegna ákvarðana starfsmanna sem voru hættir og þekking á gögnum sem óskað var eftir ekki alltaf fullnægjandi. Í einhverjum tilfellum getur þetta torveldað skoðunina og haft áhrif á niðurstöðu.

Gerð er grein fyrir gagnaöflun einstakra verkþátta í skýrslunni.

Fundir um verkefnið

Meðan á vinnslu verkefnisins stóð funduðu PwC, slitastjórn og fulltrúar frá FME. Á þeim fundum var farið yfir framgang verksins, teknir fyrir erfiðleikar við gagnaöflun og reynt að lágmarka umfang grunnvinnu eins og hægt var svo sem grunnafstemmingar efnahagsliða og fleira. Ekki var farið yfir niðurstöður með bráðabirgðastjórn.

Eðli viðskipta

Hlutverk PwC hefur öðru fremur verið að taka ákveðin viðskipti til athugunar, verkferla, eftirlitsaðgerðir og ákvarðanir þeim tengdum á tímabilinu 30. júní til 23. apríl 2010. Tilgangur þessarar athugunar var að greina hvort um óvenjuleg eða óeðlileg viðskipti væri að ræða. Það er ljóst að mat á því hvað telst óvenjulegt eða óeðlilegt er vandasamt. PwC hefur leitast við að leggja mat á hvað gæti talist óvenjulegt eða óeðlilegt í ljósi þeirra gagna sem skýrslan byggir á. Uppbygging skýrslunnar er þó með þeim hætti að gerð er ítarleg grein fyrir hvaða upplýsingar og gögn lágu til grundvallar og hvaða aðferðum var beitt við rýni og úrvinnslu gagnanna.

Niðurstöður einstakra verkþátta

Í skýrslunni er ítarlega fjallað um einstaka verkþætti í samnefndum köflum. Þar er gerð grein fyrir verklagsreglum bankans, gagnaöflun, verklagi við könnunina, umsögn um einstaka liði hvers verkþáttar og niðurstöðu.

Niðurstöður einstakra verkþátta eru settar fram í töflu þar sem fram koma einstök atriði sem voru til skoðunar og hvort könnun þeirra sýndi frávik frá verklagsreglum bankans eða öðrum reglum. Ef um var að ræða frávik eru þau skýrð og fjallað um þau sem athugasemdir eða ábendingar. Í einhverjum tilvikum eru veittar upplýsingar um einstök atriði þar sem ekki var um að ræða ábendingar eða athugasemdir.

Hér á eftir eru settar fram niðurstöður úr hverjum kafla og er lögð áhersla á að gera grein fyrir athugasemdum sem PwC telur rétt að leiði til frekari skoðunar auk þess sem einnig er gerð grein fyrir ábendingum sem gætu leitt til frekari skoðunar.

1. Óeðlilegar fjármagnshreyfingar, milli fjármálafyrirtækja og milli landa

Markmiðið með þessum verkþætti var að greina fjármögnun Sparisjóðsins í Keflavík og kanna fjármagnshreyfingar milli innlendra og erlendra fjármálafyrirtækja.

Fimm atriði voru tekin til skoðunar og er gerð grein fyrir meginatriðum niðurstaðna þeirra í eftirfarandi töflu:

	Frávik í atriði til frekari skoðunar		
Atriði til skoðunar	Já	Nei	Annað
1.1 Fjármögnun og lausafjárstaða	✓		Athugasemd
1.2 Útlán til fjármálastofnana		✓	
1.3 Innlán fjármálastofnana	✓		Athugasemd
1.4 Önnur fjármögnun	✓		Ábending Athugasemd
1.5 Sérstök fjárfestingarfélög og önnur félög utan efnahags	✓		Ábending

1.1 Fjármögnun og lausafjárstaða

Athugasemd

PwC vill benda á þrátt fyrir athugasemdir sem komu fram í skýrslu Fjármálaeftirlitsins frá september 2008 höfðu að sögn starfsmanna ekki verið sett viðmið varðandi lausafé eða eiginfjárhlutfall sparisjóðsins. Í ársreikningum sjóðsins fyrir árin 2007 og 2008 er rætt um að sjóðurinn hafi sett mörk en í raun er það ekki rétt. Haustið 2008 var formlega tekið á þessum málum en þó þannig að ekki voru í raun teknar upp þær reglur sem þessum einingum var ætlað að hafa sem viðmið í stýringu.

1.3 Innlán fjármálastofnana

Athugasemd

PwC gerir athugasemd við utanumhald peningamarkaðsinnlána hjá Sparisjóðnum í Keflavík. Haldið var utan um innlánin í Excel skjölum af rekstrardeild sjóðsins og síðar fjárstýringu sjóðsins og þau bókuð beint í fjárhag byggt á stöðu og vaxtaútreikningi þeirra skjala. Færslurnar voru bókaðar í fjárhag oft án tilvísunar til mótaðila eða raðnúmers sem nota mætti til að rekja lánið.

Almennt gerir PwC athugasemd við þau tilvik þar sem haldið var utan um fjárhagsupplýsingar í Excel og upplýsingar færðar handvirkt. Slíkt utanumhald eykur áhættuna á villum í fjárhagsupplýsingum auk þess sem hugbúnaðurinn bíður ekki upp á sjálfvirkt samþykktarkerfi eða útilokar það að unnt sé að breyta gögnum eftir á án þess að slíkar breytingar séu

skráðar. Takmarkað eftirlit var á handfærðum færslum í bókhald sjóðsins vegna peningamarkaðsinnlána.

1.4 Önnur fjármögnun

Ábending

PwC vill vekja athygli á því að bundin innlán sem fengust í skiptum fyrir skuldabréf útgefin af Sparisjóðnum í Keflavík sem ekki voru komin á gjalddaga voru færð yfir til Spkef sparisjóðs við uppskiptingu Sparisjóðsins í Keflavík í apríl 2010. Við uppskiptingu annarra fjármálastofnanna hefur ekki verið litið svo á að innlán sem þessi séu tryggð innlán.

1.4 Önnur fjármögnun

Athugasemd

Skuldabréfaútgáfa Reykjanesbæjar í gegnum Sparisjóðinn í Keflavík og annað fyrirkomulag þess gjörnings eins og honum er lýst í kafla 1.4 var ekki lögð fyrir stjórn sparisjóðsins.

1.4 Sérstök fjárfestingafélög og önnur félög utan efnahags

Ábending

PwC vill benda á flokkun skuldbindinga Sparisjóðsins í Keflavík vegna endurkaupasamnings við Kletthála ehf. sem skuld við fjármálafyrirtæki. Kletthála ehf. starfaði ekki sem fjármálafyrirtæki í skilningi laga nr. 161/2002 og er því rangt flokkað í reikningum sjóðsins sem innlán fjármálafyrirtækja.

2. Meðferð afleiðusamninga

Til skoðunar voru réttmæti afleiðusamninga, utanumhald, uppgjör og regluumhverfi viðskipta með afleiður. Kannaðar voru fylgni við lög og reglur bæði er varða og ytri reglur, verklagsreglur sjóðsins og eðlilega starfshætti.

Eitt atriði var til skoðunar og er gerð grein fyrir meginatriðum niðurstaðna þess í eftirfarandi töflu:

	Í rýni / atriði til frekari skoðunar		
Atriði til skoðunar	Já	Nei	Annað
2.1 Meðferð afleiðusamninga	✓		Athugasemd

2.1 Meðferð afleiðusamninga

Athugasemd

Engar verklagsreglur voru til staðar fyrr en eftir mitt ár 2008 er snúa að afleiðuviðskiptum. Flest öll þau viðskipti sem komu til skoðunar höfðu átt sér stað fyrir þann tíma og giltu engar sérstakar reglur um þau viðskipti annað en kemur almennt fram í útlánareglum. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi.

Verklagsreglur voru ekki til staðar fyrr en eftir að sjóðurinn hætti að stunda afleiðuviðskipti við viðskiptavini og því utanumhald og aðgerðir ómarkvissar, samningar hafa verið óuppgerðir svo mánuðum og jafnvel árum skiptir.

Engin skráning var á afleiðusamningum í kerfi, aðal utanumhald var í Excel skjali. Óljóst er hvernig samningar voru meðhöndlaðir í bókum sjóðsins meðan þeir voru opnir. Utanumhald yfir samninga var ekki skipulagt, samningar í einhverjum tilvikum ekki til staðar, öðrum tilvikum óundirritaðir og í einhverjum tilvikum með gjalddaga fyrir samningstíma.

Innheimtuaðferðir hafa ekki verið framkvæmdar vegna en útistandandi skulda og eru óuppgerðir samningar sem sumir eru rúmlega fjögurra ára gamlir og virðast ekki vera í sérstakri meðferð.

Sjóðurinn virðist ekki hafa tekið nægilegt tillit til trygginga á bak við marga af þeim samningum sem til skoðunar komu. Voru tryggingar í mörgum tilvikum aðeins undirliggjandi bréf.

Dæmi eru um afleiðuviðskipti meðal starfsmanna sjóðsins og eða félaga þeim tengdum. Ekki eru dæmi um sérstakar heimildir vegna viðskipta starfsmanna.

Ljóst er að með tilkomu nýrra upplýsinga í lok skoðunar er upphaflegur listi, móttekin af PwC, á engan hátt tæmandi við skoðun þessa verkþáttar. Því er ekki hægt að fullyrða um heild gagnanna né heldur að tilhögun viðskipta hafi verið í raun með þeim hætti sem lýst er hér að ofan.

3. Útlán, ábyrgðir og aðrar skuldbindingar

Skoðun þessa verkþáttar beindist að því að greina breytingar á skilmálum, tryggingum og veðum útlána, ábyrgða og annarra skuldbindinga á tímabilinu frá 30. júní 2008 til 22. apríl 2010.

Farið var yfir sérgreindar og endanlegar afskriftir og þær bornar saman við verkalagsreglur þar um.

Einnig var gerð sérstök skoðun á útlánum til stærstu aðila og verklagi við lánveitingar til þeirra, tryggingartöku, samþykktum lánanefndar og/eða stjórnar eftir því sem við átti. Auk þess var farið yfir útlánaeftirlit og mat sjóðsins á útlánum.

3.1 Útlánareglur og útlánaeftirlit

Markmið með þessari skoðun var að yfirfara reglur sjóðsins sem tengjast útlánum og útlánaeftirliti og öðlast með því heildaryfirsýn yfir regluverk sjóðsins varðandi útlán.

TRÚNAÐARMÁL

	Frávik í athlöi til frekari skoðunar		
Athlöi til skoðunar	Já	Nei	Annað
3.1 Útlánareglur og útlánaeftirlit	✓		Athugasemd

Athugasemd

Við yfirferð á útlánareglum sjóðsins kom í ljós að ekkert er fjallað um skilmálabreytingar í þeim. Ekki voru í gildi á skoðunartímabilinu neinar reglur um framlög í afskriftarreikning. Athygli vakti hve rúmar útlánaheimildir sparisjóðsstjóra voru en hann hafði heimild til að veita lán sem voru allt að 15% af eiginfjárgrunni sjóðsins. Þetta er einnig athyglisvert í ljósi stöðu lánanefndar innan sjóðsins. Í 4. gr. reglna um útlánaheimildir fyrir starfsmenn kemur fram að í Sparisjóðnum í Keflavík starfi lánanefnd sem skuli fjalla um lánaákvarðanir annarra en sparisjóðsstjóra. Því ákvæði virðist hafa verið bætt inn í reglurnar á haustdögum 2008 eftir að sparisjóðurinn hafði farið yfir athugasemdir FME um útlánareglur sjóðsins. Staða lánanefndar veiktist því við þessa breytingu þar sem hér með var komið í veg fyrir að öll stærri lánamál þyrftu að fara fyrir lánanefnd óháð yfirferð sparisjóðsstjóra.

Fundargerðir lánanefndar voru auk þess mjög rýrar á því tímabili sem var til skoðunar. Eftir að nýr starfsmaður tók við starfi forstöðumanns áhættustýringar í byrjun árs 2009 virðist engin fulltrúi áhættustýringar hafa átt sæti í lánanefnd. Gengur það gegn 4. gr. reglna um útlánaheimildir sem segir nefndin skuli auk annarra skipuð forstöðumanni áhættustýringar. Veik staða lánanefndar endurspeglast vel í því að á árinu 2009 voru samþykktar alls 16 yfirdráttarheimildir, 5 skuldabréfalán og 2 skilmálabreytingar í nefndinni.

Bent er á að ákvæði um tryggingar í útlánareglum sjóðsins eru veik. Þar segir m.a. að jafnan skuli liggja viðskiptalegar ástæður fyrir ákvörðunum um útlán. Þar segir einnig að sé veðtrygginga krafist skuli þær jafnan vera í auðseljanlegum verðmætum og að útlán til lengri tíma en 5 ára skuli að jafnaði vera með tryggingum sem séu verðmeiri en skuldin sjálf. Engar takmarkanir eru settar í reglunum um lánveitingar til aðila með neikvætt eigið fé, neikvætt sjóðsstreymi eða til þeirra sem eru með afskriftarframlag hjá sjóðnum. Engin ákvæði eru í útlánareglum sjóðsins um að lánveitingar til venslaðra aðila skuli samþykktar í stjórn sjóðsins. Þrátt fyrir að eiginfjárgrunnur sjóðsins hafi lækkað umtalsvert á skoðunartímabilinu og þar af leiðandi hlutfallslegar útlánaheimildir, þá virðist það ekki hafa orðið til þess að ákvarðanir um útlán sem hefðu þurft samþykki stjórnar hafi verið tekin þar fyrir.

Í siðareglum sjóðsins segir að starfsmenn sjóðsins eigi ekki að vera í vanskilum við sjóðsins. Engin úrræði eða eftirfylgni virðast þó hafa fylgt þessu ákvæði. Samkvæmt úttektum innri endurskoðanda voru nokkur dæmi

um vanskil meðal starfsmanna. Nánar fjallað um lán til starfsmanna í kafla 3.8.

3.2 Afstemmingar útlána og afskriftarreiknings

Markmiðið verkþáttarins var að kanna réttmæti móttekinna gagna sem voru útlánalistar, afskriftarlistar útlána (varúðarniðurfærsla), endanlegar afskriftir útlána og stöðulistar yfir veittar ábyrgðir. Áhersla var lögð á samanburð við prófjöfnuði og árs- og árshlutareikninga eftir því sem hægt var.

Gerð er grein fyrir meginniðurstöðu skoðunar í eftirfarandi töflu:

	Frávik / atriði til frekari skoðunar		
Atriði til skoðunar	Já	Nei	Annað
3.2 Afstemmingar útlána og afskriftareiknings	✓		Athugasemd

Athugasemd

Niðurstöður móttekinna útlánalista 31. desember 2009 og 22. apríl 2010 voru ekki í samræmi við prófjöfnuði og jafnframt var ósamræmi í afhentum útlánalistum á milli tímabila sem dró úr samanburðarhæfni þeirra.

Afstemmingar afskriftarreiknings útlána

Niðurstaða afstemmingar afskriftarreiknings útlána var ekki í samræmi við prófjöfnuð, hvorki 31. desember 2009 né heldur þann 22. apríl 2010. Einnig kom fram skekkja við samanburð á skýringu nr. 19 í drögum að ársreikningi sjóðsins vegna ársins 2009.

Réttmæti framlagðra lista yfir endanlegar afskriftir útlána

Við samanburð á upphaflega mótteknum listum yfir endanlegar afskriftir útlána við gögn er síðar bárust svo sem breytingu á afskriftarreikningi útlána kom í ljós misræmi sem leiddi til leiðréttinga á framlögðum listum yfir endanlegar afskriftir útlána.

Réttmæti veittra upplýsinga um stöðu útgefinna ábyrgða í árs- og árshlutareikningum sparisjóðsins

PwC gerir athugasemd vegna ósamræmis á milli móttekinna stöðulista yfir veittar ábyrgðir og birtum upplýsingum um skuldbindingar utan efnahags í árs- og árshlutareikningum sparisjóðsins.

3.3 Skilmálabreytingar

Markmið skoðunarinnar var að kanna hvort einhverjar óeðlilegar skilmálabreytingar hefðu átt sér stað sem ekki voru í samræmi við innri reglur sjóðsins og hefðu ekki haft langtímahagsmuni sjóðsins að leiðarljósi.

	Frávik / atriði til frekari skoðunar		
Atriði til skoðunar	Já	Nei	Annað
3.3 Skilmálabreytingar	✓		Athugasemd

Athugasemd

Við skoðun á skilmálabreytingum erlendra lána kom fram að þær voru einkum þrenns konar. Í fyrsta lagi var talsvert um að gjaldföllnum afborgunum og vöxtum væri bætt við höfuðstól. Í öðru lagi voru gjalddagar gjarnan færðir aftur. Í þriðja lagi var í mars 2009 farið markvisst í að breyta lánum sem voru í japönskum jenum og svissneskum frönkum yfir í evrur. Seinna á árinu 2009 er nokkuð um að erlendum lánum sé myntbreytt í íslenskar krónur. Dæmi eru um að skilmálabreytingar sem sparisjóðsstjóri hafði ekki útlánaheimild til að samþykkja hafi ekki farið fyrir stjórn sjóðsins. Einnig eru dæmi um að skilmálabreytingar félaga sem tengjast stjórnarmönnum sjóðsins hafi ekki verið tekin fyrir í stjórn.

Samhliða því að erlendum lánum var myntbreytt í íslenskar krónur veitti sjóðurinn afslátt af höfuðstól. Að sögn starfsmanns sparisjóðsins var viðskiptavinum boðið að snúa erlendum lánum í íslenskar krónur gegn 25% afslætti. Ekki voru til skriflegar reglur um þetta en gjaldeyrisjöfnuður sjóðsins var á þessum tíma mjög neikvæður. Þau mál sem skoðuð voru vegna myntbreytingar í íslenskar krónur voru ekki tekin til umfjöllunar í lánanefnd eða stjórn sjóðsins.

3.4 Breytingar á tryggingum og veðum

Skoðun PwC undir þessum verkþátt skiptist í fjóra liði. Þrír fyrstu liðirnir fólust í því að skoða lista yfir veðflutninga, niðurfelldar tryggingar og skuldskeytingar sem fengnir voru frá Sparisjóðnum í Keflavík. Í framhaldi af því var reynt að leggja mat á hvort tryggingastaða sjóðsins hefðu á einhvern hátt versnað við þessa gjörninga og þannig rýrt möguleika sjóðsins til að fá viðkomandi lán endurgreidd.

	Frávik / atriði til frekari skoðunar		
Atriði til skoðunar	Já	Nei	Annað
3.4 Breytingar á tryggingum og veðum	✓		Athugasemd

Athugasemd

Gerð er athugasemd við að á skoðunartímabilinu 30. júní 2008 til 23. apríl 2010 gerði sjóðurinn ekki eitt formlegt veðkall. Í svari sjóðsins við fyrirspurn PwC kom fram að eitt veðkall hefði verið sent til Smáey ehf. í janúar 2008. Auk þess var bent á að þó sjóðurinn hefði ekki sent út formleg veðköll hefði sjóðurinn verið í viðræðum við nokkra skuldara vegna tryggingastöðu í

lánasamningum en í flestum tilfellum kváðu lánasamningar ekki á um neina ákveðna tryggingaþekju.

Skoðaðir voru veðflutningar og niðurfelldar tryggingar og áttu þau mál sem tekin voru til skoðunar í flestum tilfellum eðlilegar skýringar.

Athugasemd er gerð við skuldskeytingu lána OTJ flutninga yfir á B42 ehf. Samhliða þeirri skuldskeytingu voru sjálfskuldarábyrgðir eigenda OTJ og B42 felldar niður þrátt fyrir að fasteignin að Brekkustíg 42 sem var til tryggingar lánunum væri yfirveðsett. Samtals voru eigendurnir í ábyrgðum fyrir rúmlega 20 m.kr.

3.5 Ný lán og uppgreidd á tímabilinu

Við skoðun á nýjum lánum var könnuð fylgni við lög og reglugerðir, innri reglur og verklagsreglur sjóðsins og eðlilega starfshætti.

	Frávik í atriði til frekari skoðunar		
Atriði til skoðunar	Já	Nei	Annað
3.5 Ný lán og uppgreidd	✓		Athugasemd

Athugasemd

Fá ný lán voru veitt á skoðunartímabilinu. Stór hluti af listum afhentum PwC reyndust í raun ekki vera nýjar lánveitingar heldur var um að ræða endurfjármögnun á eldri lánum. Þannig reyndist sjóðurinn einungis hafa veitt tvö erlend lán til aðila af heildarlista PwC á skoðunartímabilinu. Fyrra lánið var til Iceland Water Holdings ehf. sem veitt var í lok júní 2008. Athygli vekur að í apríl sama ár hafði lánanefnd hafnað því að veita félaginu lán. Sparisjóðsstjóri virðist hins vegar hafa samþykkt lánveitingu tveimur mánuðum síðar án þess að málið væri tekið fyrir í lánanefnd en rétt er að benda á að sparisjóðsstjóri á sæti í lánanefnd. Seinna lánið var að fjárhæð 11,5 milljónir japanskra jena og var veitt í nóvember 2008 til Jónu Bjargar Antonsdóttur sem var starfsmaður sjóðsins. Er þetta athyglisvert í ljósi þess að nokkru áður höfðu gjaldeyrishöft verið sett á Íslandi. Í því sambandi eru kjör lánsins einnig athyglisverð en lánið bar 2,75% vaxtaálag. Gjaldeyrisjöfnuður sjóðsins var á þessum tíma mjög neikvæður sem leiddi til þess að nokkrum mánuðum eftir lánveitinguna fór sjóðurinn í að snúa lánum í japönskum jenum og svissneskum frönkum yfir í evrur og síðar fyrir í íslenskar krónur.

Einnig eru dæmi um að aðilar hafi samþykkt lán fyrir hönd sjóðsins sem fór vel fyrir þær heimildir sem þeir höfðu. Einnig eru dæmi um að lán hafi verið brotin niður í smærri lán, samþykkt innan heimilda starfsmanns en saman farið vel yfir heimildir.

3.6 Yfirdrættir

Skoðað var hvaða verklagsreglur giltu um breytingar á yfirdrætti útlána. Leitast var við að skoða frávik í yfirdráttum og farið lauslega yfir heimildir um rekjanleika breytinga.

Eitt atriði kom til skoðunar og er gerð grein fyrir meginatriðum niðurstaðna þess í eftirfarandi töflu:

3.6 Yfirdrættir	✓		Til upplýsinga

Til upplýsinga

Í Sparisjóðnum í Keflavík voru ekki til sértækar reglur um meðferð yfirdráttarbeiðna. Eðlilegast er því að nota við útlánaveitinga og heimildir aðila við að veita slíkar fyrirgreiðslur. Eflaust ættu í sumum tilfellum hækkanir á yfirdráttarheimildum að hafa komið fyrir lánanefnd sjóðsins. Könnun var gerð á fundargerðum og þar með samþykktum lánanefndar sem leiddi í ljós að fæstar af þeim hækkunum er koma fram í viðaukum hafa farið fyrir lánanefnd. Í einhverjum tilvikum gæti verið að umsókn um aukinn yfirdrátt hefði átt að fara fyrir lánanefnd sökum stöðu viðkomandi eða það hann hefði verið kominn upp fyrir heimildir. Í einhverjum gæti sparisjóðsstjóri hafa komið að málum og er það innan heimilda lánareglna.

3.6 Ábyrgðir

Markmiðið með þessum verkþætti var að kanna útgáfu nýrra ábyrgða og innlausn. Einnig var markmiðið að skoða framlagningu upplýsinga á stjórnarfundum og í árs- og árshlutareikningum sparisjóðsins.

Til skoðunar voru veittar og innleystar ábyrgðir og er gerð grein fyrir meginatriðum niðurstaðna þeirra í eftirfarandi töflu:

3.7 Ábyrgðir	✓	Athugasemd

Athugasemd

Engar skriflegar reglur voru um verklag við ábyrgðir og innheimtu ábyrgðarþóknunar vegna ábyrgðar.

Við yfirferð á samhengi þóknunar og trygginga fyrir veittum ábyrgðum komu fram tvö frávik, annað vegna ábyrgðar til Kistu fjárfestingarfélags ehf. og hitt vegna ábyrgðar til Vilhelms Róberts Wessmann (VRW). Um Kistu liggja fyrir samþykktir stjórnar en ekki er að sjá nein ákvæði um innheimtuþóknun þó svo að ábyrgðin sé án trygginga. Vegna VRW liggur fyrir ábyrgðaryfirlýsing en frávik eru í tímalengd og í því að ekki hafi verið innheimt innheimtuþóknun á móti ótryggðri ábyrgðarskuldbindingu og engri viðskiptasögu.

Framlagning gagna

Ósamræmis var á milli móttekinna stöðulista yfir veittar ábyrgðir og birtum upplýsingum um skuldbindingar utan efnahags í árs- og árshlutareikningum sparisjóðsins. Óskað var skýringa en var þeim fyrirspurnum ósvarað í lok skýrslugerðar.

3.8 Lánafyrirgreiðslur til starfsmanna og stjórnarmanna

Markmiðið með þessum verkþætti var að kanna lánafyrirgreiðslur til starfsmanna, maka þeirra og tengdra félaga. Til starfsmanna í þessu sambandi teljast einnig stjórnarmenn sjóðsins. Einnig voru skoðuð vanskil sömu aðila og framlagning upplýsinga um starfsmannalán á stjórnarfundum.

Niðurstaðan er sett fram í neðanskráðri töflu:

	Frávik / atriði til frekari skoðunar		
Atriði til skoðunar	Já	Nei	Annað
3.8 Lánafyrirgreiðslur til starfsmanna og stjórnar	✓		Athugasemd

Athugasemd

Skuldastaða starfsmanna

Í reglum Sparisjóðsins segir að sparisjóðsstjóri þurfi að samþykkja allar lánveitingar til starfsfólks. Ekki er hægt að sjá að svo hafi verið. Lánveitingar fóru að mjög litlu leyti fyrir lánanefnd og ekki er hægt að sjá í öllum tilfellum hvort og þá hvernig sparisjóðsstjóri samþykkti lánin. Oft er erfitt að átta sig á þeim viðskiptaforsendum sem liggja að baki lánveitingum og er starfsmönnum oft lánaðar háar fjárhæðir sem óvíst er að þeir geti greitt til baka. Nokkuð er um að útlán til starfsmanna séu án trygginga t.d. rekstrarlánin eða eingöngu með tryggingu í stofnfjárbréfum. Nokkrum starfsmönnum eða félögum tengdum þeim var veitt rekstrarlán í erlendi mynt án trygginga.

TRÚNAÐARMÁL

Vanskil starfsmanna

Í siðareglum segir að starfsmenn sparisjóðsins eða makar þeirra skuli ekki vera í vanskilum við sparisjóðinn. Ef horfur eru á að starfsmaður lendi í vanskilum skal hann hafa samband við sparisjóðsstjóra eða staðgengil hans og leggja drög að frágangi vanskila. Reglulega voru vanskil starfsmanna og maka þeirra skoðuð og niðurstaðan kynnt á stjórnarfundi. Þann 31. maí 2009 voru alls 7 starfsmenn í vanskilum og 11 makar og voru elstu vanskil 15 mánaða. Mikið til sömu starfsmenn eru á vanskilalistum allt tímabilið. Æðstu stjórnendur hafa allan tímann haft vitneskju um vanskilin og hafa leyft 15 mánaða vanskil starfsmanns án þess að grípa til aðgerða.

Skuldastaða stjórnarmanna

Í 28. gr. um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstóra segir að viðskiptaerindi stjórnarmanna og fyrirtækja sem þeir eru í forsvari fyrir skulu lögð fyrir stjórn sparisjóðsins til samþykktar eða synjunar. Í mörgum tilfellum er ekki neitt fjallað um lánveitingar til stjórnarmanna eða fyrirtækja á þeirra vegum í fundargerðum stjórnar. Einnig er lítið rætt um þessa aðila í lánanefnd sparisjóðsins þannig að draga verður þá ályktun að fyrirgreiðslur hljóta því að hafa verið með samþykki sparisjóðsstjóra að lágmarki. Einnig oft erfitt að átta sig á þeim viðskiptaforsendum sem liggja að baki lánveitingum. Stærstu lánveitingar eru til stjórnarmannsins Birgis Þórs Runólfssonar og fyrirtækja tengd honum og eru mörg þeirra áhættusöm og án trygginga.

Sparisjóðstjóri og tengdir aðilar

Í reglum Sparisjóðsins í Keflavík frá 28. október 2008 um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra segir í 21. gr.;

> *„Sparisjóðsstjóra er óheimilt að sitja í stjórn atvinnufyrirtækis eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti. Stjórn getur þó veitt heimild til slíks en þá aðeins á grundvelli reglna sem hún setur þar um og Fjármálaeftirlitið staðfestir."*

Í 22. gr. segir að samningar sparisjóðsins um lán, ábyrgðir, kaupréttí eða sambærileg viðskipti við sparisjóðsstjóra séu háðir samþykki stjórnar. Ákvörðun stjórnar skal bókuð í gerðabók. Síðar í sömu grein segir að ákvæði þessi gilda einnig um maka sparisjóðsstjóra og aðra aðila tengda honum.

Geirmundur sparisjóðsstóri var í stjórn eftirfarandi félaga sem ekki voru í eigu sparisjóðsins: Fjúk ehf., Lásagras ehf. og Menningarsetrinu á Útskálum ehf. Ekki er að finna heimild stjórnar fyrir setu Geirmundar í þessum stjórnum né staðfestingu Fjármálaeftirlitsins reglum vegna þess.

Geirmundur sat í stjórn fyrirtækjanna Fjúk ehf. og Menningarsetursins á Útskálum þegar þessi félög fengu lánafyrirgreiðslu í sparisjóðnum sem samræmist ekki lögum sjóðsins.

Börn Geirmundur hafa fengið umtalsverð lán hjá sparisjóðnum sum án trygginga sem ekki koma fram í samþykktum stjórnar eins og ætti að vera samkvæmt 22. gr. reglna um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra. Stóran hluta þessara lána er búið að setja á niðurfærslu eða afskrifa endanlega.

3.9 Endanlegar afskriftir útlána

Markmiðið með þessum verkþætti var að skoða endanlegar afskriftir útlána. og er gerð grein fyrir meginniðurstöðu í eftirfarandi töflu:

	Frávik í atriði til frekari skoðunar		
Atriði til skoðunar	Já	Nei	Annað
3.9 Endanlegar afskriftir útlána	✓		Athugasemd

Athugasemd

Skriflegar reglur um mat á útlánum og endanlegum afskriftum voru ekki til.

Ákvæði um veðköll vor ekki í skuldbréfum eða lánssamningum. Ein greiðsluáskorun/veðkall kom fram í gögnum sem til skoðunar voru.

Ákvæði um tryggingaþekju var almennt ekki í skuldabréfum eða lánssamningum. Einungis einn lánssamningur sem til skoðunar kom var með ákvæði um tryggingaþekju sem var þó brotið strax við lánveitingu.

Viðskiptalegar forsendur lánveitinga voru ekki til staðar hvorki við lánveitingu né fylgt eftir við skilmálabreytingar.

Tryggingar voru of lágar eða jafnvel engar. Veð voru gjarnan ónýt þegar á reyndi og söluverð eigna mun lægra en mat trygginga.

Krafa að fjárhæð 633 m.kr. var flutt frá dótturfélagi yfir til sparisjóðsins til þess eins að afskrifa strax endanlega.

Veð er tekið í eignarhlutum óskráðra félaga án þess að verðmat þeirra liggi fyrir.

Dæmi voru um skuldabréf / lánssamningar sem voru með sjálfskuldarábyrgð sem ekki var hægt að sjá að látið hefði verið reyna á.

TRÚNAÐARMÁL

3.10 Fullnustueignir

Markmiðið með þessum verkþætti var að greina meðferð fullnustueigna og uppgjör skulda.

Eftirtalin atriði voru tekin til skoðunar;

	Frávik / atriði til frekari skoðunar		
Atriði til skoðunar	Já	Nei	Annað
3.10 Fullnustueignir	✓		Athugasemd Ábending

Athugasemd

Lög, reglur og framkvæmd

Formlegar verklagsreglur voru takmarkaðar og einungis í formi ódagsetts flæðirits fyrir verklag við nauðungareignir og vinnulýsing vegna þeirra sem að sögn starfsmanna sjóðsins var tekið í notkun um mitt ár 2009. Ekki var að sjá að farið væri að öllu eftir verkferlinu hvað varðaði ákvörðunartöku um yfirtökur eigna til fullnustu skulda. Frávik komu fram í heimildum þeirra sem undirrituðu fyrir hönd sjóðsins. Einnig eru álitamál um viðskiptalegar forsendur um meðhöndlun sumra fullnustueignasamninga.

Hluti fasteigna hafa verið settar inn í Víkur ehf., dótturfélag sjóðsins, og erfitt var að fá upplýsingar um meðferð þeirra undir því félagi þar sem félagið ritaði ekki fundargerðir stjórnar og hélt ekki gerðarbók sem telja verður lögbrot sbr. 5 málsgrein 46. greinar laga nr. 138/1994 sem segir svo: *„Um það sem gerist á stjórnarfundum skal haldin gerðabók sem undirrituð skal af þeim er fund sitja. Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri, sem er ekki sammála ákvörðun stjórnar, á rétt á að fá sérálit sitt skráð í gerðabókina."*

Frjálsir samningar við viðskiptamenn

Engar reglur giltu um frjálsa samninga um kaup sjóðsins af eignum upp í skuldir viðskiptavina.

Skoðun PwC á fullnustueignum bendir til að jafnræðis hafi ekki gætt í meðhöndlun á skuldum viðskiptamanna þar sem sérsamningar voru gerðir við ákveðna viðskiptamenn um yfirtöku eigna og niðurfærslu skulda þeirra á sama tíma og sams konar óskum annarra viðskiptamanna var hafnað.

Þá reyndist verðmæti eigna í frjálsum samningum oft vera metið hærra í samningnum við sjóðinn viðskiptavinum í hag með tilheyrandi tapi sjóðsins. Einnig eru spurningar um meðhöndlun afskrifta er varða uppskiptingu í gengismun annarsvegar og niðurskrift útlána hinsvegar.

Ábending

Verklag fullnustunefndar

Fasteignanefndin hélt formlegar fundargerðir þar sem fjallað var um eignirnar eftir að þær höfðu verið teknar yfir, umsýslu þeirra og sölumeðferð. Nokkuð vantaði á að nefndin færi eftir eigin verkferli um það verklag sem fara átti í gang áður en ákvörðun um kaup eignar var tekin.

Það vakti athygli PwC að sömu aðilar voru í fasteignanefnd fyrir og eftir 23. apríl 2010 og sama verklag var við lýði og verið hafði.

3.11 Stórar áhættuskuldbindingar

Markmiðið með þessum verkþætti var að greina stærstu áhættuskuldbindingar Sparisjóðsins í Keflavík, reglur um stórar áhættuskuldbindingar og verklag og áreiðanleika ársfjórðungslegrar skýrslugerðar til Fjármálaeftirlitsins.

Einnig voru reifuð áhættuskuldbindingar sjóðsins yfir 500 miljónir þann 31. mars 2010.

Eftirtaldir atriði voru tekin til skoðunar;

3.11 Skýrslugerð um stórar áhættuskuldbindingar til FME	✓		Athugasemd
3.11.1 Bláa Lónið hf. og tengdir	✓		Athugasemd
3.11.2 Ný-Fiskur ehf. og tengdir	✓		Til upplýsinga
3.11.3 Kaupfélag Suðurnesja og tengdir		✓	
3.11.4 Fiskmarkaður Suðurnesja og tengdir		✓	
3.11.5 Nesbyggð ehf.	✓		Athugasemd
3.11.6 Miðland ehf.	✓		Athugasemd
3.11.7 Sigurður Haraldsson ehf.	✓		Athugasemd
3.11.8 Happi hf.	✓		Ábending
3.11.9 Guðbjartur ehf.	✓		Til upplýsinga
3.11.10 Fasteignafélag Suðurnesja	✓		Ábending
3.11.11 Kista fjárfestingarfélag	✓		Til upplýsinga
3.11.12 Jói Blakk ehf.	✓		Til upplýsinga
3.11.13 Fossvogshylur ehf.	✓		Athugasemd

3.11.14 Útgerðarfélagið Gjálfur ehf. og tengdir	✓		Ábending
3.11.15 Project Palm		✓	
3.11.16 Leigufoss ehf.	✓		Athugasemd
3.11.17 Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson	✓		Til upplýsinga
3.11.18 Jervistone Holdings Ltd.		✓	
3.11.19 Hveraland ehf.		✓	
3.11.20 Útlendingur ehf.	✓		Ábending

Athugasemd

Skýrslugerð um stórar áhættuskuldbindingar

Veikleikar voru við gerð ársfjórðungslegrar skýrslugerðar til FME um stórar áhættuskuldbindingar sjóðsins. Skilgreining á tengdum aðilum var veik og birtist í því að áhættuskuldbindingar voru vanmetnar þar sem tengdir aðilar voru í nokkrum tilfellum ekki rétt skilgreindir og þar af leiðandi voru heildarskuldbindingar í nokkrum tilfellum vanmetnar. Dæmi voru líka um að fjárhæðir sérgreindra niðurfærslna í FME skýrslu í lok fyrsta ársfjórðungs 2010 bæri ekki saman við varúðarfærslur frá þeim tíma í bókhaldi sjóðsins. Þá voru veikleikar í skilgreiningum á CAD eigin fé sjóðsins, eins og það birtist í skýrslum um stórar áhættuskuldbindingar, bæði í lok árs 2009 og í lok fyrsta ársfjórðungs 2010.

3.11.1 Bláa Lónið og tengdir aðilar

Athugasemd

Áhættuskuldbindingar sjóðsins tengdum Bláa Lóninu og tengdum aðilum voru vanmetnar í skýrslum til FME um mitt ár 2008.

Fyrirgreiðsla til félagsins eykst eftir mars 2009 þrátt fyrir að sjóðurinn hefði þá þegar verið búinn að leggja til sérstakt varúðarframlag í afskriftarsjóð. Heildaraukning áhættuskuldbindinga Bláa Lónsins og tengdra nam um 1,3 ma.kr. frá miðju ári 2008 til og með 22. apríl 2010. Afskriftarframlag vegna skulda í lok tímabils var um 515 m.kr. eða u.þ.b. 14% heildarskuldar.

Í kynningu til stjórnar sjóðsins um mitt ár 2009 vegna mats á breytingu skulda Bláa Lónsins yfir í hlutafé var rekstur félagsins sagður langt umfram áætlanir/væntingar. Ofangreindar væntingar stangast á við umræður á lánafundar þann 16. júlí 2009 en þá var rætt um áhættu á því að HSH (Nordbank) myndi gjaldfella sambankalán Bláa Lónsins.

3.11.2 Ný-Fiskur og tengdir aðilar

Til upplýsinga

Áhættuskuldbindingar sjóðsins í lok fyrsta ársfjórðungs 2010 námu 3,4 ma.kr. og afskriftarframlag var um 3,0% eða 98,6 m.kr. Hluti af vandræðum

samstæðunnar eru að erlend lán hækkuðu veruleg í kjölfar bankahrunsins haustið 2008.

3.11.5 Nesbyggð ehf.

Athugasemd

Þrátt fyrir að lánanefnd sparisjóðsins hafi í febrúar 2007 hafnað því að taka fyrirtækið í viðskipti þar sem sagt var að „slæmt orð" færi af þessum aðilum námu nýjar fyrirgreiðslur til fyrirtækisins á árinu 2007 samtals 750 m.kr.

Áhættuskuldbindingar sjóðsins, samkvæmt skýrslu til FME 31. mars 2010, námu 1,5 ma.kr. og afskriftarframlag 300 m.kr. eða tæpum 20% fyrirgreiðslunnar. Nesbyggð var lýst gjaldþrota í mars 2011.

3.11.6 Miðland ehf.

Athugasemd

Frá því að sjóðurinn keypti Miðland ehf., stofnaði Nikel ehf. og varð eigandi 55% hlutar í félaginu hefur tap sjóðsins numið um 215 m.kr.

Sparisjóðsstjóri kynnt kaupin á Miðlandi fyrir stjórn sjóðsins þann 3. september 2007 og sagði hann áreiðanleikakönnun Landslaga á félaginu hafa komið vel út. Hins vegar koma fram í umræddri áreiðanleikakönnun upplýsingar um óvissu um ákveðin verkefni, samningar um verkefni óljósir eða ekki til og frágangur skipulagsmála vegna Nikkelssvæðisins lægi ekki ljós fyrir, hvorki svæðisskipulag, aðalskipulag né deiliskipulag og að Skipulagsstofnun hefði ekki samþykkt ákveðið deiliskipulag vegna þess að það var ekki til samræmis við aðalskipulag. Þá kemur og fram að vinna við heildarendurskoðun aðalskipulags sé hafin en geti tekið langan tíma.

Niðurlag áreiðanleikakönnunar hljóðaði svo: *„Ekki ber að líta á skýrslu þess sem meðmæli eða ráðgjöf um að ganga eða ganga ekki til samninga."*

Heildarfyrirgreiðsla, samkvæmt skýrslu til FME, miðað við 31. mars 2010 nam 1,2 ma.kr. og afskriftarframlag 138,5 m.kr.

3.11.7 Sigurður Haraldsson ehf.

Athugasemd

Skuldbindingar eigenda félagsins voru ekki metnar meðal stórra áhættuskuldbindinga Sigurðar Haraldssonar ehf. í skýrslum sjóðsins til FME. Skuldir eigenda námu um 55,2 m.kr. í lok skoðunartímabils.

Skuld Sigurðar Haraldssonar ehf. nam um 1,1 ma.kr. í lok fyrsta ársfjórðungs 2010 og nam afskriftarframlag félagsins ríflega helmingi þeirrar fjárhæðar, eða 583,7 m.kr.

Ekki er að finna í fundargerðum stjórnar umræður um vandamál vegna veðþekju félagsins eða þá að komið hafi til hugar að framkvæma veðkall vegna skuldar félagsins.

Ábending

3.11.8 Happi hf.

Skuldir dótturfélags Happa hf., Vara ehf., voru ekki teknar með í skýrslum til FME um stórar áhættuskuldbindingar. Heildarfyrirgreiðslan til Happa hf. nam um 1,1 ma.kr. þann 31. mars 2011 og hafði rúmlega fjórðungur eða 25,9% verið lagður í afskriftarsjóð.

Heildarskuldir Vara ehf. í lok tímabilsins námu 50,9 m.kr. og afskriftarframlag 5,7 m.kr.

Til upplýsinga

3.11.9 Guðbjartur ehf.

Heildarskuldbinding til félagsins nam þann 31. mars 2010 ríflega milljarði og höfðu tæp 30% verið sett í afskriftarsjóð eða 336,4 m.kr.

Hluti af vandræðum félagsins eru erlend lán er breyttust veruleg í kjölfar bankahrunsins haustið 2008.

Ábending

3.11.10 Fasteignafélag Suðurnesja.

Sparisjóðurinn er einn eigenda Fasteignafélagsins á móti Sparisjóðabanka Íslands hf., Steinþóri Jónssyni og Sverri H. Geirmundssyni en sá síðastnefndi er sonur Geirmundar Kristinssonar fyrrum sparisjóðsstjóra.

Skuldir félaganna voru ekki teknar saman í mati á stórum áhættuskuldbindingum í skýrslum til FME fyrr en í skýrslu þann 31. mars 2010 og áhættuskuldbindingar þar með vanmetnar í fyrri skýrslum til FME. Ef miðað er við 30. júní 2008 nam vanmatið ríflega 400 m.kr.

Heildaráhættuskuldbinding Fasteignafélagsins og tengdra aðila, skv. skýrslu til FME 31. mars 2010, nam um 906 m.kr. og um fjórðungur hafði verið lagður í afskriftarsjóð eða um 188 m.kr.

Til upplýsinga

3.11.11 Kista fjárfestingarfélag ehf.

Í upphafi skoðunartímabils voru engar skuldbindingar skráðar á Kistu fjárfestingarfélag og er ástæða þess skuldajöfnun sem sjóðurinn framkvæmdi á móti innleystum ábyrgðum. Sjóðurinn tók innstæður Kistu á móti innleystri ábyrgð en varð síðar að draga það til baka þegar kom í ljós að sjóðnum var þetta óheimilt og skuldajöfnunin gekk til baka.

Til upplýsinga

3.11.12 Jói Blakk ehf.

Heildaráhættuskuldbindingar Jóa Blakk ehf. samkvæmt skýrslu sjóðsins til FME, miðað við 31. mars 2010 námu um 644,3 m.kr. og í afskriftarsjóð hafði verið lagt um 182,1 m.kr.

Athugasemd

3.11.13 Fossvogshylur ehf.

Heildarfyrirgreiðslur til Fossvogshyljar voru að fjárhæð 633,3 m.kr. á skoðunartímabilinu. Óvenjulegt var að fyrirgreiðslan var vistuð í dótturfélagi

sjóðsins. Síðar var það lán flutt yfir til sparisjóðsins og afskrifað að fullu þar. Fossvogshylur var í 100% eigu Sverris Geirmundssonar sonar Geirmundar Kristinssonar fyrrum sparisjóðsstjóra sjóðsins. Ýmislegt í ferli fyrirgreiðslunnar þarfnast nánari skoðunar. Sérstaklega þarf að skoða lánaskjöl og samskipti innan samstæðu sjóðsins vegna þessa.

3.11.14 Útgerðarfélagið Gjálfur ehf. og tengdir aðilar

Ábending

Við gerð skýrslna um stórar áhættuskuldbindingar var fyrirgreiðsla til eiganda félaganna tengdum Gjálfri ekki tekin með fyrr en í skýrslugerð í lok fyrsta ársfjórðungs 2010. Stórar áhættuskuldbindingar voru því vanmetnar um 60-100 m.kr. Heildaráhættuskuldbindingar miðað við skýrslu sjóðsins til FME þann 31. mars 2010 nam um 615,8 m.kr. og um fjórðungur hafði verið lagður í afskriftarsjóðs, eða um 158,8 m.kr. Stærsti hluti afskriftarframlagsins var vegna fyrirgreiðslu til eiganda félaganna.

3.11.16 Leigufoss ehf.

Athugasemd

Samkvæmt skýrslu um stórar áhættuskuldbindingar m.v. 31. mars 2010 nam heildarskuldbinding 547,3 m.kr. en 87% þeirrar fjárhæðar hafði verið lagður í afskriftarsjóð eða um 478,3 m.kr.

Beinar afskriftir vegna félagsins tengdu Leigufossi ehf. og Silfurfossi, námu 156 m.kr. auk þess sem eignir hafa verið teknar upp í skuldir en um það er fjallað sérstakleg annars vegar í kafla 3.9 um afskriftir og kafla 3.10 um fullnustueignir.

3.11.17 Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson

Til upplýsinga

Samkvæmt skýrslu um stórar áhættuskuldbindingar m.v. 31. mars 2010 nam heildarskuldbinding Þorvalds Lúðvíks Sigurjónssonar um 514,4 m.kr. en um 87% þeirrar fjárhæðar hafði verið lagður í afskriftarsjóð eða um 447,3 m.kr.

3.11.20 Útlendingur ehf.

Ábending

Heildarskuldbinding Útlendings var þann 22. apríl 2010 367,2 m.kr. og lagt hafði verið 30,0 m.kr. í afskriftarsjóð.

4.1. Fríðindi starfsmanna Sparisjóðsins í Keflavík og viðmiðunarreglur um fríðindi á tímabilinu frá 30. júní 2008 til 23. apríl 2010

PwC kannaði hvaða fríðindi starfsmenn nutu á tímabilinu frá 30. júní 2008 til 23. apríl 2010 og hvernig staðið hefði verið að skattskilum af fríðindum. Einnig var skoðað hvort óvenjulegar launagreiðslur hefðu átt sér stað á tímabilinu. Skilgreind voru atriði til skoðunar og er gerð grein fyrir meginatriðum niðurstaðna þeirra í eftirfarandi töflu:

4.1 Fríðindi starfsmanna Sparisjóðsins í Keflavík og viðmiðunarreglur um fríðindi á tímabilinu frá 30. júní 2008 til 23. apríl 2010.	✓		Ábending
4.2 Skattgreiðslur af fríðindum starfsmanna.	✓		Athugasemd
4.3. Óvenjulegar launagreiðslur	✓		Ábending

4.1 Fríðindi starfsmanna Sparisjóðsins í Keflavík og viðmiðunarreglur um fríðindi á tímabilinu frá 30. júní 2008 til 23. apríl 2010

Ábending

Ekki eru til skriflegar viðmiðunarreglur um fríðindi til starfsmanna, hvorki varðandi það hverjir skuli njóta tiltekinna fríðinda né takmörk á því hversu há fríðindi hvers starfmanns skuli vera. Sem dæmi um þetta má nefna að starfsmönnum eru ekki sett nein takmörk varðandi kostnað við farsíma og heimasíma. Sama má segja um rekstrarkostnað bifreiðar sem sparisjóðsstjóri hafði til afnota. Sparisjóðsstjóri hefur heimild til þess að ráða starfsfólk og til þess að veita því lausn frá störfum. Við skoðun sína fann PwC engin gögn eða verklagsreglur fyrir sparisjóðsstjóra sem veita honum leiðbeiningu við gerð ráðningarsamninga og veitingu hlunninda.

Ekki lágu fyrir upplýsingar um afnot Geirmundar af bifreiðum eftir að hann lauk störfum sem sparisjóðsstjóri og voru bifreiðahlunnindamiðar sem sendir voru til skattyfirvalda ekki réttir.

4.2 Skattgreiðslur af fríðindum starfsmanna

Athugasemd

Í ráðningarsamningum kemur fram að Sparisjóðurinn í Keflavík greiðir tryggingar fyrir nokkra lykilstarfsmenn en ekki er gerð grein fyrir slíkum hlunnindum á launamiðum 2009, 2010 og 2011. Ekki er gerð grein fyrir öðrum hlunnindum en bifreiðahlunnindum á launamiðum.

PwC telur að reikna hafi átt Geirmundi Kristinssyni húsnæðishlunnindi vegna afnota hans af fasteign Sparisjóðsins í Keflavík á Akureyri en hann einn hafði ráðstöfunarrétt á þeirri fasteign og liggja engin gögn fyrir um það hvernig sú fasteign var nýtt.

PwC telur að gögn varðandi bifreiðahlunnindi Geirmundar [illegible] óskýr og að útreikningur á bifreiðahlunnindum hans á árinu 2009 sé ekki réttur.

4.3 Óvenjulegar launagreiðslur

Ábending

Almennt má segja ekki hafi verið um óvenjulegar launagreiðslur að ræða á því tímabili sem til skoðunar var.

Það vakti athygli að stjórn sparisjóðsins samþykkti að laun Geirmundar Kristinssonar vegna starfa í stjórnum og nefndum á vegum sparisjóðsins skyldu renna til Geirmundar en ekki til sparisjóðsins, eins og áður hafði verið samið um.

Þá vakti það athygli að ekki virtust liggja fyrir afdráttarlausar upplýsingar um hver laun G. Grétars Grétarssonar hefðu verið á vormánuðum 2009, sbr. tvö undirrituð samkomulög við hann um tímabundna 10% lækkun á mánaðarlaunum. Það vakti einnig athygli að starfsmenn sjóðsins áttu í erfiðleikum með að finna út úr því hver laun hans hefðu verið á þessum tíma þegar leitað var upplýsinga um það. Bendir það til þess að utanumhald með launum hafi ekki verið gott.

5. Réttmæti umráða starfsmanna yfir rekstrarfjármunum, s.s. bílum, tölvum og símum eftir að þeir létu af störfum hjá Sparisjóðnum í Keflavík

Skoðað var hvaða verklagsreglur hefðu verið í gildi um innköllun á rekstrarfjármunum Sparisjóðsins í Keflavík við starfslok starfsmanna og með hvaða hætti hefði verið staðið að því að innkalla bifreiðar, fartölvur og síma frá starfsmönnum við starfslok. Leitast var við að skoða ráðstöfun eigna sparisjóðsins til starfsmanna.

5.1 Eftirfylgni vegna verklagsreglna um innköllun á eignum sem voru í umsjón starfsmanna við starfslok	✓		Athugasemd
5.2 Ráðstöfun annarra eigna í eigu sjóðsins til starfsmanna	✓		Ábending

5.1 Eftirfylgni vegna verklagsreglna um innköllun á eignum sem voru í umsjón starfsmanna við starfslok

Athugasemd

Í Sparisjóðnum í Keflavík voru ekki til skráðar verklagsreglur um hvernig skyldi staðið að innköllun á rekstrarfjármunum þegar starfsmaður léti af störfum. Rekstrarfjármunir eins og bifreiðar, tölvur og nýlegir símar voru almennt innkallaðir við starfslok starfsmanna. PwC gat ekki sannreynt þetta verklag.

TRÚNAÐARMÁL

Tveir starfsmenn fengu að eiga fartölvur við starfslok hjá sparisjóðnum. Svo virðist sem ekki hafi verið tekin afrit af vélum, þær hreinsaðar af fyrri gögnum né að harðir diskar hafi verið teknir úr vélunum og varðveittir hjá sjóðnum. Skortur er á reglum í aðstæðum sem þessum hjá sjóðnum.

Ekki fékkst heildarlisti yfir fartölvur í eigu sparisjóðsins þrátt fyrir beiðni þar um heldur fékk PwC afhentan lista yfir þá starfsmenn sem höfðu fartölvur í eigu sparisjóðsins á skoðunartímabilinu.

5.2 Ráðstöfun annarra eigna í eigu sjóðsins til starfsmanna

Ábending

PwC telur að utanumhald listaverkasafns Sparisjóðsins í Keflavík sé ekki í nægilega góðum farvegi. Eignaskráin samanstendur af 73 Word skjölum með myndum af listaverkunum. Ekki virðist vera til heildarlisti yfir allar eignir sjóðsins þ.m.t. öll listaverk í eigu sparisjóðsins. Reglur um meðhöndlun, utanumhald og fyrirkomulag vörslu muna er ekki fyrir hendi hjá sjóðnum. Einnig reyndist örðugt að meta hvort sjóðurinn hefði yfirsýn yfir eignir sjóðsins aðrar en húseignir og bifreiðar.

6. Réttmæti heimilda starfsmanna til að ráðstafa fjármunum, s.s. innkaupaheimildir og risnuheimildir

Til skoðunar var réttmæti heimilda starfsmanna til að ráðstafa fjármunum, s.s. innkaupaheimildir og risnuheimildir. Áhersla skoðunarinnar var á heimildir starfsmanna og notkun þeirra á tímabilinu 30. júní 2008 til 23. apríl 2010. Einnig var skoðað hvaða ráðstafanir voru gerðar við starfslok varðandi kreditkort og hvort úttekt hafi átt sér stað af kreditkorti starfsmanna eftir starfslok.

Tvö atriði voru til skoðunar og er gerð grein fyrir meginatriðum niðurstaðna þeirra í eftirfarandi töflu:

6.1 Heimildir starfsmanna til að ráðstafa fjármunum, svo sem hvort innkaupaheimildir og risnuheimildir hafi verið virtar	✓		Athugasemd
6.2 Kortanotkun eftir að starfsmaður lét af störfum hjá sparisjóðnum		✓	Til upplýsinga

6.1 Heimildir starfsmanna til að ráðstafa fjármunum, svo sem hvort innkaupaheimildir og risnuheimildir hafi verið virtar

Athugasemd

Engar verklagsreglur eru til varðandi innkaupa- og risnuheimildir starfsmanna og þar af leiðandi engar risnuheimildir eða viðmið við eftirlit með innkaupum og risnu.

Eftirlit stjórnarformanns með risnureikningum Geirmundar virðist hafa brugðist. Við yfirferð starfsmanna sjóðsins á risnureikningum Geirmundar við starfslok kom í ljós talsverður fjöldi einkaúttekta af greiðslukorti og risnureikningi sparisjóðsstjóra. Niðurstaða þeirra yfirferðar var að Geirmundur var krafin um tæpar 2 m.kr. vegna úttekta í persónulega þágu við lokauppgjör hans í árslok 2009. Tekið skal fram að yfirferð starfsmanna á risnureikningum náði þó eingöngu til úttekta á risnureikningum vegna ársins 2009.

Í öllum tilfellum var uppáskrift á reikningum hvort sem undirgögn vantaði eður ei. Þó verður að teljast óeðlilegt að Jensína Kristjánsdóttir hafi verið í þeirri stöðu að samþykkja eigin úttektir.

6.2 Kortanotkun eftir að starfsmaður lét af störfum hjá félögunum

Til upplýsinga

Ekkert kom fram við skoðun PwC sem bendir til þess að óvenjuleg kortanotkun hafi átt sér stað eftir að viðkomandi aðilar með kortaheimildir létu af störfum fyrir sjóðinn á skoðunartímabilinu.

7. Innra eftirlit upplýsingakerfa

Athugun PwC beindist að því að yfirfara uppbyggingu upplýsinga-umhverfisins með það að markmiði að kortleggja fjárhagslega mikilvæg upplýsingakerfi og innri/ytri tengsl þeirra við önnur upplýsingakerfi. Í framhaldi af því voru skoðaðar aðgangsheimildir notenda að fjárhagslega mikilvægum upplýsingakerfum og hvort starfsmenn sparisjóðsins hafi aðeins haft þann aðgang að gögnum sem nauðsynleg eru starfsins vegna. Einnig var kannað verkferli við afritatöku fjárhagsgagna og ferli við gagnaflutning milli upplýsingakerfa og/eða kerfiseininga.

Skilgreind voru eftirfarandi atriði til skoðunar og er gerð grein fyrir meginatriðum niðurstaðna þeirra í eftirfarandi töflu:

7.1 Yfirsýn yfir upplýsingaumhverfið	✓		Ábending
7.2 Uppbygging upplýsingaumhverfis		✓	
7.3 Rekstur upplýsingakerfa	✓		Ábending

7.4 Aðgangsstýringar að fjárhagslega mikilvægum kerfum	✓		Athugasemd
7.5 Varðveisla gagna við hrun	✓		Athugasemd

7.1 Yfirsýn yfir upplýsingaumhverfið

Ábending

Hjá sjóðnum var ekki til yfirlitsskjal kerfa og því er engin leið til að ná yfirsýn yfir venslamynd kerfa sjóðsins. Í samvinnu við þjónustuaðila sjóðsins var búin til venslamynd þar sem fram komu kerfistengsl milli þeirra eininga er sjóðurinn notar. Til að halda yfirsýn og viðhalda þeirri ábyrgð er stjórnun sjóðsins ber gagnvart innra eftirliti þarf að vera til yfirlitsmynd þeirra eininga sem sjóðurinn notar í því umhverfi sem hann starfar í. Vissulega er hægt að útvista ákveðnum hluta þessa en ábyrgð og yfirsýn er ekki hægt að útvista.

7.3 Rekstur upplýsingakerfa

Ábending

Tölvuumhverfi sparisjóðsins er skipulagt á þann máta að eftirlitsþættir í upplýsingaumhverfinu draga úr áhættu sem getur orðið af völdum kerfishruns. Hins vegar er fyrirkomulagið án formlegrar neyðaráætlunar eða áætlunar um rekstrarsamfellu og er hugsanlegt að sparisjóðurinn geti ekki endurreist kerfi og haldið áfram rekstri ef upp kemur neyðarástand. Þjónustuaðili hefur umsjón með afritun gagna og varðveislu afrita samkvæmt þjónustusamningi. Þetta er þó aðeins brot af þeim aðgerðum sem til staðar þurfa að vera til að lágmarka áhættu í rekstri ef upp kemur neyðarástand. Ekki er til staðar formleg skjölun á neyðaráætlun eða áætlun um rekstrarsamfellu hjá sparisjóðnum.

Engir verulegir veikleikar hafa komið fram með tilliti til tímasetningar og rauntíma eftirlits með viðskiptaflæði milli kerfa sem stjórnað er af Teris.

Skýrsla vegna úttektar upplýsingaumhverfis RB sem unnin var samkvæmt staðli SAS nr.70 (*Statement on Auditing Standards)* virðist vera áreiðanleg í tilfelli RB. Í áritun skýrsluhöfunda eru þó listuð upp nokkrar undantekningar sem geta bent til fyrirvara í niðurstöðum þeirra. Í áritun skýrsluhöfunda má leiða að því líkur að ekki sé hægt að reiða sig á skýrsluna í öllum tilfellum. Nægir þar að nefna takmörkun er varðar álit er snýr að:

- umfangi rannsókna þ.e hvernig prófanir á eftirlitsaðgerðum snúa að þeim sem nota þjónustu RB.
- niðurstöðum úr prófunum á eftirliti,
- áliti skýrsluhöfunda á skilvirkni eftirlitsaðgerða.

Að öðru leyti hefur verið framkvæmd úttekt af óháðum aðila á rekstrarumhverfi Reiknistofu bankanna.

7.4. Aðgangsstýringar að fjárhagslega mikilvægum kerfum

Athugasemd

Við yfirferð lista yfir notendur fjárhagslega mikilvægra kerfa kom fram að í undantekningartilfellum hafa notendur, sem eru hættir störfum, aðgengi að undir- og/eða yfirkerfum. Í einhverjum tilfellum hafa þeir verið gerðir óvirkir í netkerfum en haft virkan aðgang að undirkerfum.

Einnig komu fram frávik þar sem almennir notendur í raunumhverfi voru með of mikil réttindi samanber það að almennir notendur höfðu réttindi sem Admin- og/eða Super notandi. Slík réttindi eru oftast í andstöðu við heimildir og ábyrgðir almennra notenda. Við skilyrði þar sem of ríkar heimildir eru til staðar að kerfum getur myndast sviksemisáhætta og um leið getur aðgreining starfa verið í bága við ábyrgð og skyldur viðkomandi notanda.

Við yfirfærslu milli sjóða voru engar breytingar gerðar á notendaheimildum þeirra starfsmanna sem enn eru við störf. Notendaheimildir voru veittar með sama hætti og áður.

7.5. Varðveisla gagna við hrun

Athugasemd

Aðgengi að gögnum gamla sparisjóðsins hefur ekki verið takmarkað á neinn hátt. Gamli sjóðurinn var í raun færður í nýtt útibú í bókhaldi gamla sjóðsins og nýi sjóðurinn tók í raun yfir gamla bókhaldið og hélt áfram með það umhverfi á nýrri kennitölu. Aðgengi að gögnum gamla sjóðsins er ekki vaktað og ekki eru hömlur á aðgengi í kerfum.

TRÚNAÐARMÁL

Umfjöllun um einstaka verkþætti

1. Óeðlilegar fjármagnshreyfingar, milli fjármálafyrirtækja og milli landa

Inngangur

Markmiðið með þessum verkþætti var að greina fjármagnshreyfingar milli Sparisjóðsins í Keflavík og annarra innlendra og erlendra fjármálafyrirtækja með tilliti til verklagsreglna og þess hvort um væri að ræða eðlilegar fjármagnshreyfingar. Tímabilið sem til skoðunar var frá 30. júní 2008 til 23. apríl 2010.

Aðilar til skoðunar

Skoðun PwC beindist að þeim aðilum sem skilgreindir voru á heildarlista PwC með sérstakri áherslu á fjármálafyrirtæki. Einnig var horft til fjármálafyrirtækja sem ekki komu fyrir á heildarlista PwC en áttu í viðskiptum við Sparisjóðinn í Keflavík sem féllu undir þau atriði sem til skoðunar voru. Einnig fór fram skoðun á fjárstýringu og fjármögnun sparisjóðsins.

Atriði til skoðunar

Eftirfarandi atriði voru til skoðunar:

1. Fjármögnun og lausafjárstaða
2. Útlán til fjármálastofnana
3. Innlán fjármálastofnana
4. Önnur fjármögnun
5. Sérstök fjárfestingafélög og önnur félög utan efnahags

Upplýsingaöflun

Eftirfarandi gögn komu til skoðunar:

- Árs- og árshlutareikningar Sparisjóðsins í Keflavík frá 31. desember 2007 fram til yfirtöku FME á á Sparisjóðnum í apríl 2010:
  - Ársreikningur 31. desember 2007.
  - Árshlutareikningur 30. júní 2008.
  - Ársreikningur 31. desember 2008.
  - Árshlutareikningur 30. júní 2009.
  - Drög að ársreikningi 31. desember 2009.

- Skiptiefnahagsreikningur 23. apríl 2010.
- Mánaðarlegar lausafjárskýrslur fjárstýringar Sparisjóðsins í Keflavík.
- Lánasamningar og fylgigögn vegna lántaka Sparisjóðsins í Keflavík sem voru ógreidd og útistandandi við fall sparisjóðsins. Innifalið í því eru lántökur sem áttu sér stað fyrir það tímabil sem til skoðunar er.
- Yfirlit yfir tilvik þar sem skuldabréf útgefin af Sparisjóðnum í Keflavík eða sparisjóðum sem sameinast höfðu Sparisjóðnum í Keflavík voru greidd upp fyrir gjalddaga.
- Fyrirspurnir til starfsmanna, innri endurskoðunar, áhættustýringar, reikningshalds og fjárstýringar Sparisjóðsins í Keflavík.
- Hreyfingar peningamarkaðsinnlána sem bókuð voru beint í fjárhag frá 30. júní 2008 til falls sjóðsins.
- Skýrsla Fjármálaeftirlitsins um útlánaáhættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóðnum í Keflavík frá september 2008.

Auk þess fóru fram fundir með Gunnlaugi Harðarsyni, sérfræðingi á fjármála og fjársýslusviði sparisjóðsins, og Árna Björgvinssyni, forstöðumanni fjárhagsdeildar.

Gögn fengust með milligöngu innri endurskoðanda Spkef sparisjóðs. Skoðaðar voru afstemmingar og sundurliðanir sem liggja að baki árs- og árshlutareikningum sparisjóðsins. PwC hefur þó ekki sannreynt þessar afstemmingar með tilliti til heildar.

1.1. Fjármögnun og lausafjárstaða

Reglur

Fjármögnun Sparisjóðsins í Keflavík fólst í almennum innlánum, innlánum frá fjármálastofnunum (þar með talið endurhverfum viðskiptum við Seðlabanka Íslands), útgáfu skuldabréfa og víkjandi lána frá fjármálastofnunum. Sparisjóðurinn var bundinn af löggjöf um að halda áhættuvegnu eiginfjárhlutfalli (CAD) yfir 8%. Sparisjóðurinn hafði að sögn starfsmanna ekki skilgreint nein önnur viðmið en sett voru af opinberum aðilum fyrir yfirtöku Fjármálaeftirlitsins á sjóðnum í apríl 2010.

Fjárstýring Sparisjóðsins í Keflavík var óformlega skipulögð ...m til 28. október 2008 þegar stjórn sjóðsins samþykkti reglur um áhættustýringu í kjölfar athugasemda í skýrslu Fjármálaeftirlitsins frá því í september sama ár. Fram að því hafði þó starfsmaður séð um daglega lausafjárstýringu sparisjóðsins sem hluta af sínum starfsskyldum. Samkvæmt reglunum sem samþykktar voru í stjórn í október 2008 skyldi áhættustýring sparisjóðsins hafa eftirlit með lausafjárstöðu, skilgreina mörk og gera sparisjóðsstjóra

TRÚNAÐARMÁL

viðvart færi lausafjárstaða niður fyrir þau mörk. Að sögn starfsmanna sjóðsins kom ekki til þess að skilgreind væru sérstök mörk á tímabilinu, vegna þess að lausafjárstaða sjóðsins var þegar orðin afar slæm og í brennidepli hjá starfsmanni áhættustýringar, sparisjóðsstjóra og stjórn. Að skilgreina mörk til tilkynningar til sparisjóðsstjóra og stjórnar hefði því í raun þjónað litlum tilgangi.

Í ársreikningum sjóðsins á tímabilinu er þess þó getið að sparisjóðurinn hafi sett sér reglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun. Gerð er athugasemd við þetta í skýrslu Fjármálaeftirlitsins frá september 2008.

Verklag

Skoðaðir voru árs- og árshlutareikningar Sparisjóðsins í Keflavík 31. desember 2007, 30. júní 2008, 31. desember 2008, 30. júní 2009 auk skiptiefnahagsreiknings sparisjóðsins 23. apríl 2010. Skiptiefnahagsreikningurinn innihélt auk þess óendurskoðaðar samanburðartölur miða við 31. desember 2009 sem notast var við. Horft var til samsetningar fjármögnunar sparisjóðsins, stöðu handbærs fjár og áhættuvegins eiginfjárhlutfalls.

Skoðaðar voru mánaðarlegar lausafjárskýrslur Sparisjóðsins í Keflavík sem skilað var til Seðlabankans á tímabilinu frá 30. júní 2008 til yfirtöku Fjármálaeftirlitsins á sjóðnum 23. apríl 2010.

Farið var yfir umfjöllun um fjármögnun og lausafjárstöðu sjóðsins í fundargerðum stjórnar.

Skoðaðar voru athugasemdir Fjármálaeftirlitsins um fyrirkomulag áhættustýringar í skýrslu eftirlitsins frá september 2008.

PwC hefur ekki kannað réttmæti flokkunar fjármögnunarliða sjóðsins eins og hún birtist í reikningum sjóðsins.

Umsögn

Taflan sýnir þróun fjármögnunar Sparisjóðsins í Keflavík eins og hún birtist í reikningum sparisjóðsins.

Þróun fjármögnunar Sparisjóðsins í Keflavík						
Efnahagsliður	**31.12.2007**	**30.06.2008**	**31.12.2008**	**30.06.2009**	**31.12.2009**	**22.04.2010**
Innlán frá fjármálastofnunum	3.155.638	6.650.403	10.520.074	13.205.156	12.460.460	10.653.005
Innlán viðskiptavina	38.912.232	44.894.141	54.693.415	61.253.878	64.459.799	64.097.531
Lántökur	18.209.222	21.383.915	22.227.781	19.590.189	21.075.027	20.175.962
Víkjandi lán	2.434.232	2.551.723	2.696.962	2.864.028	3.096.949	3.177.620
Aðrir skuldaliðir	5.857.117	3.094.468	2.464.392	1.482.186	1.850.999	873.270
Heildarskuldir	68.568.441	78.574.650	92.602.624	98.395.437	102.943.234	98.977.388
Handbært fé	4.873.617	2.444.565	1.206.188	2.653.055	2.898.426	1.793.460
Heildareignir	98.012.076	90.539.063	94.029.451	97.782.730	90.148.885	85.599.919
Hlutfall skulda af eignum	70,00%	86,80%	98,50%	100,60%	114,20%	115,60%
Vegið eiginfjárhlutfall	22,20%	10,30%	7,10%	-0,40%	Engar uppl.	Engar uppl.

Fjallað er um innlán frá fjármálastofnunum í kafla 1.3

Innlán frá viðskiptavinum jukust í kjölfar yfirtöku FME á viðskiptabönkunum í október 2008 í kjölfar þess vantrausts sem ríkti í þeirra garð á þeim tíma. Auk þess skipti máli, að sögn starfsmanna sparisjóðsins, að stórir viðskiptavinir á svæðinu á borð við nágrannasveitarfélög Reykjanesbæjar færðu innlán sín til sparisjóðsins. Auk þess má geta innláns frá Reykjanesbæ sem fjallað er nánar um í kafla 1.3.

Lántaka Sparisjóðsins í Keflavík greinist þannig 31. desember 2007, 31. desember 2008 og 31. desember 2009. Sparisjóðurinn í Keflavík veitti ekki sambærilegar upplýsingar fyrir 23. apríl 2010.

Sundurliðun lántöku			
Aðili	**31.12.2007**	**31.12.2008**	**31.12.2009**
Erlendir bankar	10.291.352.729	10.591.183.968	8.615.879.202
Sparisjóðabankinn	4.274.220.128	8.677.060.294	6.100.273.207
NBI hf	0	0	1.810.114.163
MP-banki	0	0	957.524.229
Íbúðalánasjóður	1.404.700.357	0	0
Arionbanki		0	1.610.364.397
Skuldabréf	2.238.948.786	2.624.141.957	1.478.462.098
Frá dótturfélagi	0	335.395.000	502.409.704
Samtals	**18.209.222.000**	**22.227.781.219**	**21.075.02[illegible]**

Fjallað er um lántökur í erlendri mynt í kafla 1.4. Þar er um að ræða lán frá erlendum bönkum og lán frá Arion banka. Lán Sparisjóðabankans voru ýmist í formi lengri peningamarkaðsinnlána eða fólust í eign Sparisjóðabankans á skuldabréfum útgefnum af Sparisjóðnum í Keflavík eða þeim sjóðum sem sameinast höfðu sparisjóðnum. Lán NBI hf. tengist

sölu og endurkaupasamningi sem gerður var við Landsbankann og fjallað er nánar um í kafla 1.4.

Staða útgefinna skuldabréfa sparisjóðsins lækkar, annars vegar vegna þess að skuldabréfaflokkur á gjalddaga var greiddur upp og hins vegar vegna breytinga skuldabréfa í innlán sem lýst er í kafla 1.4.

Sparisjóðurinn í Keflavík átti 55% hlut í félaginu Miðland ehf. í gegnum annað dótturfélag sitt, Víkur ehf. sem var eigandi Nikel ehf. sem var lántaki hjá Sparisjóðnum í Keflavík. Þar sem sparisjóðurinn var ekki 100% eigandi Miðlands sat hluti lántöku samstæðu félagsins eftir í samstæðu sparisjóðsins. Á móti þessari stöðu eru útlán til Nikel ehf. og er því ekki um eiginlega fjármögnun sparisjóðsins að ræða.

Víkjandi lán samanstanda af nokkrum flokkum víkjandi skuldabréfa, skráðum í Kauphöll Íslands, sem seld voru á almennum markaði.

Aðrir skuldaliðir eru lífeyrisskuldbinding, tekjuskattskuldbinding og aðrar skuldir.

Ljóst er að Sparisjóðurinn í Keflavík var undir lögbundnu lágmarks eiginfjárhlutfalli í lok árs 2008. Einnig er ljóst af hlutfalli skulda af eignum að eftir þann tíma varð eigið fé sjóðsins neikvætt.

PwC fór yfir lausafjárskýrslur sem Sparisjóðurinn í Keflavík skilaði til Seðlabanka Íslands mánaðarlega á tímabilinu frá 30. júní 2008 til 23. apríl 2010. Þær skýrslur staðfesta það sem starfsmenn sparisjóðsins halda fram, að lausafjárstaða hafi allt tímabilið verið knöpp og lítið mátt útaf bregða. PwC hefur ekki yfirfarið réttmæti þessara skýrsla.

1.2. Útlán til fjármálastofnana

Reglur

Engin eiginleg útlán til fjármálastofnana voru stunduð í Sparisjóðnum í Keflavík. Sparisjóðurinn var með skammtímainnlán sem hluta af lausafjárstýringu hjá Seðlabanka Íslands, Sparisjóðabankanum og hjá Byr sparisjóð eftir fall Sparisjóðabankans. Engir formlegir verkferlar voru til staðar vegna slíkra viðskipta. Haldið var utan um þau viðskipti í Excel af starfsmanni fjárstýringar sem annaðist útlánin. Engar sérgreindar reglur giltu um lán til fjármálastofnanna á tímabilinu. PwC er ekki kunnugt um að neitt formlegt samþykktarferli hafi verið til staðar varðandi útlán til fjármálastofnanna.

Verklag

Fengnar voru upplýsingar um innlán Sparisjóðsins í Keflavík til annarra fjármálastofnanna frá fjárstýringu og fjárhagsdeild með milligöngu innri endurskoðunar. Upplýsingar um aðrar kröfur á fjármálastofnanir fengust eftir sömu leiðum.

Upplýsingarnar byggðust á Excel skjölum fjárstýringar og færslum úr bókhaldi Sparisjóðsins í Keflavík. Staða krafna á fjármálastofnanir á uppgjörsdögum samkvæmt þessu skjölum myndar stöðuna sem birt er í reikningum sparisjóðsins.

Umsögn

Umfang innlána Sparisjóðsins í Keflavík til annarra fjármálastofnanna var lítið á tímabilinu frá 30. júní 2008 til 23. apríl 2010. Skýrist það einkum af bágri lausafjárstöðu sparisjóðsins á tímabilinu. Taflan sýnir þróun handbærs fjár og innstæðna hjá fjármálastofnunum og annarra krafna á fjármálastofnanir eins og þessi liðir birtust í reikningum sparisjóðsins á tímabilinu.

Þróun handbærs fjár og innstæðna hjá fjármálastofnunum				
Efnahagsliður *þús.kr.*	**31.12.2007**	**31.12.2008**	**31.12.2009**	**22.04.2010**
Handbært fé	4.873.617	1.206.188	2.898.426	1.793.460
Kröfur á fjármálastofnanir	946.250	195.208	2.273.238	214.226
Samtals	**5.819.867**	**1.401.396**	**5.171.664**	**2.007.686**

Innlán voru að mestu hjá Sparisjóðabankanum fram að falli hans og eftir það hjá Byr sparisjóð. Auk þess voru innlán hjá Seðlabanka Íslands. Kröfur á fjármálastofnanir samanstóð af innlánum sparisjóðsins í Seðlabanka Íslands til að mæta bindisskyldu annars vegar og kröfum á ýmsa smærri sparisjóði hins vegar.

Gögn um stöðu handbærs fjár og kröfur á fjármálastofnanir voru innifaldar í þeim upplýsingum um lausafjárstöðu sparisjóðsins sem lagðar voru fyrir stjórn sjóðsins á tímabilinu. Umfjöllun stjórnar virðist fyrst og fremst hafa verið í formi kynninga sparisjóðsstjóra og starfsmanna sjóðsins. Gögn yfirferðar byggjast í flestum tilvikum á nýjustu lausafjárskýrslu, eins og þeim er skilað til Seðlabanka, á hverjum tíma ásamt kynningum á sértækum aðgerðum hverju sinni.

1.3. Innlán fjármálastofnana

Reglur

Innlán fjármálastofnanna voru hluti af lausafjárstýringu Sparisjóðsins í Keflavík. Þau voru flest annaðhvort á formi skammtímainnlána, frá eins dags innlánum upp í viku, eða vegna endurhverfra viðskipta við Seðlabanka Íslands. Engir formlegir verkferlar voru til staðar vegna þessara viðskipta og haldið var utan um þau í Excel af starfsmanni fjárstýringar sem annaðist innlánin. PwC er ekki kunnugt um að neitt formlegt samþykktaferli hafi verið til staðar varðandi innlán til fjármálastofnanna.

Verklag

Fengnar voru upplýsingar um innlán annarra fjármálastofnanna til Sparisjóðsins í Keflavík frá fjárstýringu og fjárhagsdeild með milligöngu innri endurskoðunar.

Upplýsingarnar byggðust á Excel skjölum fjárstýringar og færslum úr bókhaldi Sparisjóðsins í Keflavík. Staða innlána fjármálastofnana á uppgjörsdögum samkvæmt sundurliðunum þessara Excel skjala myndar stöðu innlána fjármálastofnana eins og hún var bókfærð og birtist í reikningum sparisjóðsins.

Umsögn

Taflan hér að neðan sýnir sundurliðun innlána fjármálastofnanna í árslok 2007, 2008 og 2009. Sparisjóðurinn í Keflavík veitti ekki sambærilegar upplýsingar fyrir 23. apríl 2010.

Sundurliðun innlána fjármálastofnanna			
Aðili	**31.12.2007**	**31.12.2008**	**31.12.2009**
Seðlabankinn(endurhv. viðsk.)	0	3.857.610.843	7.632.672.603
Seðlabankinn (daglán)	0	749.541.667	1.698.370.833
Sparisjóður Vestmannaeyja	0	0	250.972.222
Kaupþing/Arionbanki	0	3.913.463.463	2.845.604.685
Peningamarkaðsinnlán	3.081.309.747	1.034.406.757	32.839.453
Kletthals ehf	0	826.875.993	0
Aðrir	74.328.253	138.175.277	0
Samtals	**3.155.638.000**	**10.520.074.000**	**12.460.459.796**

Peningamarkaðsinnlán voru að langstærstu leyti frá Sparisjóðabankanum, að sögn starfsmanna sparisjóðsins. Haldið var utan um þau í Excel af fjárstýringu og staða þeirra færð í bókhald eftir þeim skjölum. Þau skjöl geta ekki mótaðila. Engin ítarleg greining hefur fram af hálfu PwC á peningamarkaðsinnlánum til Sparisjóðsins í Keflavík þar sem upplýsingar um mótaðila liggja ekki fyrir í vinnuskjölum sjóðsins og nánari upplýsingar um mótaðila fengust ekki frá starfsmönnum sparisjóðsins. Hreyfingar peningamarkaðslána má finna í viðauka 1-A.

Endurhverf viðskipti og daglán Seðlabankans urðu lykilþættir fjármögnunar sjóðsins eftir að Sparisjóðabankinn hætti að geta sinnt fjármögnun sparisjóðsins. Stjórn var upplýst um stöðu þessarar fjármögnunar í reglubundinni yfirferð um lausafjárstöðu sjóðsins sem fram fór á stjórnarfundum á tímabilinu.

Kaupþing veitti Sparisjóðnum í Keflavík einnig tvö skammtímalán á seinni hluta árs 2008. Annars vegar lán í íslenskum krónum að fjárhæð 1.237 m.kr. og hins vegar lán í evrum að fjárhæð 16,5 milljónir evra sem lækkaði svo í 14,7 milljónir evra eftir hlutagreiðslu frá sparisjóðnum á árinu 2008. Lánið sem veitt var í íslenskum krónum var endurflokkað yfi lántökur á árinu 2009. Hvorugt lánið var greitt fyrir yfirtöku Fjármálaeftirlitsins á sparisjóðnum í apríl 2010. Stjórn sparisjóðsins var upplýst um þessar lántökur og seinni breytingar á þeim sem hluta af umfjöllun sinni um lausafjármál sparisjóðsins.

Fjallað er nánar um Kletthál ehf. sem fram kom í töflunni hér á undan í kafla 1.5.

1.4. Önnur fjármögnun

Reglur

Önnur fjármögnun Sparisjóðsins í Keflavík fólst í stofnfé, lánum frá fjármálastofnunum í erlendri mynt, almennum innlánum viðskiptavina og skuldabréfaútgáfum Sparisjóðsins í Keflavík auk skuldabréfa sparisjóða sem sameinast höfðu sparisjóðnum.

Sparisjóðurinn í Keflavík seldi einnig hluta íbúðalánasafns síns til að afla lausafjár á tímabilinu sem til skoðunar var. Sölurnar voru samþykktar af stjórn og samningar undirritaðir af sparisjóðsstjóra.

Verklag

Skoðuð voru lán í erlendri mynt frá fjármálastofnunum sem voru ógreidd við yfirtöku FME á Sparisjóðnum í Keflavík 23. apríl 2010.

Kannað var hvort Sparisjóðurinn í Keflavík hefði keypt eigin skuldabréf og greitt fyrir með bundnum innlánum.

Samningar Sparisjóðsins í Keflavík við Íbúðalánasjóð og Landsbankann vegna sölu á íbúðalánum voru einnig til skoðunar.

Samningur Sparisjóðsins í Keflavík við Reykjanesbæ um kaup á skuldabréfum útgefnum af Reykjanesbæ var einnig skoðaður.

Umsögn

Lántaka Sparisjóðsins í Keflavík í erlendri mynt samanstóð bæði af sambankalánum og lánum frá einstökum bönkum. Sparisjóðurinn hætti að greiða af þessum lánum í apríl 2009. Þá voru eftirstandandi tvö sambankalán.

Þann 24. mars 2009 var samþykktur í stjórn Sparisjóðsins í Keflavík viðauki við 22 milljón evra sambankalán leitt af Raiffeisen Zentralbank dagsett 27. mars 2006. Sambankalánið var upphaflega til þriggja ára með 0,365% álagi á Euribor vexti. Taflan sýnir upphaflega lánveitendur og hlutdeild þeirra.

Upprunalegir lánveitendur og hlutdeild þeirra í EUR	
Aðili	**Hlutdeild**
Bayerische Landesbank	5.000.000
LRP Landesbank Rheinland-Pfalz	5.000.000
Raiffeisen Zentralbank Österreich	5.000.000
Zürcher Kantonalbank	3.000.000
Landesbank Saar, Luxembourg	2.000.000
Oberbank AG	1.000.000
Raiffeisenlandesbank Niederösterreich	1.000.000
Samtals	**22.000.000**

Samkvæmt viðaukanum, sem samþykktur var í stjórn þremur dögum fyrir lokagjalddaga lánsins, skyldi Sparisjóðurinn í Keflavík greiða 13 milljónir evra og eftirstöðvar höfuðstólsins síðan með 9 jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Sparisjóðurinn hafði greitt 13 milljónir evra eins og um var samið en greiddi enga aðra greiðslu af þessu láni. PwC bað um afrit af viðaukanum en hefur ekki fengið.

Engir aðrir verulegir fjármagnsflutningar úr landi áttu sér stað frá Sparisjóðnum í Keflavík á tímabilinu. Erlend greiðslumiðlun sparisjóðsins fór í gegnum Sparisjóðabankann fram að yfirtöku FME á bankanum 21. mars 2009 og eftir það í gegnum Byr sparisjóð.

Hitt sambankalánið var dagsett 16. maí 2007 og var til þriggja ára að fjárhæð 40 milljónir evra. Það var leitt af Bayern LB. Vextir voru með 0,54% álagi á Euribor. Taflan sýnir upphaflega lánveitendur og hlutdeild þeirra. Hætt var að greiða vexti af láninu í apríl 2009 að sögn starfsmanna sjóðsins.

Upprunalegir lánveitendur og hlutdeild þeirra í EUR	
Aðili	**Hlutdeild**
LRP Landesbank Rheinland-Pfalz	7.000.000
BayernLB	5.000.000
KB-LUX	5.000.000
Raiffeisen Zentralbank	5.000.000
DZ Bank	5.000.000
Zürcher Kantonalbank	4.000.000
HSH Nordbank, Copenhagen	3.000.000
Raiffeisenlandesbank Burgenland	3.000.000
National Bank of Egypt (UK)	2.000.000
Raiffeisenlandesbank Niederösterreich	1.000.000
Samtals	**40.000.000**

Samkvæmt upplýsingum sem innri endurskoðun Sparisjóðsins í Keflavík aflaði og veitti PwC keypti sparisjóðurinn eigin skuldabréf með greiðslu í formi innláns sem bundið var fram að gjalddaga bréfanna í þremur tilvikum. PwC hefur ekki kannað hvort fleiri sambærileg tilvik finnist.

Taflan sýnir mótaðila, dagsetningu og fjárhæð viðskiptanna.

Innlán fyrir skuldabréf		
Aðili	**Dagsetning**	**Fjárhæð**
Lífeyrissjóður Verkfræðinga	10.12.2008	74.433.000
Festa - lífeyrissjóður	20.03.2009	88.677.120
Festa - lífeyrissjóður	20.03.2009	356.222.750
Samtals		**519.332.870**

Þessi innlán færðust yfir til Spkef sparisjóðs við uppskiptingu Sparisjóðsins í Keflavík í apríl 2010. Við uppskiptingu annarra fjármálastofnanna hefur ekki verið litið á innlán sem þessi sem tryggð.

Sparisjóðurinn seldi íbúðalánasjóði lán með veði í íbúðarhúsnæði fyrir 9,9 ma.kr. með samningi dagsettum 23. mars 2009. Íbúðalánasjóður skyldi greiða 80% kaupverðsins við afhendingu með skuldabréfum útgefnum af Íbúðalánasjóði. Greiðsla á afgangi kaupverðsins valt síðan á heimtum úr lánasafninu en sparisjóðurinn skyldi taka á sig það útlánatap sem á því kynni að vera. Hluti þeirra lána sem sjóðurinn hugðist selja reyndist ekki uppfylla kröfur Íbúðalánasjóðs þar sem þau voru veðsett þriðja aðila. Sala þeirra lána fór því ekki fram og lækkaði kaupverðið sem því nam. Þegar þeirri veðsetningu hafði verið létt, í ágúst 2009, var gengið frá viðauka við samninginn um sölu þeirra fyrir 1,4 ma.kr. Greiðsluskilmálar voru hinir sömu og í fyrri samningnum. Samningarnir voru samþykktir af stjórn sparisjóðsins þann 24. mars 2009 og gerð var grein fyrir viðaukanum við samninginn á stjórnarfundi 11. ágúst 2009.

Þann 23. júní 2009 seldi Sparisjóðurinn í Keflavík Nýja Landsbankanum (NBI hf.) safn íbúðalána sem ekki uppfylltu þær kröfur sem Íbúðalánasjóður gerði. Um var að ræða lán með uppgreiðsluverðmæti samtals að fjárhæð 3,9 ma.kr. samkvæmt yfirliti með samningnum og voru þau seld fyrir 2 ma.kr. Á sama tíma skuldbatt sparisjóðurinn sig til að kaupa sama safn tilbaka þann 22. desember 2009 fyrir 2,12 ma.kr. Þar sem samkomulagið uppfyllir ekki skilyrði alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir afskráningu eigna úr efnahag myndaði salan skuld við NBI hf. Alls var 1,8 ma.kr. af þessari skuld enn í bókum sparisjóðsins við lok árs 2009. Samningurinn var samþykktur af stjórn á fundi 25. júní 2009.

Með samningi dagsettum 16. október 2008 tók Sparisjóðurinn í Keflavík til sölu skuldabréf útgefin af Reykjanesbæ að nafnverði 2,5 ma.kr. á 5,6% vöxtum með verðtryggingu til 10 ára. Reykjanesbær skyldi síðan leggja andvirði skuldafjárútboðsins inn á reikning hjá sparisjóðnum sem með samningnum skuldbatt sig til að trygga að minnsta kosti 0,8% vaxtamun Reykjanesbæ í vil út líftíma skuldabréfanna. Markmið þessarar fléttu mun hafa verið að sparisjóðurinn keypti þessi skuldabréf af Reykjanesbæ og nýtti þau til endurhverfra viðskipta við Seðlabanka Íslands og bætti þar með lausafjárstöðu sína. Samningurinn var ekki lagður fyrir stjórn á sínum tíma. Samningurinn er þó greinilega liður í baráttu sjóðsins við lausafjárvandræði sín.

1.5. Sérstök fjárfestingarfélög og önnur félög utan efnahags

Reglur

Rekstur sérstakra fjárfestingarfélaga og annarra félaga utan efnahags getur haft í för með sér umtalsverða rekstraráhættu fyrir fjármálastofnanir m.a.

vegna flókinna viðskipta og skilmála. Mikilvægt er að fullur skilningur sé á samningum vegna þessara félaga og hvernig skuli gera grein fyrir þeim í reikningsskilum fjármálafyrirtækja en meðferð þeirra skal fara eftir sérstökum reglum.

Verklag

PwC sendi fyrirspurnir vegna þessa verkþáttar. Starfsmenn sparisjóðsins voru spurðir um það hvort Sparisjóðurinn í Keflavík hefði verið aðili að sértækum fjárfestingarfélögum (e. Special Purpose Vehicle / Special Purpose Entities) eða öðrum félögum utan efnahags. Fyrirspurnir PwC beindust að því hvort sjóðurinn væri aðili að slíkum félögum og hvernig eftirlit með þessum félögum væri háttað. Einnig var spurt um reikningshaldslega meðhöndlun þessara félaga í samstæðu sparisjóðsins.

PwC skoðaði einnig önnur gögn, s.s. ýmsar fundargerðir innan sparisjóðsins og ársreikninga, með það að markmiði að greina hvort Sparisjóðurinn í Keflavík hefði verið aðili að sérstökum fjárfestingarfélögum eða öðrum félögum utan efnahags.

Umsögn

Sparisjóðurinn í Keflavík var á tímabilinu hluthafi í félaginu Kletthálsi ehf. en aðrir eigendur þess samkvæmt samkomulagi þeirra í milli dagsett 15. júlí 2008 voru Sparisjóður Mýrarsýslu, Sparisjóður Bolungarvíkur, Sparisjóður Ólafsfjarðar, Sparisjóður Siglufjarðar og Sparisjóðabankinn. Hver eigandi átti 16,67% hlut í félaginu.

Hlutverk félagsins var að fjármagna íbúðalán sparisjóðanna sem að félaginu stóðu. Kletthálsi tók lán hjá Landsbanka Íslands sem það síðan notaði til að kaupa skuldabréf af Landsbankanum útgefið af bankanum sjálfum. Því næst var það skuldabréf selt Sparisjóðabankanum í endurhverfum viðskiptum. Sparisjóðabankinn notaði skuldabréfið síðan sem veð fyrir láni hjá Seðlabanka Íslands. Fjármunirnir sem Kletthálsi fékk fyrir endurhverfu viðskipti sín í gegnum Sparisjóðabankann notaði félagið síðan til að kaupa íbúðalán af sparisjóðunum. Sparisjóðirnir sem stóðu að félaginu voru síðan skuldbundnir til að kaupa þau íbúðalán sem seld voru Kletthálsi aftur þegar félagið gæti staðið við lokagreiðslu lánsins frá Landabanka Íslands.

Kletthálsi ehf. keypti alls íbúðalán af Sparisjóðnum í Keflavík fyrir 814 m.kr. en sjóðurinn hafði heimild samkvæmt samþykkt stjórnarfundar 22. júlí 2008 til sölu íbúðalána fyrir allt að 2 ma.kr. Þær eignir sem seldar voru Kletthálsi voru að sögn starfsmanna sjóðsins ekki afskráðar úr eignasafni sjóðsins. Kletthálsi ehf. var ekki hluti af samstæðu Sparisjóðsins í Keflavík. Á móti andvirði íbúðalánanna sem fékkst frá félaginu var færð skuld á Kletthálsi ehf. vegna endurkaupaskyldu sparisjóðsins og var hún flokkuð með innlánum fjármálastofnanna. Skilyrt var að 20% af kaupverði íbúðalánanna væri notað til greiðslu skulda seljanda við Sparisjóðabankann. Ljóst má vera að flokkun Kletthálsi ehf. meðal innlána fjármálafyrirtækja er röng, félagið getur ekki talist til fjármálastofnunar í skilningi laga er gilda um slík félög heldur er hér um að ræða einkahlutafélag.

Niðurstöður verkþáttar

Markmiðið með þessum verkþætti var að greina fjármögnun Sparisjóðsins í Keflavík og kanna fjármagnshreyfingar milli innlendra og erlendra fjármálafyrirtækja.

Fimm atriði voru tekin til skoðunar og er gerð grein fyrir meginatriðum niðurstaðna þeirra í eftirfarandi töflu:

1.1 Fjármögnun og lausafjárstaða	✓		Athugasemd
1.2 Útlán til fjármálastofnana		✓	
1.3 Innlán fjármálastofnana	✓		Athugasemd
1.4 Önnur fjármögnun	✓		Ábending Athugasemd
1.5 Sérstök fjárfestingarfélög og önnur félög utan efnahags	✓		Ábending

1.1 Fjármögnun og lausafjárstaða

Athugasemd

PwC vill benda á þrátt fyrir athugasemdir sem komu fram í skýrslu Fjármálaeftirlitsins frá september 2008 höfðu að sögn starfsmanna ekki verið sett viðmið varðandi lausafé eða eiginfjárhlutfall sparisjóðsins. Í ársreikningum sjóðsins fyrir árin 2007 og 2008 er rætt um að sjóðurinn hafi sett mörk en í raun er það ekki rétt. Haustið 2008 var formlega tekið á þessum málum en þó þannig að ekki voru í raun teknar upp þær reglur sem þessum einingum var ætlað að hafa sem viðmið í stýringu.

1.3 Innlán fjármálastofnana

Athugasemd

PwC gerir athugasemd við utanumhald peningamarkaðsinnlána hjá Sparisjóðnum í Keflavík. Haldið var utan um innlánin í Excel skjölum af rekstrardeild sjóðsins og síðar fjárstýringu sjóðsins og þau bókuð beint í fjárhag byggt á stöðu og vaxtaútreikningi þeirra jala. Færslurnar voru bókaðar í fjárhag oft án tilvísunar til mótaðila eða raðnúmers sem nota mætti til að rekja lánið.

Almennt gerir PwC athugasemd við þau tilvik þar sem haldið var utan um fjárhagsupplýsingar í Excel og upplýsingar færðar handvirkt. Slíkt utanumhald eykur áhættuna á villum í fjárhagsupplýsingum auk þess sem hugbúnaðurinn bíður ekki upp á sjálfvirkt samþykktarkerfi eða útilokar það að unnt sé að breyta gögnum eftir á án þess að slíkar breytingar séu

skráðar. Takmarkað eftirlit var á handfærðum færslum í bókhald sjóðsins vegna peningamarkaðsinnlána.

1.4 Önnur fjármögnun

Ábending

PwC vill vekja athygli á því að bundin innlán sem fengust í skiptum fyrir skuldabréf útgefin af Sparisjóðnum í Keflavík sem ekki voru komin á gjalddaga voru færð yfir til Spkef sparisjóðs við uppskiptingu Sparisjóðsins í Keflavík í apríl 2010. Við uppskiptingu annarra fjármálastofnanna hefur ekki verið litið svo á að innlán sem þessi séu tryggð innlán.

1.4 Önnur fjármögnun

Athugasemd

Skuldabréfaútgáfa Reykjanesbæjar í gegnum Sparisjóðinn í Keflavík og annað fyrirkomulag þess gjörnings eins og honum er lýst í kafla 1.4 var ekki lögð fyrir stjórn sparisjóðsins.

1.4 Sérstök fjárfestingafélög og önnur félög utan efnahags

Ábending

PwC vill benda á flokkun skuldbindinga Sparisjóðsins í Keflavík vegna endurkaupasamnings við Kletthála ehf. sem skuld við fjármálafyrirtæki. Kletthála ehf. starfaði ekki sem fjármálafyrirtæki í skilningi laga nr. 161/2002 og er því rangt flokkað í reikningum sjóðsins sem innlán fjármálafyrirtækja.

Yfirlit yfir viðauka með kaflanum:

- 1-A Hreyfingar peningamarkaðsinnlána

TRÚNAÐARMÁL

Umfjöllun um einstaka verkþætti

2. Meðferð afleiðusamninga

Inngangur

Á skoðunartímabilinu 30. júní 2008 til 22. apríl 2010 var Sparisjóðurinn í Keflavík með opna afleiðusamninga við Seðlabanka Íslands og Sparisjóðabankann ásamt samningum um framvirk hlutabréfaviðskipi við ýmsa viðskiptamenn sparisjóðsins. Til skoðunar voru viðskipti með afleiður hjá viðskiptamönnum sjóðsins en samningar við Seðlabanka Íslands og Icebank voru ekki teknir til sérstakrar skoðunar.

Aðilar til skoðunar

Til skoðunar koma allir aðilar á heildarlista PwC, eins og hann er skilgreindur í inngangi skýrslunnar, sem áttu í afleiðuviðskiptum við sjóðinn á skoðunartímabilinu. Einnig var rýnt í samninga við viðskiptamenn sem ekki komu fram heildarlista PwC.

Atriði til skoðunar

Við skoðun á afleiðusamningum var könnuð fylgni við lög og reglugerðir, innri reglur og verklagsreglur sjóðsins og eðlilega starfshætti.

Athugun á afleiðuviðskiptum fólst í könnun á breytingum sem urðu á skoðunartímabilinu. Útistandandi samningar í lok skoðunartímabils voru sérstaklega skoðaðir og þá hvort sjóðurinn hafi fylgt ytri sem innri reglum varðandi gerð slíkra samninga.

Skoðun afleiðusamninga byggðist fyrst og fremst á umbeðnum upplýsingum frá viðskiptastofu sparisjóðsins sem var sú eining innan sjóðsins sem sá um afleiðuviðskipti við viðskiptavini sjóðsins.

Af þeim afleiðusamningum sem voru útistandandi í lok skoðunartímabils var gerð athugun þar sem óskað var eftir ítarupplýsingum um samning eða viðskipti tengd afleiðu.

Afleiðuviðskipti viðskiptamanna sjóðsins voru í öllum tilvikum í formi framvirkra verðbréfasamninga. Athugað var hvort um eðlilega fyrirgreiðslu við viðskiptavini væri að ræða en helstu atriði til skoðunar voru eftirfarandi:

- Athugað var hvernig staða samninga breyttist á viðmiðunartímabili.
- Athugað var hvort nýir samningar hefðu verið gerðir innan skoðunartímabilsins.
- Skoðað var almennt uppsetning og form samninganna og hvernig afleiðuviðskiptum var almennt háttað.
- Meðferð sjóðsins á afleiðum í bókhaldi var athuguð.

- Aðgerðir sjóðsins vegna útistandandi gjaldfallinna samninga voru skoðaðar. Athugað var hvort unnið væri að lokun samninga með eðlilegum hætti og hvort mál væru komin til meðferðar hjá lögfræðisviði.

Upplýsingaöflun

Skriflegar beiðnir voru sendar sjóðnum þar sem óskað var eftir eftirfarandi gögnum.

Við vinnslu á kaflans var stuðst við eftirfarandi:

- Verklagsreglur og verklýsingar sem sjóðurinn var með varðandi gerð, afgreiðslu og meðferð afleiðna og afleiðusamninga.
- Undirritaða afleiðusamninga á skoðunartímabilinu (nokkrir samningar voru sýndir á fundi sem PwC átti með starfsmanni Spkef, sumir þeirra voru óundirritaðir).
- Undirritaðar framlengingar á samningum og kvittanir vegna greiðslu þóknana.
- Excel skjal þar sem haldið var utan um stöður samninga.
- Staðfestingar á því að þau verðbréf sem voru undirliggjandi í afleiðusamningum hafi verið keypt af hálfu sjóðsins.
- Upplýsingar um aðgerðir sjóðsins vegna útistandandi gjaldfallinna samninga og hvernig unnið var að lokun samninga.
- Upplýsingar um meðferð afleiðusamninga í bókhaldi sjóðsins.

Meðal þeirra gagna sem bárust voru:

- Verklagsreglur um framvirk hlutabréfakaup hjá sjóðnum, aðgengileg starfsmönnum sjóðsins frá maí 2008.
- Verklýsingar um framvirk hlutabréfakaup hjá sjóðnu aðgengileg starfsmönnum sjóðsins frá maí 2008.
- Mappa frá sjóðnum sem að sögn starfsmanns sjóðsins geymdi alla framvirka hlutabréfasamninga sem sjóðurinn hafði gert ásamt uppgjörum, framlengingum og öðrum fylgigögnum.
- Excel skjal sem hélt utan um samninga og samningsstöður sjóðsins.
- Listi frá sjóðnum yfir útistandandi stöður á samningum um framvirk hlutabréfaviðskipti við viðskiptavini sjóðsins. Um var að ræða stöður á ársfjórðungsfresti frá 31. desember 2007, sjá viðauka 2-A.

Fundað var með starfsmönnum sjóðsins varðandi atriði sem kröfðust nánari útskýringar.

Reglur

Ekki voru neinar innri reglur um afgreiðslu og meðferð framvirkra hlutabréfakaupa eða annarra afleiðna hjá sjóðnum á þeim tíma sem sjóðurinn stundaði þau viðskipti. Á árinu 2008 voru settar verklagsreglur og vinnulýsing á afgreiðslu framvirkra hlutabréfakaupa en ekki voru framkvæmd nein framvirk hlutabréfakaup eftir þann tíma. Því var stuðst við reglur um lánveitingar og ábyrgðir hjá sjóðnum ásamt reglum fyrir starfsmenn um útlánaheimildir en nánar fjallað um þær í kafla 3.1.

Verklag

Skoðuð var staða framvirkra verðbréfasamninga í uppgjörum sparisjóðsins 30. júní 2008, 31. desember 2008, 30. júní 2009, 31. desember 2009 og 22. apríl 2010. Skoðaðir voru samningar og uppgjör vegna framvirkra verðbréfasamninga hjá þeim aðilum sem höfðu opna eða ófrágengna samninga á tímabilinu 30. júní 2008 til 22. apríl 2010. Sérstaklega voru skoðuð afleiðuviðskipti við aðila á heildarlista PwC.

Umsögn

Engir nýir afleiðusamningar voru gerðir á skoðunartímabilinu 30. júní 2008 til 22. apríl 2010 en innan þess voru hinsvegar samningar sem voru enn útistandandi. Síðasti framvirki hlutabréfasamningurinn, samkvæmt lista sem sjóðurinn afhenti PwC, var gerður 8. október 2007 með gjalddaga 7. desember 2007. Nánari skoðun á samningum sjóðsins leiddi hinsvegar í ljós að áðurnefndur listi var ekki tæmandi.

Almennt var um að ræða fremur stutta samninga sem sumir hverjir spönnuðu þó yfir nokkra mánuði. Sjóðurinn virðist ekki hafa tekið nægilegt tillit til trygginga á bak við marga af þeim samningum sem til skoðunar komu og voru undirliggjandi bréf í mörgum tilvikum eina tryggingin.

Samkvæmt gögnum frá sjóðnum voru á skoðunartímabilinu tólf opnir eða óklaraðir afleiðusamningar við fimm viðskiptamenn sjóðsins þar sem undirliggjandi eignir voru hlutabréf. Staða sjóðsins í þessum samningum var jákvæð um 28 m.kr. við upphaf skoðunartímabilsins en stóð í 34,6 m.kr. við lok skoðunartímabilsins. Á tímabilinu var einum samningi lokað. Bókfært virði sjóðsins vegna þessara samninga nam 20 m.kr. þann 31. desember 2010. Að sögn starfsmanns hjá sjóðnum var aðeins veðandlagið eignfært en veðandlagið var að sögn starfsmannsins í öllum tilvikum innstæða á bankabók. Varð það þó ekki kannað sérstaklega af PwC.

Undirliggjandi hlutabréf í þeim samningum sem voru óklaraðir á skoðunartímabilinu voru í öllum tilvikum skráð hlutabréf í einhverju af eftirfarandi félögum: Exista, Glitnir, Kaupþing, Landsbankinn, Nordea Bank, Össur, Kaupþing SE, Icelandair, Straumur Burðarás, Bakkavör, NRK, Marel eða SPRON.

Óskað var eftir upplýsingum um með hvaða hætti framvirkir verðbréfasamningar hefðu verið færðir í bókhaldi sjóðsins. Svarið var að þeir hefðu verið bókaðir á aðalbókhaldslykil 136100 í útibúi 1109 (höfuðstöðvar). Skoðun á þeim reikningi sýndi að fyrsta hreyfing á honum var 31. desember 2008.

Eftirfarandi tafla sýnir þá samninga sem voru útistandandi samkvæmt lista frá sjóðnum.

Afleiðusamningar						
Nafn	Kennitala	Undirliggjandi bréf	Nafnverð	Samnings-dagur	Gjalddagi	Staða viðskiptavinar
Guðmundur Örn Óskarsson	210268-4649	Exista	117.000	27.08.2007	26.09.2007	-4.942.961
Guðmundur Örn Óskarsson	210268-4649	GLB	141.000	27.08.2007	26.09.2007	-4.798.301
Guðmundur Örn Óskarsson	210268-4649	KAUP	3.400	27.08.2007	26.09.2007	-4.792.756
Guðmundur Örn Óskarsson	210268-4649	LAIS	99.000	27.08.2007	26.09.2007	-4.784.127
JDK ehf.	460106-1840	NDASS	1.000	20.03.2007	12.03.2007	-571.305
Kjartan Páll Guðmundsson	070869-5439	NDASS	20.400	14.06.2007	12.09.2007	-14.456.744
Óskar Þór Sigurðsson	020948-7879	GLB	3.500	28.08.2007	27.09.2007	-118.138
Óskar Þór Sigurðsson	020948-7879	KAUP	85	28.08.2007	27.09.2007	-117.857
Óskar Þór Sigurðsson	020948-7879	LAIS	2.500	28.08.2007	27.09.2007	-120.976
Óskar Þór Sigurðsson	020948-7879	OSSR	1.800	28.08.2007	27.09.2007	58.176
						-34.644.989

Farið var yfir skjöl sem sjóðurinn bjó yfir tengd ofangreindum viðskiptavinum og við nánari skoðun kom í ljós að aðeins einn af ofangreindum samningum virtist vera til staðar hjá sjóðnum og var það samningur við JDK ehf. Nánar er fjallað um þann samning hér á eftir. Eftir frekari fyrirspurnir voru afhentir óundirritaðir samningar við Óskar Þór Sigurðsson og Guðmund Örn Óskarsson. Auk þess voru samningar Guðmundar og Óskars í sumum tilfellum með gjalddaga aftur í tímann. PwC fékk ekki eintak af samningi við Kjartan Pál Guðmundsson þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir.

Athugun var gerð á aðgerðum sjóðsins vegna útistandandi gjaldfallinna samninga. Ekkert lögfræðimál hefur verið höfðað vegna þessara samninga en elstu samningarnir eru rúmlega fjögurra ára gamlir en þeir yngstu rúmlega þriggja og hálfsárs gamlir. Farið hefur verið með samninga Guðmundar Arnar til meðferðar hjá lögfræðingi og að sögn starfsmanns hjá sparisjóðnum stendur til að láta aðra gjaldfallna útistandandi samninga fara sömu leið.

Við lok skýrslugerðar komu í ljós fleiri samningar sem voru opnir eftir 31. desember 2007 og hefðu því átt að vera á þeim lista sem sjóðurinn afhenti PwC (staða afleiðusamninga hjá sjóðnum frá 31.12.2007 á ársfjórðungsfresti) en voru það ekki. Í einhverjum tilvikum var um að ræða samninga eða framlengingar sem náðu fram á skoðunartímabilið og voru við aðila á heildarlista PwC. Má þar m.a. nefna samninga við Þröst Leósson sem var forstöðumaður hjá Sparisjóðnum í Keflavík. Í framhaldi af þessu var óskað eftir uppfærðum lista sem unninn var í tengslum við vinnu PwC yfir útistandandi stöður á samningum um framvirk hlutabréfaviðskipti við

viðskiptavini sjóðsins frá 31.12.2007. Sá listi barst ekki fyrir skýrsluskil en viðkomandi listi var grundvöllur að vinnu PwC.

Sérstaka skoðun fengu samningar við viðskiptavini sem voru á heildarlista PwC. Um var að ræða félagið JDK ehf. sem tengist starfsmönnum sjóðsins.

JDK ehf. er á heildarlista PwC sem félag fjárhagslega tengt tveimur fyrrverandi starfsmönnum sjóðsins þeim Garðari Má Newman forstöðumanni fyrirtækjasviðs og Kristni Ágústi Ingólfssyni, sérfræðingi í fjármála og fjárstýringu. Þess ber að geta að Kristinn sá um þennan málaflokk er PwC kannaði meðhöndlun afleiðuviðskipta.

Einn af þeim samningum sem er útistandandi eða óklárаður hjá sjóðnum er samningur við JDK um framvirk hlutabréfaviðskipti. Um er að ræða samning um 1.000 nafnverðshluti í Nordea Bank (NDA SS). Samningsdagur umræddс samnings er 20. mars 2007 en gjalddagi 12. mars 2007 sem hlýtur að vekja athygli þar sem um væri að ræða afturvirk hlutabréfakaup ef slíkt væri til. Við nánari fyrirgrenslan fannst tölvupóstur milli starfsmanna sjóðsins þar sem vísað er til viðkomandi samnings sem samnings til fjórtán daga, þannig að svo virðist sem um innsláttarvillu hafi verið að ræða. Samningurinn hefur engu að síður ekki verið gerður upp.

Ekki hafa fengist svör frá sjóðnum við spurningum er varða frekari meðhöndlun þessa samnings.

Niðurstöður verkþáttar

Til skoðunar voru réttmæti afleiðusamninga, utanumhald, uppgjör og regluumhverfi viðskipta með afleiður. Kannaðar voru fylgni við lög og reglur bæði er varða og ytri reglur, verklagsreglur sjóðsins og eðlilega starfshætti.

Eitt atriði var til skoðunar og er gerð grein fyrir meginatriðum niðurstaðna þess í eftirfarandi töflu:

2.1 Meðferð afleiðusamninga	✓	Athugasemd

2.1 Meðferð afleiðusamninga

Athugasemd

Engar verklagsreglur voru til staðar fyrr en eftir mitt ár 2008 er snúa að afleiðuviðskiptum. Flest öll þau viðskipti sem komu til skoðunar höfðu átt sér stað fyrir þann tíma og giltu engar sérstakar reglur um þau viðskipti annað en kemur almennt fram í útlánareglum. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi.

Verklagsreglur voru ekki til staðar fyrr en eftir að sjóðurinn hætti að stunda afleiðuviðskipti við viðskiptavini og því utanumhald og aðgerðir ómarkvissar, samningar hafa verið óuppgerðir svo mánuðum og jafnvel árum skiptir.

Engin skráning var á afleiðusamningum í kerfi, aðal utanumhald var í Excel skjali. Óljóst er hvernig samningar voru meðhöndlaðir í bókum sjóðsins meðan þeir voru opnir. Utanumhald yfir samninga var ekki skipulagt, samningar í einhverjum tilvikum ekki til staðar, öðrum tilvikum óundirritaðir og í einhverjum tilvikum með gjalddaga fyrir samningstíma.

Innheimtuaðferðir hafa ekki verið framkvæmdar vegna en útistandandi skulda og eru óuppgerðir samningar sem sumir eru rúmlega fjögurra ára gamlir og virðast ekki vera í sérstakri meðferð.

Sjóðurinn virðist ekki hafa tekið nægilegt tillit til trygginga á bak við marga af þeim samningum sem til skoðunar komu. Voru tryggingar í mörgum tilvikum aðeins undirliggjandi bréf.

Dæmi eru um afleiðuviðskipti meðal starfsmanna sjóðsins og eða félaga þeim tengdum. Ekki eru dæmi um sérstakar heimildir vegna viðskipta starfsmanna.

Ljóst er að með tilkomu nýrra upplýsinga í lok skoðunar er upphaflegur listi, móttekin af PwC, á engan hátt tæmandi við skoðun þessa verkþáttar. Því er

ekki hægt að fullyrða um heild gagnanna né heldur að tilhögun viðskipta hafi verið í raun með þeim hætti sem lýst er hér að ofan.

Yfirlit yfir viðauka með kaflanum:

- 2-A Útistandandi stöður á samningum um framvirk hlutabréfaviðskipti frá 31.12.2007

Umfjöllun um einstaka verkþætti

3. Útlán, ábyrgðir og aðrar skuldbindingar

Inngangur

Skoðun þessa verkþáttar beindist að því að greina breytingar á skilmálum, tryggingum og veðum útlána. Skoðunin náði einnig til ábyrgða og annarra skuldbindinga. Tímabil skoðunar PwC náði frá 30. júní 2008 til 23. apríl 2010. Um er að ræða þrjá þætti í verkbeiðni Fjármálaeftirlitsins (FME) sem sameinaðir eru í einn.

Aðilar til skoðunar

Skoðunin náði til allra þeirra aðila sem voru á heildarlista PwC, eins og gert er grein fyrir í inngangi skýrslunnar.

Atriði til skoðunar

Eftirfarandi atriði voru til skoðunar:

1. Útlánareglur og útlánaeftirlit.
2. Afstemmingar
3. Skilmálabreytingar.
4. Breytingar á tryggingum og veðum.
5. Ný lán á tímabilinu.
6. Yfirdrættir.
7. Ábyrgðir.
8. Starfsmannalán.
9. Endanlegar afskriftir útlána.
10. Fullnustueignir.
11. Stórar áhættuskuldbindingar.

Í viðauka 3-A má finna yfirlitskort yfir þá aðila sem töldust til 100 stærstu skuldara sjóðsins einhvern tíma á skoðunartímabilinu. Á yfirlitskortinu má sjá hvar stærstu skuldarar sjóðsins komu til skoðunar og umfjöllunar í kafla 3 um útlán, ábyrgðir og aðrar skuldbindingar.

Upplýsingaöflun

Eftirfarandi gögn voru notuð við skoðun í þessum kafla:

- Reglur um lánveitingar og ábyrgðir Sparisjóðsins í Keflavík frá 2005 og 2008.

- Öldu Agnesi Gylfadóttur, sérfræðing á fyrirtækjasviði.

Aðgangur að kerfum Sparisjóðsins í Keflavík:

- Spakur – Viðskiptavina og verkferlakerfi hannað af Teris sem var í notkun hjá Sparisjóðnum í Keflavík og síðar Spkef sparisjóð. Þar er haldið utan um útlánaupplýsingar og skjöl viðskiptavina sjóðsins. Spakur er einnig það viðmót sem starfsmenn nota til að breyta upplýsingum í Reiknistofu Bankanna.
- RB – Tölvukerfi á sviði bókhalds, inn- og útlána og annarra

Áreiðanleiki gagna

Öll yfirlit sem aflað var við vinnslu þessa kafla voru tekin saman af hinum ýmsu starfsmönnum Sparisjóðsins í Keflavík og starfsmönnum Teris. Það er ekki hægt að fullyrða að um sé að ræða tæmandi skoðun þar sem skoðun byggir á afhentum gögnum frá starfsmönnum, sem einnig störfuðu hjá Sparisjóðnum í Keflavík fyrir yfirtöku FME þann 23. apríl 2010. Áreiðanleiki könnunarinnar byggir því á að upplýsingar sem PwC hefur fengið séu fullnægjandi.

3.1. Útlánareglur og útlánaeftirlit

Reglur

Beiðni Fjármálaeftirlitsins til PwC var að skoða sérstaklega fylgni við innri reglur sjóðsins og almenn lög og reglur samanber fyrsta lið beiðnarinnar sem hljóðaði svo:

> *„Hvort vikið hafi verið frá innri reglum fjármálafyrirtækisins, lögum og reglum um starfsemi fjármálafyrirtækja, lögum um verðbréfaviðskipti svo og öðrum réttarheimildum sem varðað geta háttsemi þeirra einstaklinga og lögaðila sem athugunin beinist gegn."*

Eins og fram kemur í kafla um umfang könnunar var einkum horft til innri reglna um þá liði sem til skoðunar voru og þann lagaramma sem um þá gilti.

Hvað varðar almenn lög- og reglur þá er þar fyrst til að taka lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (gildandi útgáfur á tímabili til skoðunar, 30.6.2008 til og með 22. apríl 2010: 135a, 135b, 136a, 136b, 137 og 138a)

Í 17. gr. framangreindra laga nr. 161/2002 er fjallað um eftirlitskerfi með áhættu. Þar kemur eftirfarandi fram:

> *„Fjármálafyrirtæki skal á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við alla starfsemi sína. Hjá fjármálafyrirtæki skulu vera til staðar fullnægjandi og skjalfestir innri ferlar til að meta nauðsynlega stærð, samsetningu og innri dreifingu eiginfjárgrunns með hliðsjón af þeim áhættum sem starfsemin felur í sér hverju sinni. Innri ferlarnir skulu endurmetnir reglulega til að tryggja að þeir séu fullnægjandi með hliðsjón af eðli, umfangi og margbreytileika starfseminnar."*

Hjá Sparisjóðnum í Keflavík voru í gildi tvennar reglur um útlán. Annars vegar var um að ræða Reglur um lánveitingar og ábyrgðir Sparisjóðsins í Keflavík frá árinu 2005 og breytt í október 2008 með samþykki stjórnar sjóðsins. Hins vegar var um að ræða útlánaheimildir, reglur fyrir starfsmenn um útlánaheimildir í umboði og á ábyrgð sparisjóðsstjóra. Þær reglur eru upphaflega frá 2005 en virðist hafa verið breytt í október 2008 án þess að það hafi verið samþykkt í stjórn sjóðsins. Eintak af reglunum afhent PwC var óundirritað.

Í október 2008 voru samþykktar reglur hjá sjóðnum um framkvæmd áhættustýringar. Var með því verið að bregðast við ábendingum frá Fjármálaeftirlitinu um að ekki væru til staðar neinar formlegar innri reglur eða ferlar um áhættustýringu. Reglunum er ætlað að lýsa fyrirkomulagi áhættustýringar hjá Sparisjóðnum í Keflavík. Í umfjöllun um útlánaáhættu kemur fram að til að stýra henni setji stjórn sérstakar lánareglur um lánveitingar og ábyrgðir og ákvarðar lánastefnu sparisjóðsins. Stjórnin hafi

eftirlit með lánamálum og ákvarðar útlánaheimildir sjóðsins. Áhættustýring skal annast eftirlit með öllum þáttum útlána, lánveitingum, tryggingum, samsetningu lánasafns og innheimtu. Innri endurskoðun skal sinna eftirliti og ráðgjöf við ferli lánveitinga í samræmi við starfsreglur og gefur sérstakar skýrslur til stjórnar um útlán og útlánaáhættu. Forstöðumaður áhættustýringar og innri endurskoðandi skulu gera stjórn viðvart ef framkvæmd lánamála er ekki í samræmi við lánastefnu og lánareglur. Undir efnisgrein sem fjallar um eftirlit segir að reglubundið skuli fylgjast með útlánaáhættu. Mánaðarlega skuli vinna lánaskýrslur sem innihaldi m.a. yfirlit yfir dreifingu útlána, vanskil og einstök lán. Áhættustýring skal, samkvæmt reglunum, reglulega gera skýrslur til yfirstjórnar um útlánaáhættu. Jafnframt skuli áhættustýring hafa frumkvæði að því að greina yfirstjórn frá ef um skyndilega breytingu er að ræða á endurgreiðsluhæfi einstakra stærri skuldara eða einstakra hópa útlána.

Í október 2008 voru einnig samþykktar reglur um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra. Í 19. gr. þeirra reglna kemur fram að stjórn skuli setja, að fengnum tillögum frá sparisjóðsstjóra, reglur um viðskipti starfsmanna við sparisjóðinn. Einnig er kveðið á um að starfsmönnum sparisjóðsins sé óheimilt að gerast umboðsmenn annarra gagnvart sparisjóðnum. Í 21. gr. um þátttöku sparisjóðsstjóra í atvinnurekstri kemur fram að sparisjóðsstjóra sé óheimilt að sitja í stjórn atvinnufyrirtækis eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti. Stjórnin getur þó veitt heimilt til þess með því að setja sérstakar reglur sem FME staðfestir. Stjórnin getur hins vegar heimilað sparisjóðsstjóra að sitja í stjórn dóttur- og hlutdeildarfélaga. Í 22 gr. um lánveitingu til sparisjóðsstjóra kemur fram að samningar sjóðsins um lán, ábyrgðir, kauprétt eða sambærileg viðskipti við sparisjóðsstjóra séu háðir samþykki stjórnar. Sparisjóðsstjóra sé auk þess óheimilt að gangast í ábyrgð fyrir aðra gagnvart sparisjóðnum eða gerast umboðsmaður þeirra gagnvart sjóðnum. Ákvæði þessi gildi einnig um maka sparisjóðsstjóra og aðra aðila tengda honum. Fjallað er um viðskiptaerindi stjórnarmanna í 28. gr. reglnanna. Þar kemur fram að viðskiptaerindi stjórnarmanna og fyrirtækja sem þeir eru í forsvari fyrir skuli lögð fyrir stjórn sparisjóðsins til samþykktar eða synjunar.

Í ágúst 2005 voru samþykktar siðareglur fyrir Sparisjóðinn í Keflavík og starfsmenn hans. Þar segir að starfsmenn skuli ekki taka þátt í meðferð mála er varða viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja eða einstaklinga sem þeir séu fjárhagslega tengdir. Starfsmönnum er auk þess óheimilt að afgreiða sjálfa sig og maka sína hjá sparisjóðnum og aðila sem þeir tengjast fjárhagslega. Starfsmenn mega ekki gangast í ábyrgð fyrir viðskiptamenn sparisjóðsins. Um vanskil segir að starfsmenn sparisjóðsins eða makar þeirra skuli ekki vera í vanskilum við sparisjóðinn. Séu horfur á því að starfsmaður lendi í vanskilum skal hann hafa samband við sparisjóðsstjóra eða staðgengil hans og leggja drög að frágangi vanskila.

Athygli vakti að ekkert er fjallað um skilmálabreytingar í útlánareglum sjóðsins. Auk þess voru ekki í gildi neinar reglur um framlög í afskriftarreikning eða endanlegar afskriftir útlána á skoðunartímabilinu. PwC fékk afhent eintak af starfsreglum afskriftarnefndar en þær voru dagsettar 3. maí 2010 sem er eftir lok skoðunartímabilsins.

Verklag

Markmið með þessari skoðun var að yfirfara reglur sjóðsins sem tengjast útlánum og útlánaeftirliti og öðlast með því heildaryfirsýn yfir regluverk sjóðsins varðandi útlán.

Einnig var reynt að leggja mat á gæði þeirra lánareglna sem fyrir lágu og hver virkni þeirra var í starfsemi sjóðsins. Í því sambandi voru skoðaðar fundargerðir lánanefndar og fundargerðir stjórnar. Einnig voru skoðaðar skýrslur og minnisblöð innri endurskoðanda. Óskað var eftir upplýsingum um nefndir á sviði áhættustýringar, minnisblöð og önnur fylgigögn en samkvæmt svari frá fyrrverandi regluverði Spkef sparisjóðs þá voru engin slík gögn til innan sjóðsins. Í skýrslu innri endurskoðanda um áhættustýringu frá því í nóvember 2009 kom þó fram að starfsmaður áhættustýringar geri eftirfarandi skýrslur mánaðarlega: stærstu skuldarar, skuldir og vanskil, vanskilasamanburður og aldursgreining vanskila.

Umsögn

Lánanefnd og útlánaheimildir

Samkvæmt reglum um lánveitingar og ábyrgðir Sparisjóðsins í Keflavík bar sparisjóðsstjóra við allar ákvarðanir um útlán og ábyrgðir og við mótun útlánastefnu og setningu lánareglna innan sparisjóðsins að hafa heildarstefnu og langtímahagsmuni sjóðsins að leiðarljósi. Bar sparisjóðsstjóri ábyrgð á útlánum og ábyrgðaveitingum sjóðsins. Samkvæmt 1. gr. reglna um lánveitingar og ábyrgðir skulu ákvarðanir um útlán og ábyrgðir til aðila sem flokkast undir stórar áhættuskuldbindingar, þ.e. hafa skuldbindingar umfram 10% af eiginfjárgrunni sjóðsins, kynntar fyrir stjórn sparisjóðsins á næsta fundi þar á eftir. Sparisjóðsstjóri þarf hins vegar að leita samþykkis stjórnar fyrir lánveitingum sem fara yfir 15% af eigin fé sparisjóðsins.

Útlánaheimildir sparisjóðsstjóra				
m.kr.	30.06.2008	31.12.2008	30.06.2009	31.12.2009
Eiginfjárgrunnur Sparisjóðsins	9.888	9.229	3.364	2.997
Útlánaheimildir sparisjóðsstjóra (15%)	1.483	1.384	505	450

Eins og sjá má á töflunni hér á undan er ljóst að útlánaheimildir sparisjóðsstjóra Sparisjóðsins í Keflavík hafa verið mjög rúmar. Þannig er ljóst að fram yfir lok árs 2008 hafði sparisjóðsstjóri yfir 1.300 m.kr. í útlánaheimild. Þetta er einnig athyglisvert í ljósi stöðu lánanefndar innan sjóðsins. Í 4. gr. reglna um útlánaheimildir fyrir starfsmenn kemur fram að í Sparisjóðnum í Keflavík starfi lánanefnd sem skuli fjalla um lánaákvarðanir annarra en sparisjóðsstjóra. Því ákvæði virðist hafa verið bætt inn í

reglurnar á haustdögum 2008, sjá viðauka 3-B, eftir að sparisjóðurinn hafði farið yfir athugasemdir FME um útlánareglur sjóðsins. Staða lánanefndar veiktist því við þessa breytingu þar sem hér með var komið í veg fyrir að öll stærri lánamál þyrftu að fara fyrir lánanefnd óháð yfirferð sparisjóðsstjóra. Breytingar á reglunum voru lagðar fyrir stjórn til kynningar í lok september 2008 ekki er fjallað um það í fundargerðum stjórnar að þessar reglur hafi verið samþykktar þar. Samkvæmt reglunum hafði engin starfsmaður sjóðsins fyrir utan sparisjóðsstjóra heimild til að samþykkja lán yfir 25 m.kr.

Við skoðun á fundargerðum lánaefnda kom í ljós að þær voru oft frekar rýrar og stundum einungis til handskrifað eintak og umfjöllun einungis í punktaformi, sjá dæmi í viðauka 3-C. Í lok skoðunartímabilsins virðist sem gerð hafi verið einhver bragarbót á ritun fundargerða, sjá viðauka 3-D, en þó virðist t.d. ekkert fjallað um skoðanaskipti nefndarmanna. Svipaða sögu er að segja um þau fylgigögn sem lögð voru fyrir nefndina. Í mörgum tilfellum er einungis um að ræða einnar blaðsíðu handskrifaða lánsumsókn með frekar takmörkuðum upplýsingum, sjá viðauka 3-E.

Athygli vakti að fulltrúi áhættustýringar virðist ekki hafa setið fundi lánanefndar eftir að Jón Axelsson forstöðumaður áhættustýringar lét af störfum og Guðmundur Páll Hreggviðsson tók við, en hann var ráðinn 1. janúar 2009. Þetta gengur gegn 4 gr. reglna um útlánaheimildir en þar segir að lánanefnd skuli skipuð forstöðumanni áhættustýringar, án atkvæðisréttar, auk sparisjóðsstjóra, fulltrúa hans og forstöðumanni fjárstýringar. Á þetta er bent í skýrslu innri endurskoðanda sparisjóðsins um starfsemi lánanefndar sem dagsett er 4. febrúar 2010, sjá viðauka 3-F. Í skýrslunni bendir innri endurskoðandi einnig á að í Spak mætti merkja aðgerðir með „fyrir hönd" sparisjóðsstjóra í stað þess að nota yfirstýringu í Spak. Þannig fengi sparisjóðsstjóri alltaf tilkynningu um þegar starfsmenn færu yfir sína útlánaheimild og væru að skrá lánveitingu í umboði sparisjóðsstjóra. Einnig bendir innri endurskoðandi á að starfsmenn lánanefndar eigi að geta valið að lán sé gert fyrir hönd lánanefndar í Spak en samkvæmt starfsmanni sjóðsins virðist það ekki hafa verið hægt fram að því.

Í skýrslu innri endurskoðunar fyrir árið 2008 kemur fram að í könnun sem innri endurskoðandi gerði á samþykktum lánanefndar hafi komið í ljós að margar lánveitingar yfir 70 m.kr. hafi ekki farið fyrir lánanefnd. Er það ítrekað í skýrslunni að mikilvægt sé að öll mál sem eigi að fara fyrir lánanefnd séu tekin þar fyrir og að hægt sé að rekja það í fundargerðir lánanefndar. Þetta torveldaði auk þess áhættustýringu að fylgjast með útlánum sjóðsins. Skýrslan var kynnt fyrir stjórn sjóðsins í apríl 2009.

Fram kemur í skýrslu innri endurskoðanda um lánanefnd sem dagsett er 4. febrúar 2010 að á árinu 2009 hafi lánanefnd samþykkt 16 yfirdráttarheimildir, 5 skuldabréfalán og 2 skilmálabreytingar. Endurspeglar það vel hversu veika stöðu lánanefndin hafði innan sjóðsins. Bendir innri endurskoðandi einnig á að ekki sé fjallað um það í lánanefnd þegar

erlendum lánum er breytt í íslenskar krónur sem í eðli sínu sé ný lánveiting þar sem nýr lánasamningur er gerður. Skýrslan virðist ekki hafa verið tekin fyrir í stjórn sjóðsins fyrir yfirtöku FME í apríl 2010.

Reglur um tryggingar

Í reglum um lánveitingar og ábyrgðir Sparisjóðsins í Keflavík kemur fram í 5 gr. að sparisjóðsstjóri setji reglur um útlán og ábyrgðir. Ennfremur segir að þar skuli skýrt kveðið á um hvernig meta skuli áhættu og greiðslugetu, hvers konar tryggingar séu teknar gildar og hvernig eigi að meta þær. Í 2. gr. reglna um útlánaheimildir fyrir starfsmenn er síðan fjallað nánar um þetta. Þar segir að til grundvallar ákvörðunum um útlán skuli jafnan liggja viðskiptalegar ástæður. Þar sem veðtrygginga sé krafist skuli þær jafnan vera í auðseljanlegum verðmætum. Útlán sem veitt séu til lengri tíma en 5 ára skuli að jafnaði vera með tryggingum sem séu verðmeiri en skuldin sjálf. Verður að teljast athyglisvert að ekki sé kveðið fastar að orði varðandi skilyrði um tryggingar. Það vekur einnig athygli að í útlánareglum sjóðsins skuli ekki að finna nein ákvæði sem takmarki lánveitingar til aðila með neikvætt eigið fé, neikvætt sjóðsstreymi eða aðila sem þegar eru með afskriftarframlag hjá sjóðnum.

Í skýrslu innri endurskoðunar fyrir árið 2008 kemur fram að hjá sjóðnum séu í gildi tryggingareglur sem séu gamlar. PwC fékk ekki eintak af þessum reglum þrátt fyrir gagnabeiðni um regluverk sjóðsins. Samkvæmt skýrslu innri endurskoðanda þá sést í tryggingareglunum við hvaða veðsetningarhlutföll á að miða við fyrir fasteignir. Engin viðmið séu hins vegar sett um veðsetningarhlutföll hlutabréfa eða stofnfjárbréfa, auk þess séu engar reglur um tryggingar að baki óhefðbundnum lánum sem fara fyrir lánanefnd.

Lánveitingar til stjórnarmanna og venslaðra aðila

Þrátt fyrir að 28. gr. reglna um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra kveði á um að viðskiptaerindi stjórnarmanna og fyrirtækja sem þeir eru í forsvari fyrir skuli lögð fyrir stjórn sparisjóðsins eru dæmi um að slíkt hafi ekki verið gert og er nánar fjallað um það síðar í kafla 3. Athygli vekur að ekkert kemur hins vegar fram í reglum sjóðsins um að lán til venslaðra aðila þurfi að vera samþykkt í stjórn sjóðsins. Ljóst er að þegar kemur fram á seinni hluta árs 2009 höfðu útlánaheimildir sparisjóðsstjóra lækkað umtalsvert þar sem eiginfjárgrunnur sjóðsins var einungis orðin um 3,3 ma.kr. Það hefði þýtt að allar lánaákvarðanir yfir 500 m.kr. hefðu þurft samþykki stjórnar. Hins vegar virðist ljóst eftir skoðun á lánaákvörðunum frá þessum tíma að þær fóru almennt ekki fyrir stjórn sjóðsins þó þær væru yfir 500 m.kr. Í reglum um lánveitingar og ábyrgðir segir í 1 gr. að ákvörðun um útlán yfir 10% af eiginfjárgrunni beri að kynna fyrir stjórn sparisjóðsins á næsta fundi þar á eftir. Það virðist ekki hafa verið gert samkvæmt fundargerðum stjórnar.

Úttektir innri endurskoðanda á útlánum starfsmanna

Innri endurskoðandi sparisjóðsins virðist hafa farið reglulega yfir skuldir og vanskil starfsmanna sjóðsins en í siðareglum sjóðsins segir að starfsmenn og makar þeirra eigi ekki að vera í vanskilum við sjóðinn, sjá viðauka 3-G. Í athugun innri endurskoðanda á skuldum og vanskilum starfsmanna í lok maí 2009 kemur fram að alls hafi 122 starfsmenn og makar verið með skuldir við sjóðinn samtals að fjárhæð 1,8 ma.kr. Hæstu skuldarar á þeim tíma voru Halldór Sigfússon með 184 m.kr. og Björn Líndal Traustason með 176 m.kr. Við skoðun á vanskilum kom fram að Ágústa Linda Bjarnadóttir og maki hennar voru með samtals 4.7 m.kr. í vanskilum með elsta gjalddaga 15. júní 2008. Þar á eftir kom Anna Guðmundsdóttir sem var með 2,7 m.kr. í vanskilum og elsta gjalddaga þann 4. febrúar 2008. Voru helstu niðurstöður þessarar athugunar lagðar fyrir stjórn í júlí 2009. Í samskonar úttekt á stöðu í lok ágúst 2009 kom fram að 131 starfsmaður var samtals með rúmlega 1,5 ma.kr. í skuld hjá sjóðnum. Í mars 2010 gerði innri endurskoðandi aftur úttekt á skuldum starfsmanna miðað við 31. janúar 2010. Kom fram að elstu og jafnframt hæstu vanskilin væru hjá Guðnýju Magnúsdóttur sem væri með vanskil frá 2. desember 2008 í formi visa skuldar. Hæstu vanskil milli hjóna voru rúmlega 4,9 m.kr. hjá Ágústu Lindu Bjarnadóttur og eiginmanni hennar Pétri Daníelssyni. Taldi innri endurskoðandi mikilvægt að bjóða starfsfólki úrræði við vanskilum, sérstaklega ef vanskilin hefðu varað í langan tíma. Niðurstöður úttektarinnar virðast ekki hafa verið lagðar fyrir stjórn sjóðsins fyrir yfirtöku FME.

Úttektir á stærstu skuldurum og vanskilaaðilum

Í júlí 2009 skoðaði innri endurskoðandi tíu stærstu skuldara sjóðsins og tryggingarstöðu þeirra auk þess að skoða 10 stærstu vanskilendur og tryggingastöðu þeirra miðað við stöðu 31. maí 2009, sjá viðauka 3-H. Einnig voru ný útlán á árinu 2009 til skoðunar. Var um að ræða 5 blaðsíðna skýrslu. Samkvæmt helstu niðurstöðum skýrslunnar voru nokkur fyrirtæki sem voru meðal stærstu vanskilaaðila komin með meira en 90 daga vanskil og töldust því í greiðsluerfiðleikum. Vakti það athygli innri endurskoðanda hversu lítill hluti vanskila væri í lögfræðiinnheimtu. Að auki benti hann á að einstaka aðilar væru með mjög slæma tryggingastöðu. Voru helstu niðurstöður skoðunarinnar kynntar stjórn sparisjóðsins í júlí 2009. Engin viðbrögð voru bókuð að hálfu stjórnar.

Niðurstöður verkþáttar

Markmið með þessari skoðun var að yfirfara reglur sjóðsins sem tengjast útlánum og útlánaeftirliti og öðlast með því yfirsýn yfir regluverk sjóðsins varðandi útlán.

3.1 Útlánareglur og útlánaeftirlit	✓	Athugasemd

3.1 Útlánareglur og útlánaeftirlit

Athugasemd

Við yfirferð á útlánareglum sjóðsins kom í ljós að ekkert er fjallað um skilmálabreytingar í þeim. Ekki voru í gildi á skoðunartímabilinu neinar reglur um framlög í afskriftarreikning. Athygli vakti hve rúmar útlánaheimildir sparisjóðsstjóra voru en hann hafði heimild til að veita lán sem voru allt að 15% af eiginfjárgrunni sjóðsins. Þetta er einnig athyglisvert í ljósi stöðu lánanefndar innan sjóðsins. Í 4. gr. reglna um útlánaheimildir fyrir starfsmenn kemur fram að í Sparisjóðnum í Keflavík starfi lánanefnd sem skuli fjalla um lánaákvarðanir annarra en sparisjóðsstjóra. Því ákvæði virðist hafa verið bætt inn í reglurnar á haustdögum 2008 eftir að sparisjóðurinn hafði farið yfir athugasemdir FME um útlánareglur sjóðsins. Staða lánanefndar veiktist því við þessa breytingu þar sem hér með var komið í veg fyrir að öll stærri lánamál þyrftu að fara fyrir lánanefnd óháð yfirferð sparisjóðsstjóra.

Fundargerðir lánanefndar voru auk þess mjög rýrar á því tímabili sem var til skoðunar. Eftir að nýr starfsmaður tók við starfi forstöðumanns áhættustýringar í byrjun árs 2009 virðist engin fulltrúi áhættustýringar hafa átt sæti í lánanefnd. Gengur það gegn 4. gr. reglna um útlánaheimildir sem segir nefndin skuli auk annarra skipuð forstöðumanni áhættustýringar. Veik staða lánanefndar endurspeglast vel í því að á árinu 2009 voru samþykktar alls 16 yfirdráttarheimildir, 5 skuldabréfalán og 2 skilmálabreytingar í nefndinni.

Bent er á að ákvæði um tryggingar í útlánareglum sjóðsins eru veik. Þar segir m.a. að jafnan skuli liggja viðskiptalegar ástæður fyrir ákvörðunum um útlán. Þar segir einnig að sé veðtrygginga krafist skuli þær jafnan vera í auðseljanlegum verðmætum og að útlán til lengri tíma en 5 ára skuli að jafnaði vera með tryggingum sem séu verðmeiri en skuldin sjálf. Engar takmarkanir eru settar í reglunum um lánveitingar til aðila með neikvætt eigið fé, neikvætt sjóðsstreymi eða til þeirra sem eru með afskriftarframlag hjá sjóðnum. Engin ákvæði eru í útlánareglum sjóðsins um að lánveitingar til venslaðra aðila skuli samþykktar í stjórn sjóðsins. Þrátt fyrir að eiginfjárgrunnur sjóðsins hafi lækkað umtalsvert á skoðunartímabilinu og

þar af leiðandi hlutfallslegar útlánaheimildir, þá virðist það ekki hafa orðið til þess að ákvarðanir um útlán sem hefðu þurft samþykki stjórnar hafi verið tekin þar fyrir.

Í siðareglum sjóðsins segir að starfsmenn sjóðsins eigi ekki að vera í vanskilum við sjóðsins. Engin úrræði eða eftirfylgni virðast þó hafa fylgt þessu ákvæði. Samkvæmt úttektum innri endurskoðanda voru nokkur dæmi um vanskil meðal starfsmanna. Nánar fjallað um lán til starfsmanna í kafla 3.8.

Yfirlit yfir viðauka með kaflanum:

- 3-A Yfirlit yfir umfjöllun um stærstu skuldara sjóðsins.
- 3-B Útlánaheimildir, reglur fyrir starfsmenn um útlánaheimildir.
- 3-C Fundargerð lánanefndar 05.09.2008.
- 3-D Fundargerð lánanefndar 03.02.2010.
- 3-E Lánaumsókn fyirr lánanefnd 22.08.08.
- 3-F Skýrsla innri endurskoðanda um lánanefnd
- 3-G Siðareglur fyrir Sparisjóðinn í Keflavík og starfsmenn hans.
- 3-H Skýrsla innri endurskoðanda um stærstu skuldara og vanskilendur.

3.2. Afstemmingar

Reglur

Í kafla 3.9 um endanlegar afskriftir útlána og afskriftarreikning útlána er vísað í reglur Sparisjóðsins í Keflavík um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra frá 28. október 2008, nánar tiltekið í 10. greinina sem fjallar um reglubundin verkefni stjórnarfunda. Þar er kveðið á um hvaða mál skuli fjalla um og/eða taka fyrir á fundum stjórnar. Í tilvitnuðum reglum kemur fram að á stjórnarfundum skuli taka fyrir útlánaskýrslu sem meðal annars á að innihalda yfirlit yfir vanskil og tillögur að endanlegum afskriftum og að auki skuli mánaðarlega fjalla um vanskil einstaklinga og fyrirtækja.

Í sama kafla nr. 3.9 um endanlegar afskriftir útlána og afskriftarreikning útlána er einnig vísað í reglur sparisjóðsins um lánveitingar og ábyrgðir er lúta að framlögum í afskriftarreikning útlána og framlagningu upplýsinga um endanlegar afskriftir útlána. Í 9. grein reglnanna segir að stjórn sparisjóðsins skuli gerð grein fyrir framlögum í afskriftarreikning útlána og stöðu hans og leggja fram yfirlit yfir endanlegar afskriftir útlána.

Í kafla 3.7 um ábyrgðir er einnig vísað í reglur sparisjóðsins um lánveitingar og ábyrgðir en í því tilviki í 6. greinina þar sem kveðið er á um að sparisjóðsstjóri skuli á stjórnarfundum gera grein fyrir breytingum á heildarlánveitingum, ábyrgðum þar með töldum.

Verklag

Sökum mikilvægi þess að framsettir útlánalistar væru í samræmi við bókhald sjóðsins var markmiðið með þessari skoðun að tryggja eins og frekast var kostur réttmæti móttekinna gagna. Þeir liðir sem falla hér undir eru heildarútlán, afskriftarreikningur útlána, endanlegar afskriftir útlána og útgefnar ábyrgðir. Ýmist var horft á rekstrarárin 2008 og 2009 og tímabilið 1. janúar til 22. apríl 2010 eða viðmiðunardagsetningarnar 30. júní og 31. desember 2008 og 2009 sem og 22. apríl 2010.

Umsjón gagnaöflunar var á hendi regluvarðar og síðar innri endurskoðanda Spkef sparisjóðs.

Mótteknir listar voru bornir saman við prófjöfnuði og/eða ársreikninga til að ganga úr skugga um réttmæti listanna, greina frávik og leita leiðréttinga á mótteknum listum.

Umsögn

Venjulega liggja ekki fyrir skriflegar reglur um afstemmingar í bókhaldi. Hins vegar er almenna reglan sú að eftir hvern árs- og árshlutareikning ættu afstemmingar að liggja fyrir yfir alla eigna og skuldaliði sem og rekstrarliði eftir því sem þurfa þykir og þá ekki síst þá rekstrarliði sem stjórn sparisjóðsins á samkvæmt reglum sparisjóðsins að fjalla reglulega um.

Hér á eftir verður fjallað sérstaklega um hvern þátt afstemmingar sem kom til skoðunar.

Heildarútlán

Heildarútlán voru borin saman við stöðu í prófjöfnuði þann 22. apríl 2010 og 31. desember 2009.

Prófjöfnuðir sparisjóðsins á viðmiðunardagsetningu voru bornir saman annars vegar við drög að ársreikningi sparisjóðsins 2009 og hins vegar áætlaðan skiptiefnahagsreikning sparisjóðsins þann 22. apríl 2010. Jafnframt voru prófjöfnuðirnir bornir saman við útlánalista sparisjóðsins á sama tíma.

Við samanburðinn kom fram ósamræmi útlánalista á milli tveggja tímabila. Vart þarf að tíunda mikilvægi þess að framlögð gögn séu samanburðarhæf og að samræmis sé gætt. Öðruvísi er ekki hægt að tryggja að lesendur framlagðra gagna horfi á liði sem hægt er að bera saman á milli tímabila.

Drög að ársreikningi sparisjóðsins 2009 og áætlaður skiptiefnahagsreikningur þann 22. apríl 2010 voru í samræmi við prófjöfnuði á sömu tímapunktum. Vandamálið var hins vegar samanburður á útlánalistum við prófjöfnuði þar sem ekki var samræmi á milli og afar tímafrekt að koma saman.

Eftirfarandi tafla sýnir afstemmingu útlána við prófjöfnuð 22. apríl 2010.

Afstemming útlánalista við prófjöfnuð 22. apríl 2010	
Útlánalisti	
Niðurstaða útlánalista afhent PwC, nettó	62.612.805.297
Liðir á útlánalista sem ekki teljast til útlána	(101.588.684)
Leiðréttingar á varúðarniðurfærslu í útlánalista, nettó hækkun	(34.589.896)
Samtals	**62.476.626.717**
Prófjöfnuður 22. apríl 2010	
Staða útlána samkvæmt efnahagsreikningi/prófjöfnuði	68.050.711.491
Útlán utan útlánakerfa, ekki á útlánalista	(14.387.608)
Markaðsverðbréf, íbúðabréf	(5.731.808.090)
Lotun lántökugjalda utan útlánalista	164.650.532
Bakfærðar vaxtatekjur (kerfisfærslur), ekki á útlánalista, nettó	50.225.138
Afleiður utan útlánalista	(20.130.017)
Aðrir liðir utan útlánalista	(467.276)
Samtals	**62.498.794.170**
Óútskýrð frávik	**(22.167.453)**
Hlutfallsleg frávik	**-0,04%**

Eftirfarandi tafla sýnir afstemmingu útlána við prófjöfnuð 31. desember 2009.

Afstemming útlánalista við prófjöfnuð 31. desember 2009	
Útlánalisti	
Niðurstaða útlánalista afhent PwC, brúttó	80.644.270.192
Keypt hlutabréf í Bláa lóninu (lækka útlán)	(1.008.768.650)
Eftirtalin útlán vantaði inn á útlánalista:	
Fossvogshylur ehf	633.268.783
Carta Capital, vantaði að hluta	202.911.003
Kista-fjárfestingarfélag ehf, innleyst ábyrgð	855.289.436
Aðrar innleystar ábyrgðir	32.587.849
Samtals	**81.359.558.613**
Prófjöfnuður 31. desember 2009	
Staða útlána samkvæmt efnahagsreikningi/prófjöfnuði	69.930.815.080
Afskriftarreikningur útlána, ekki á útlánalista	19.153.910.101
Kreditkort, ógjaldfallin á útlánalista umfram stöðu bókhalds	149.674.293
Útlán utan útlánakerfa, ekki á útlánalista	(11.669.117)
Markaðsverðbréf, íbúðabréf	(8.197.055.158)
Lotun lántökugjalda utan útlánalista	98.008.114
Afleiður utan útlánalista	(20.130.017)
Aðrir liðir utan útlánalista	375.177
Samtals	**81.103.928.473**
Óútskýrð frávik	**255.630.140**
Hlutfallsleg frávik	**0,31%**

Ofangreindar afstemmingar útlánalista við prófjöfnuði skýra sig sjálfar en þó eru nokkrir liðir sem vert er að vekja athygli á.

Í afstemmingu útlánalista við prófjöfnuð í árslok 2009 eru listaðir upp nokkrir aðilar sem vantaði inn útlánalistann.

- Innleystar ábyrgðir eru á útlánalista þann 22. apríl 2010 og hefðu að sama skapi átt að vera sundurliðaðar inn á útlánalista í árslok 2009.

- Þó svo að Fossvogshylur sé að fullu inni á afskriftarlista útlána á þessum tíma þarf krafan engu að síður að koma fram á útlánalista.

- Skuldabréf á Carta Capital eru að hluta í útlánkerfi sparisjóðsins, þ.e.a.s. sá hluti skuldabréfanna sem upphaflega kemur frá Sparisjóði Vestfirðinga og Sparisjóði Húnaþings og Stranda og átti sér stað fyrir sameiningu við Sparisjóðinn í Keflavík. Sparisjóðurinn í Keflavík bókaði sinn hluta hins vegar í upphafi á sértakan eignalykil á meðal útlána í bókhaldi og hefur haldið þeim eignarhlut utan útlánakerfis. Við samantekt á útlánalista er þetta einn liður af fleirum sem þarf að handfæra inn á listann.

Allar handfærðar leiðréttingar inn á tölvukeyrða lista eru hættulegar í þeim skilningi að auðvelt er að gleyma einhverjum liðum. Gátlisti við slíka vinnu er því nauðsynlegur ef á annað borð er verið að handleiðrétta tölvukeyrða lista sem þennan.

Einnig er vakin athygli á mismunandi meðhöndlun afskriftarreiknings gagnvart mótteknum útlánalistum. Afskriftarreikningurinn er færður til lækkunar á útlánalista þann 22. apríl 2010 í sér dálk og því hægt um vik fyrir lesanda að sjá varúðarniðurfærslu einstakra útlána. Á útlánalista í árslok 2009 er afskriftarreikningur hins vegar ekki tekinn með sem þá dregur úr mikilvægi listans fyrir lesanda og þá um leið samanburðarhæfni við önnur tímabil.

Afskriftarreikningur útlána

Afskriftarreikningur útlána (varúðarniðurfærsla) var borinn saman við stöðu í prófjöfnuði þann 22. apríl 2010 og 31. desember 2008 og 2009.

Framan af gekk erfiðlega að afla gagna yfir afskriftarreikninga útlána á viðmiðunardagsetningum og þá sérstaklega afstemmdum við prófjöfnuði. Í upphafi barst listi yfir afskriftarreikning útlána miðað við 22. apríl 2010 þar sem almennri niðurfærslu hafði verið blandað saman við þá sértæku. Það var þó ekki fyrr en komið var fram yfir miðjan mars mánuð sem PwC barst ný tölvuskrá yfir afskriftarreikning útlána þann 22. apríl 2010 þar sem almenna niðurfærslan var auðgreinanleg frá þeirri sértæku. Í kjölfarið eða í lok 11. viku og í upphafi þeirrar 12. barst síðan afskriftarreikningur útlána í árslok 2008 og 2009 í tengslum við afstemmingu á endanlegum afskriftum útlána.

Niðurstaða afskriftarreiknings útlána í árslok 2008 er í samræmi við prófjöfnuð sparisjóðsins á sama tíma og einnig í samræmi við ársreikning Sparisjóðsins í Keflavík fyrir árið 2008.

Við samanburð á afskriftarreikningi útlána í árslok 2009 við prófjöfnuð á sama tíma kom fram ósamræmi sem nam 342 m.kr. sem leiddi til hækkunar á afskriftarreikningnum úr 18.812 m.kr. í 19.154 m.kr.

Í drögum að ársreikningi sparisjóðsins fyrir árið 2009, nánar tiltekið í skýringu nr. 19 um útlán og kröfur, er staða afskriftarreikningsins einungis 18.812 m.kr. eða í samræmi við framlagðan afskriftarlista fyrir leiðréttingu. Skýringu 19 í ársreikningi ætti því einnig að leiðrétta.

Misræmið liggur í 3 bókhaldslyklum sem greinast þannig:

- Afföll af yfirteknu útláni að fjárhæð 68 m.kr. Sparisjóðurinn átti aðra kröfu á sama aðila. Að sögn starfsmanns sparisjóðsins er sjóðurinn að vinna með lántakanda að lausn á skuldavanda lántakandans.

Starfsmaður sparisjóðsins var því sammála að líta bæri á afföllin í þessu tilviki sem niðurfærslu.

- Niðurfærsla á útlánum til eins lántakanda að fjárhæð 40 m.kr.
- Bakfærður gengismunur útlána samtals að fjárhæð 234 m.kr. vegna 11 lántakenda.

Frávik af svipuðum toga og í árslok 2009 kom aftur í ljós við samanburð á afskriftarreikningi útlána þann 22. apríl 2010. Hér var ekki hægt að bera afskriftarreikninginn saman við uppgjör sparisjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar til 22. apríl 2010. Samanburður afskriftarreikningsins við prófjöfnuðinn leiddi til nettó hækkunar á afskriftarreikningi útlána um 274 m.kr., hækkaði úr 17.739 m.kr. í 18.013 m.kr. Hækkunin greinist þannig:

- Aftur sömu 68 m.kr. afföllin og lýst var í samanburði í árslok 2009, sjá hér að framan.
- Einnig kemur sami bakfærði gengismunur útlána samtals að fjárhæð 234 m.kr. hér aftur við sögu.
- Samkomulag um 5,6 m.kr. niðurfærslu á láni til Sparisjóðs Vestmannaeyja.
- Á móti koma 34 m.kr. mismunir sem hefði átt að gjaldfæra í gegnum afskriftarreikning á rekstrartímabilinu 2010.

Endanlegar afskriftir útlána

Endanlegar afskriftir útlána voru bornar saman við gjaldfærslur rekstraráranna 2008, 2009 og tímabilsins 1. janúar til 22. apríl 2010.

Í upphafi þegar PwC hóf athugun sína var ásamt öðrum gögnum beðið um yfirlit yfir endanlegar afskriftir sparisjóðsins á árinu 2008 og 2009 og jafnframt fyrir tímabilið 1. janúar til 22. apríl 2010 sem greiðlega gekk að afla. Annað var þó upp á teningnum þegar leitað var eftir að fá afstemmingu á endanlegum afskriftum við bókhaldið.

Gjaldfærðar endanlegar afskriftir útlána og breyting á afskriftarreikningi útlána er blandað saman á bókhaldslykli í bókhaldi sjóðsins og því óhægt um vik að ná fram endanlegum afskriftum sérstaklega.

Í umfjöllun PwC um afstemmingu á afskriftarreikningi útlána kemur fram að í elleftu og tólftu viku bárust yfirlit yfir breytingar á afskriftarreikningi og stöðu hans í árslok 2008 og 2009 þar sem endanleg afskrift útlána kemur fram. Í tólftu viku barst einnig yfirlit sem sýnir hreyfingar á afskriftum útlána 1. janúar til 22. apríl 2010 sem hægt var að byggja á til að ganga úr skugga

um réttmæti á framlögðum lista mótteknum af PwC yfir endanlegar afskriftir skoðunartímabilsins.

Afstemming eða öllu heldur það að ganga úr skugga um réttmæti framlagðra lista yfir endanlegar afskriftir útlána var byggð á samanburði upphaflegra vinnugagna við þau sem síðar bárust og fjallað er um í málsgreininni hér að framan.

Við afstemmingu á gjaldfærslu ársins 2008 kom í ljós misræmi sem nam 126 m.kr. Framlagt yfirlit yfir endanlegar afskriftir hækkaði því úr 756 m.kr. í 882 m.kr. eða um 16,6%. Misræmið greinist þannig:

- Stór hluti fjárhæðarinnar eða 94 m.kr. er sagt að rekja megi til Sparisjóðs Vestfirðinga fyrir sameiningu við Sparisjóðinn í Keflavík. Um sé að ræða bakfærslu á bakfærðum vöxtum (kerfisfærsla) frá árinu 2007 en engin gögn var hægt að fá yfir færsluna.

- Gengið var frá endanlegri afskrift útlána B Home ehf. á árinu 2009. Samtals nam leiðréttingin 27,8 m.kr. en þar af færði sparisjóðurinn 8,4 m.kr. til lækkunar á áður tekjufærðum gengismun.

- Önnur frávik eru óútskýrð.

Samanburður á upphaflegu vinnuskjali mótteknu af PwC yfir endanlegar afskriftir 2009 við gögn er síðar bárust leiddu til hækkunar sem nam 368 m.kr. Samanburðurinn leiddi til hækkunar á framlögðu vinnuskjal yfir endanlegar afskriftir útlána úr 4.664 m.kr. í 4.936 m.kr. Hækkunin greinist þannig:

- Mestu munar um 272 m.kr. þar sem verið er að færa niður kröfu á Íbúðalánsjóð vegna útlánahættu er Sparisjóðurinn í Keflavík ber samkvæmt samningi þar um.

- Önnur frávik í endanlegum afskriftum ársins 2009 eru rakin til lokafærslu sem nam tæpum 96 m.kr. Fjárhæðin skiptist þannig að Silfurfoss ehf. á 84 m.kr., Alká ehf. á 6 m.kr. og Gæfusmiðurinn ehf. 5,9 m.kr. Að sögn starfsmanns sparisjóðsins átti í umræddum lokafærslum að færa eignamat á fullnustueignum til lækkunar á endanlegum afskriftum útlána.

Afstemming á endanlegum afskriftum útlána 2010 fólst í samanburði á upphaflegu vinnuskjali mótteknu af PwC við hreyfingalista sem síðar barst. Gengið var úr skugga um að fjárhæðir á upphaflegu vinnuskjali væru að finna á hreyfingalista en heildarafstemmingu þar sem tekið er tillit til breytinga á afskriftarlista var sleppt enda óframkvæmanlegt út frá þeim gögnum sem bárust.

Útistandandi útgefnar ábyrgðir

Útistandandi útgefnar ábyrgðir voru bornar saman við stöðu í prófjöfnuði miðað við dagsetningarnar 30. júní og 31. desember 2008 og 2009 sem og 22. apríl 2010.

Á stjórnarfundum sjóðsins var reglulega upplýst um heildarstöðu útgefinna ábyrgða en sundurliðun þeirra ekki lögð fram.

Í kaflanum um ábyrgðir er upplýst að mótteknir listar yfir útistandandi útgefnar ábyrgðir voru bornir saman við upplýsingar um skuldbindingar utan efnahagsreiknings í árshluta- og ársreikningum sparisjóðsins og efnahagsreikningi þann 22. apríl 2010. Í þeim samanburði kom fram ósamræmi sem birt er í eftirfarandi töflu.

Útistandandi útgefnar ábyrgðir			
Dags.	**Árs- / árshlutareikn.**	**Mótteknir listar**	**Frávik**
30.06 2008	2.905.700.000	2.833.117.608	72.582.392
31.12 2008	1.285.026.000	453.569.822	831.456.178
30.06 2009	1.138.900.000	1.421.366.473	(282.466.473)
31.12 2009	1.243.245.000	1.586.691.978	(343.446.978)
22.04 2010	1.727.271.047	2.332.360.696	(605.089.649)

Það skal áréttað hér að mótteknir listar yfir veittar ábyrgðir ná einungis til sparisjóðsins (móðurfélagsins) en ársreikningar Sparisjóðsins sem bárust PwC voru hins vegar samstæðureikningar sem gætu skýrt frávik í árslok 2008 en þá eru framsettar upplýsingar í ársreikningi samstæðunnar hærri en framlagðir stöðulista. Framsettar upplýsingar sparisjóðsins þann 30. júní 2008 og aftur á sama tíma árið 2009 eru sóttar í árshlutareikninga móðurfélagsins í skýrsluskilakerfi Fjármálaeftirlitsins. Staða útgefinna ábyrgða þann 22. apríl 2010 voru bornar saman við upplýsingar um áætlaðan skiptiefnahagsreiknings á þeim tímapunkti. Þrátt fyrir endurteknar fyrirspurnir um ársreikninga móðurfélagsins í árslok 2008 og 2009 bárust þeir ekki fyrir lokavinnslu skýrslunnar.

Niðurstöður verkþáttar

Markmiðið verkþáttarins var að kanna réttmæti móttekinna gagna sem voru útlánalistar, afskriftarlistar útlána (varúðarniðurfærsla), endanlegar afskriftir útlána og stöðulistar yfir veittar ábyrgðir. Áhersla var lögð á samanburð við prófjöfnuði og árs- og árshlutareikninga eftir því sem hægt var.

Gerð er grein fyrir meginniðurstöðu skoðunar í eftirfarandi töflu:

3.2 Afstemmingar útlána og afskriftareiknings	✓	Athugasemd

3.2 Afstemmingar útlána og afskriftarreiknings

Athugasemd

Niðurstöður móttekinna útlánalista 31. desember 2009 og 22. apríl 2010 voru ekki í samræmi við prófjöfnuði og jafnframt var ósamræmi í afhentum útlánalistum á milli tímabila sem dró úr samanburðarhæfni þeirra.

Afstemmingar afskriftarreiknings útlána

Niðurstaða afstemmingar afskriftarreiknings útlána var ekki í samræmi við prófjöfnuð, hvorki 31. desember 2009 né heldur þann 22. apríl 2010. Einnig kom fram skekkja við samanburð á skýringu nr. 19 í drögum að ársreikningi sjóðsins vegna ársins 2009.

Réttmæti framlagðra lista yfir endanlegar afskriftir útlána

Við samanburð á upphaflega mótteknum listum yfir endanlegar afskriftir útlána við gögn er síðar bárust svo sem breytingu á afskriftarreikningi útlána kom í ljós misræmi sem leiddi til leiðréttinga á framlögðum listum yfir endanlegar afskriftir útlána.

Réttmæti veittra upplýsinga um stöðu útgefinna ábyrgða í árs- og árshlutareikningum sparisjóðsins

PwC gerir athugasemd vegna ósamræmis á milli móttekinna stöðulista yfir veittar ábyrgðir og birtum upplýsingum um skuldbindingar utan efnahags í árs- og árshlutareikningum sparisjóðsins.

3.3. Skilmálabreytingar

Reglur

Í tengslum við breytingar á skilmálum útlána var horft til útlánareglna Sparisjóðsins í Keflavík. Meðal þeirra reglna sem gilda um útlán hjá sjóðnum eru reglur um lánveitingar og ábyrgðir Sparisjóðsins í Keflavík. Voru þær upphaflega samþykktar 2005 en breytt með samþykki stjórnar í október 2008. Auk þess voru sérstakar reglur um útlánaheimildir, reglur fyrir starfsmenn um útlánaheimildir í umboði og á ábyrgð sparisjóðsstjóra. Voru þær reglur upphaflega samþykktar í mars 2005 en breytt í október 2008 en virðast þó ekki hafa verið samþykktar í stjórn samkvæmt fundargerðum á þeim tíma. Einnig voru í gildi sérstakar verklagsreglur um skilmálabreytingar sem ekki virðast hafa fengið umfjöllun í stjórn sjóðsins.

Í reglum um lánveitingar og ábyrgðir kemur fram í 3 gr. að sparisjóðsstjóra beri við allar ákvarðanir um útlán að hafa heildarstefnu og langtímahagsmuni sjóðsins að leiðarljósi. Engin sérstök ákvæði er varða skilmálabreytingar eru í reglunum. Í 6. gr. kemur fram að sparisjóðsstjóri skuli á stjórnarfundum gera grein fyrir þeim breytingum sem verða á lánveitingum eða ábyrgðum til einstakra aðila sem eru óvenju háar miðað við aðstæður og greiðslugetu viðkomandi. Í 1. gr. reglnanna segir að ákvarðanir um útlán og ábyrgðir til aðila sem flokkast undir stórar áhættuskuldbindingar, þ.e. hafa skuldbindingar umfram 10% af eiginfjárgrunni sjóðsins, skuli kynntar fyrir stjórn sparisjóðsins á næsta fundi þar á eftir. Sparisjóðsstjóri þarf hins vegar að leita samþykkis stjórnar fyrir lánveitingum sem fara yfir 15% af eigin fé sparisjóðsins.

Í reglum fyrir starfsmenn um útlánaheimildir kemur fram að sparisjóðsstjóri tilgreini hvaða starfsmenn hafi útlánalánaheimildir og hversu háar. Hafa starfsmenn heimildir til skuldbreytinga, framlenginga og veitingu ábyrgða innan sinna heimildarmarka. Í 4. gr. reglnanna kemur fram að í Sparisjóðnum í Keflavík starfi lánanefnd sem skuli fjalla um lánaákvarðanir annarra en sparisjóðsstjóra. Samkvæmt þessu þurftu lánaákvarðanir sparisjóðsstjóra ekki að fara fyrir lánanefnd og því ljóst að hlutverk hennar var ansi veikt, sérstaklega ef litið er til þess hversu rúmar útlánaheimildir sparisjóðsstjóri hafði. Samkvæmt reglunum hafði engin starfsmaður sjóðsins fyrir utan sparisjóðsstjóra heimild til að samþykkja lán yfir 25 m.kr.

Verklagsreglur sparisjóðsins um skilmálabreytingar fjalla fyrst og fremst um það verkferli og það vinnulag sem viðhafa skal við skilmálabreytingar sérstaklega varðandi skráningu í kerfi sjóðsins. Ekkert er sagt til um á hvaða vettvangi innan sjóðsins skuli fjalla um skilmálabreytingar. Ekki eru heldur gerðar neinar kröfur um að greiðslugeta, tryggingar og heildarskuldir viðkomandi viðskiptamanns séu skoðaðar við ákvarðanatöku um skilmálabreytingar.

Í 28. gr. reglna Sparisjóðsins í Keflavík um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra sem fjallar um viðskiptaerindi

stjórnarmanna kemur fram að viðskiptaerindi stjórnarmanna og fyrirtækja sem þeir eru í forsvari fyrir skuli lögð fyrir stjórn sparisjóðsins til samþykktar eða synjunar. Byggir þessi grein á 55. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Verklag

Við yfirferð PwC komu til skoðunar breytingar á skilmálum útlána. Fengnir voru listar frá sparisjóðnum yfir skilmálabreytingar annars vegar úr lánakerfi RB og hins vegar úr Flexcube útlánakerfinu fyrir tímabilið 30. júní 2008 til 22. apríl 2010. Voru þessir listar keyrðir saman við heildarlista PwC yfir aðila til skoðunar.

Skilmálabreytingar aðila með heildarlán í Flexcube yfir 50 m.kr. voru skoðaðar nánar í Spak. Sama átti við um skilmálabreytingar lána í RB yfir 20 m.kr. Markmið skoðunarinnar var að kanna hvort einhverjar óeðlilegar skilmálabreytingar hefðu átt sér stað sem ekki voru í samræmi við innri reglur sjóðsins og hefðu ekki haft langtímahagsmuni sjóðsins að leiðarljósi. Rétt er að taka fram að listar yfir skilmálabreytingar sýndu ekki hvers eðlis skilmálabreytingarnar voru í hverju tilfelli.

Einnig var kannað hvort skilmálabreytingar hefðu hlotið samþykki innan sparisjóðsins hjá starfsmanni eða lánanefnd sem hefði til þess fullnægjandi heimild. Auk þess var kannað hvort viðeigandi skjöl vegna skilmálabreytingar hefðu verið undirrituð bæði af viðskiptamönnum og starfsmönnum sparisjóðsins.

Umsögn

Uppbygging eftirfarandi umsagnar er þannig að byrjað er á að fjalla um skilmálabreytingar aðila með stærstu erlendu lánin. Síðan er fjallað um frávik sem upp komu meðal aðila með slík lán. Því næst er fjallað um skilmálabreytingar aðila með stærstu lán í RB.

Rétt að taka fram að PwC getur ekki ábyrgst að listar úr Flexcube og RB taki til allra þeirra skilmálabreytinga sem framkvæmdar í áðurnefndum kerfum á skoðunartímabilinu þar sem engin gögn liggja fyrir til samanburðar

Við upphaf skoðunar á skilmálabreytingum í Spak kom í ljós að aðgangsstýringar starfsmanna til að skilmálabreyta lánum miðast ekki við útlánaheimildir viðkomandi starfsmanns. Þannig gat starfsmaður með 10 m.kr. útlánaheimild skilmálabreytt láni sem var að fjárhæð 100 m.kr. Auk þessa reyndust hjá sjóðnum takmarkaðar upplýsingar um hverjar útlánaheimildir starfsmanna hefðu verið á skoðunartímabilinu. Reyndist því ekki unnt að skoða hvort skilmálabreytingar hefðu verið framkvæmdar af starfsmönnum sem höfðu til þess fullnægjandi útlánaheimild eða höfðu fengið samþykki hjá starfsmanni sem hafði fullnægjandi heimild.

Skilmálabreytingar í Flexcube lánakerfi

Alls komu fram 57 aðilar af heildarlista PwC, samkvæmt lista frá sparisjóðnum, sem fengið höfðu skilmálabreytingu á erlendum lánum og

voru með heildarútlán yfir 50 m.kr. Almennt má segja að skilmálabreytingar erlendra lána hafi verið þrenns konar. Í fyrsta lagi var talsvert um að gjaldföllnum afborgunum og vöxtum væri bætt við höfuðstól. Í öðru lagi var talsvert um að gjalddagar væru færðir aftur og að á gjalddögum yrðu einungis greiddir vextir en ekki afborganir. Í þriðja lagi virðist í mars 2009 hafa verið farið nokkuð markvisst í að breyta lánum sem voru í svissneskum frönkum og/eða japönskum jenum yfir í evrur. Seinna á árinu 2009 er nokkrum lánum síðan myntbreytt í íslenskar krónur er nánar fjallað um þær myntbreytingar síðar í þessum kafla. Í viðauka 3-I má finna lista yfir skilmálabreytingar aðila af heildarlista PwC í Flexcube.

Ný-Fiskur ehf. er á heildarlista PwC sem einn af stærstu skuldurum sjóðsins en í apríl 2010 skuldaði félagið tæplega 2,2 ma.kr. og var jafnframt stærsti einstaki skuldari Sparisjóðsins í Keflavík. Ný-Fiskur er fiskvinnslufyrirtæki sem staðsett er í Sandgerði. Í nóvember 2008 var gjaldföllnum afborgunum og áföllnum vöxtum bætt við höfuðstól erlendra lána félagsins en stærstur hluti lána félagsins er í erlendri mynt. Samhliða þessu var samþykkt að næstu 6 vaxtagjalddagar yrðu einungis greiddir vextir. Í maí 2009 var svo aftur samþykkt að á næstu 6 gjalddögum yrðu einungis greiddir vextir af erlendu lánum félagsins. Samskonar breyting var gerð í janúar 2010. Ekki verður séð af fundargerðum stjórnar að þessar skilmálabreytingar hafi verið teknar fyrir þar. Miðað við það að útlánaheimildir sparisjóðsstjóra voru að hámarki 15% af eiginfjárgrunni eða tæplega 1.400 m.kr. í janúar 2009 hefði stjórn sparisjóðsins þurft að samþykkja þessar skilmálabreytingar. Ekki er heldur að finna umfjöllun um skilmálabreytingar Ný-Fisks í fundargerðum lánanefndar. Nánar fjallað um Ný-Fisk í kafla 3.11.2 um stórar áhættuskuldbindingar.

Fiskmarkaður Suðurnesja hf. er á heildarlista PwC sem stofnfjárhafi og einn af stærstu skuldurum sjóðsins. Auk þess er félagið venslaður aðili þar sem félagið er tengt Þorsteini Erlingssyni sem var stjórnarformaður sparisjóðsins. Þann 22. apríl 2010 námu útlán félagsins hjá sjóðnum rúmlega 1,6 ma.kr. og var stærstur hluti þeirra í erlendri mynt. Vanskil félagsins á sama tíma voru tæplega 40 m.kr. Í mars 2009 var lánum félagsins sem þá voru í japönskum jenum breytt yfir evrur með tveim lánasamningum samtals að fjárhæð 8,9 milljónir evra. Ekki er að sjá samkvæmt fundargerðum að þessi skilmálabreyting hafi verið samþykkt í stjórn sjóðsins og gengur því gegn 28. gr. reglna sparisjóðsins um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra og um leið gegn 55 gr. laga 161/2002 um fjármálafyrirtæki sem segir að viðskiptaerindi stjórnarmanna og fyrirtækja sem þeir eru í fyrirsvari fyrir skuli lögð fyrir stjórn fjármálafyrirtækis til samþykkis eða synjunar. Á þessum tíma var Þorsteinn Erlingsson enn stjórnarformaður Sparisjóðsins í Keflavík. Fjallað er um Fiskmarkað Suðurnesja í kafla 3.11.4 um stórar áhættuskuldbindingar og kafla 3.8 um lán til starfsmanna.

Urtusteinn ehf. er á heildarlista PwC sem einn af stærstu skuldurum sjóðsins. Félagið er auk þess skilgreint sem félag tengt stórum skuldara en Urtusteinn er að stærstum hluta í eigu Kaupfélags Suðurnesja. Félagið er einnig skilgreint sem venslaður aðili og sem félag tengt Ómari Valdimarssyni og Skúla Þorbergi Skúlasyni. Skuldir Urtusteins í lok skoðunartímabils námu 1.372 m.kr. og þar af voru 25,5 m.kr. í vanskilum. Félagið fékk í lok desember 2007 lán að jafnvirði 528,5 m.kr. í svissneskum frönkum og japönskum jenum. Í nóvember 2008 var gerð skilmálabreyting á þessu láni þar sem einungis skyldi greiða vexti á næstu 6 gjalddögum en gjalddagar voru á 1 mánaðar fresti. Í mars 2009 var láninu myntbreytt í evrur. Ekki er að finna umfjöllun um þessar skilmálabreytingar í fundargerðum lánanefndar eða fundargerðum stjórnar en öll skjöl eru undirrituð bæði af hálfu sparisjóðsins og viðskiptamanns. Samkvæmt reglum átti að kynna þessar skilmálabreytingar fyrir stjórn þar sem um stóra áhættuskuldbindingu var að ræða. Rétt er að benda á að engar reglur voru innan sjóðsins sem kváðu á um að viðskiptaerindi venslaðra aðila þyrftu samþykki stjórnar sparisjóðsins. Fjallað er um Urtustein í kafla 3.11.3 um stórar áhættuskuldbindingar.

Hvatning hf. er á heildarlista PwC sem einn af stærstu skuldurum sparisjóðsins auk þess að tengjast Bláa Lóninu hf. sem einnig er stór skuldari við sjóðinn. Hvatning er í eigu Eðvards Júlíussonar, Önnu G. Sverrisdóttur og Gríms Karls Sæmundsen og er hluthafi í Bláa Lóninu hf. Við lok skoðunartímabilsins námu skuldir félagsins við Sparisjóðinn í Keflavík 1.261 m.kr. Félagið var með sex kúlulán í erlendri mynt. Í mars og apríl 2009 var öllum erlendu lánum félagsins myntbreytt í evrur. Um er að ræða tvö kúlulán í evrum sem endurgreiða skal þann 30. nóvember 2011. Ekkert var fjallað um þessar breytingar í fundargerðum lánanefndar eða stjórnar. Þar sem um er að ræða lánaákvörðun um stóra áhættuskuldbindingu hefði átt að kynna myntbreytinguna fyrir stjórn sjóðsins. Um Hvatningu er fjallað í kafla 3.11.1 um stórar áhættuskuldbindingar.

Miðland ehf. er á heildarlista PwC sem einn af stærstu skuldurum sparisjóðsins auk þess að vera dótturfélag sjóðsins og telst því venslaður aðili. Félagið skuldaði 1.236 m.kr. í lok skoðunartímabilsins. Í mars 2009 var erlendu láni félagsins sem þá var í svissneskum frönkum og japönskum jenum breytt í evrur. Þann 3. og 4. september var láninu síðan breytt í íslenskar krónur með tveim lánasamningum að fjárhæð 221 m.kr. og 885 m.kr. Félagið virðist ekki hafa fengið afslátt af höfuðstól við myntbreytingu í íslenskar krónur líkt og þau félög sem fjallað er um hér á eftir. Ekkert var fjallað um þessar myntbreytingar í stjórn sjóðsins af fundargerðum að dæma þó sparisjóðsstjóri hafi ekki haft útlánaheimild til að samþykkja breytingar á láni Miðlands þar sem útlánaheimild hans var einungis 15% af eiginfjárgrunni sjóðsins samkvæmt reglum um lánveitingar og ábyrgðir. Um Miðland er fjallað í kafla 3.11.6 um stórar áhættuskuldbindingar.

Myntbreytingar í íslenskar krónur

Í mars 2009 virðist vera farið nokkuð markvisst í að myntbreyta lánum sem voru í svissneskum frönkum og/eða japönskum jenum yfir evrur. Síðar sama ár er nokkrum þessara lána síðan breytt í íslenskar krónur. Samhliða slíkri breytingu virðist viðkomandi viðskiptamaður einnig hafa fengið höfuðstólslækkun á þeim lánum sem breytt var. Í júní 2009 kemur fram á stjórnarfundi sparisjóðsins tillaga um að gengisbundnum útlánum að fjárhæð 20 ma.kr. verði umbreytt í íslenskar krónur til að laga gjaldeyrisjöfnuð sjóðsins. Á stjórnarfundi sjóðsins þann 14. júlí 2009 upplýsir Angantýr V. Jónasson sparisjóðsstjóri að vinna sé í gangi við að snúa erlendum lánum yfir í íslenskar krónur og að sent hafi verið bréf til allra fyrirtækja þar sem tilkynnt er hækkun á vaxtaálagi erlendra lána um 2,85%. Kemur einnig fram að seinna verði unnið að samskonar breytingum hjá einstaklingum. Þessar aðgerðir séu liður í áætlun um fjárhagslega endurskipulagningu sjóðsins og til að uppfylla reglur Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisjöfnuð. Á fundi stjórnar þann 30. júlí 2009 fjallar Angantýr aftur um umbreytingu á gengisbundnum lánum yfir í íslensk lán. Kemur fram í máli hans að þessi vinna hafi gengið erfiðlega en þokist þó. Tillaga kom fram á fundinum að senda stofnfjáreigendum bréf þar sem þeim yrði boðið að færa erlendu lán sín í íslenskar krónur með ákveðnum afslætti.

Óskað var eftir upplýsingum hvort einhverjar sérstakar reglur hefðu gilt um það hvernig erlend lán voru meðhöndluð þegar þeim var breytt í íslenskar krónur t.d. varðandi afslátt og þá hvort öllum viðskiptavinum sjóðsins hefði boðist slíkur afsláttur. Samkvæmt svari frá Öldu Agnesi Gylfadóttur sem var sérfræðingur á fyrirtækjasviði og útibússtjóri sparisjóðsins á Ísafirði var öllum boðið að snúa erlendum lánum yfir í íslenskar krónur gegn 25% afslætti. Þetta hafi verið meginreglan í þessum „snúningum" þar sem leitast hafi verið við að loka gjaldeyrisójöfnuði sjóðsins. Ekki virðist hafa verið samþykkt í stjórn sjóðsins að veita almennt þennan afslátt.

Eftirfarandi mál voru tekin til nánari skoðunar vegna myntbreytinga yfir í íslenskar krónur. Rétt er að taka fram að engin þessara mála fengu umfjöllun í lánanefnd eða stjórn

Gildruklettar ehf. er á heildarlista PwC sem einn af stærstu skuldurum sjóðsins. Þann 22. apríl 2010 námu skuldir félagsins við sjóðinn tæplega 470 m.kr. og þar af voru tæplega 140 m.kr. í vanskilum. Félagið er í eigu Einars Sveinssonar, Benedikts Jóhannessonar og Halldórs Teitssonar og heldur utan um rúmlega 5% eignarhlut í Nýherja hf. Í mars 2009 hafði erlendu láni félagsins sem þá var í dollurum, evrum, svissneskum frönkum og japönskum jenum verði myntbreytt í evrur með nýjum lánasamningi að fjárhæð 2.019.000 evrur. Láninu var síðan breytt í íslenskar krónur með lánasamningi dagsettum 30. júlí 2009 sem undirritaður var af sparisjóðsstjóra. Höfuðstóll þess láns var að fjárhæð 291,8 m.kr. Sé tekið mið af höfuðstól evru lánsins eins og hann var í mars 2009 og sölugengi evru þann 30. júlí 2009 sem var 182,46 hefði höfuðstóll krónulánsins átt að

vera um 368 m.kr. en ekki 291,8 m.kr. Hér er því um að ræða rúmlega 20% afslátt af höfuðstól.

Blikavöllur 3 ehf. er á heildarlista PwC sem einn af stærstu skuldurum sjóðsins en félagið er í eigu Fasteignafélags Suðurnesja ehf. Í lok skoðunartímabilsins námu skuldir félagsins við sjóðinn 438 m.kr. og þar af voru 13,5 m.kr. í vanskilum. Í lok mars 2009 var erlent lán félagsins sem þá var í svissneskum frönkum og japönskum jenum endurfjármagnað með nýjum lánasamningi að fjárhæð 2.176.000 evra. Í ágúst 2009 var evru lánið endurfjármagnað með nýjum lánasamningi í íslenskum krónum að fjárhæð 314,4 m.kr. Lánasamningurinn er undirritaður af sparisjóðsstjóra. Miðað við höfuðstól lánsins í mars og sölugengi evru sem var 183,88 við seinni endurfjármögnun hefði höfuðstóll íslenska lánsins átt að vera um 400 m.kr. en ekki 314,4 m.kr. Samkvæmt þessu hefur afsláttur af höfuðstól við breytingu í íslenskar krónur verið rúmlega 20%. Ekki var fjallað um þessa breytingu í lánanefnd sjóðsins. Um Blikavöll er fjallað í kafla 3.11.10 um stórar áhættuskuldbindingar.

S-14 ehf. er á heildarlista PwC sem stofnfjárhafi og einn að 100 stærstu skuldurum sjóðsins. Félagið var auk þess venslaður aðili þar sem félagið tengist Birgi Þór Runólfssyni sem sat í stjórn sparisjóðsins. Í lok skoðunartímabilsins námu skuldir félagsins 395,5 m.kr. Í mars og maí 2007 fékk félagið tvö lán sem voru samtals að fjárhæð 171,3 milljónir japanskra jena og 1,7 milljónir svissneskra franka. Í júní 2009 var áföllnum og gjaldföllnum vöxtum bætt við höfuðstól lánanna sem þá stóðu í 173 milljónum japanskra jena og 1,8 milljónir svissneskra franka. Þann 25. september 2009 voru lán félagsins endurfjármögnuð með láni í íslenskum krónum sem undirritað er af sparisjóðsstjóra fyrir hönd sjóðsins. Sölugengi svissneskra franka var þá 121,7 og japanskra jena 1,3881. Miðað við sölugengið þá og höfuðstól lánanna eins og þau voru í júní hefði lánið í íslenskum krónum átt að vera um 454 m.kr. en lánasamningurinn var að fjárhæð 360,6 m.kr. eða rúmlega 20% lægri. Ekki var fjallað um þessa breytingu í lánanefnd sjóðsins. Fjallað er um S-14 ehf. í kafla 3.8 um lánveitingar til starfsmanna.

AEG Fjárfesting ehf. er á heildarlista PwC bæði sem stofnfjárhafi og sem einn af stærstu skuldurum sjóðsins. Félagið átti rúmlega 40 m.kr. að nafnvirði í stofnfjárbréfum sparisjóðsins. Félagið skuldaði tæplega 389 m.kr. í lok skoðunartímabilsins og þar af voru 13,2 m.kr. í vanskilum. Athygli vekur að í júní 2007 er láni að fjárhæð 114,4 m.kr. skuldskeytt af Gunnari Agli Sigurðssyni yfir á AEG Fjárfestingar en Gunnar Egill er eigandi AEG. Hafði Gunnar Egill upphaflega lagt fram veð í stofnfjárbréfum í Sparisjóðnum í Keflavík að nafnverði 11,7 m.kr. sem fluttist yfir í AEG samhliða láninu. Gunnar virðist hins vegar ekki hafa gengist í neinar persónulegar ábyrgðir vegna lána AEG. Í apríl 2009 var erlent lán sem félagið hafði tekið og var í japönskum jenum og svissneskum frönkum myntbreytt í evrur með nýjum lánasamningi að fjárhæð 1.126.500 evrur. Þann 11. september 2009 var láninu breytt í íslenskar krónur með nýju láni að fjárhæð 162,8 m.kr. sem

TRÚNAÐARMÁL

samþykkt var af sparisjóðsstjóra. Sölugengi evru var á þessum tíma 181,5 og hefði höfuðstóll lánsins því átt að vera um 204 m.kr. en ekki 162,8 m.kr. Afsláttur hefur því verið rúmlega 20%. AEG var úrskurðað gjaldþrota í júlí 2010.

Skólamatur ehf. er á heildarlista PwC sem einn af stærstu skuldurum sjóðsins en í lok skoðunartímabilsins námu skuldir félagsins 74,7 m.kr. Í desember 2009 gerðu sparisjóðurinn og Skólamatur samkomulag um uppgjör erlendra lána. Félagið var á þeim tíma með fjögur lán í erlendri mynt, tvö í japönskum jenum og tvö í svissneskum frönkum. Samkvæmt samkomulaginu átti Sparisjóðurinn í Keflavík að veita Skólamat ehf. yfirdráttarheimild á tékkareikningi félagsins til að greiða upp erlendu lánin. Fram kemur í samkomulaginu að Skólamat sé gefin afsláttur á skráðu gengi. Þannig hafi gengi svissneskra franka verið 121,375 á uppgjörsdegi en gengið sem notað var í samkomulaginu var 94,82. Gengi japanskra jena var að sama skapi 1,36 en gengið sem notað var í uppgjörinu var 1,058. Veitti sparisjóðurinn því um 22% afslátt af höfuðstól þegar lánunum var breytt í íslenskar krónur.

FiskAri ehf. er á heildarlista PwC sem einn af stærstu skuldurum sjóðsins en félagið skuldaði rúmlega 250 m.kr. í lok skoðunartímabilsins og þar af voru 86,1 m.kr. í vanskilum. Þann 22. apríl 2009 var erlendum lánum félagsins myntbreytt og voru þá stofnuð tvö lán í íslenskum krónum í RB kerfinu. Var annað að fjárhæð 50 m.kr. en hitt að fjárhæð 125 m.kr. Fram kemur á viðauka við lánin um myntbreytingu að þessar myntbreytingar hafi ekki áhrif til hækkunar á höfuðstól veðskuldabréfsins, enda hafi hann miðast við jafnvirði íslenskra króna í erlendum myntum fyrir breytingu. Höfuðstóll við myntbreytingu skyldi miðast við skráð gengi Seðlabanka Íslands þann 24. mars 2009. Gengi þess dags virðist hins vegar hafa verið talsvert sterkara en á þeim degi sem myntbreytingin miðast við þ.e. 22. apríl. Þannig var gengisvísitalan 22. apríl 207,7 stig en 187,8 stig þann 24. mars 2009. Virðist því um afslátt af höfuðstól að ræða. Skuldir félagsins voru afskrifaðar eftir lok skoðunartímabilsins og félagið lýst gjaldþrota í febrúar 2011.

ZAX ehf. er á heildarlista PwC sem einn af stærstu skuldurum sjóðsins en félagið skuldaði tæplega 126 m.kr. í lok skoðunartímabilsins og þar af voru 5,8 m.kr. í vanskilum. Í ágúst 2009 fékk félagið verðtryggt lán til 25 ára að fjárhæð 111,2 m.kr. til að greiða upp erlent lán félagsins. Félagið hafði í lok mars 2009 fengið lán í evrum sem notað var til að greiða upp lán félagsins sem þá voru í japönskum jenum og svissneskum frönkum. Evru lánið var að fjárhæð 770.000 evrur og sölugengi evru þegar lánið var greitt upp var 180 kr. Samkvæmt því hefði lánveitingin í krónum átt að vera um 138 m.kr. en ekki 111,2 m.kr. Virðist ZAX því hafa fengið um 20% afslátt af höfuðstól við breytingu í íslenskar krónur. Engan tryggingakafla er að finna í þeim lánasamningi sem gerður er í ágúst 2009. Hins vegar voru þegar til staðar tryggingabréf sem áfram voru til tryggingar nýja láninu. Auk þess fylgir lánasamningnum ábyrgðaryfirlýsing þar sem Atli Rúnar Hermannsson, eigandi félagsins, gengst í sjálfskuldarábyrgð fyrir láninu en þó að hámarki 2

m.kr. Það er athyglisvert því í tryggingakafla lánasamningsins fyrir evru lánið sem greitt var upp er sjálfskuldarábyrgð Atla að hámarki 12% af eftirstöðvum lánasamningsins á hverjum tíma. Er því ljóst að sjálfskuldarábyrgð Atla hefur verið lækkuð um meira en 10 m.kr. við myntbreytingu í íslenskar krónur. Ekki eru í gögnum sjóðsins gefnar ástæður fyrir þessari lækkun en bæði lánasamningurinn og ábyrgðaryfirlýsingin eru undirrituð af sparisjóðsstjóra.

Fuglavík ehf. er á heildarlista PwC sem einn af stærstu skuldurum sjóðsins auk þess að tengjast Birgi Þór Runólfssyni sem sat í stjórn Sparisjóðsins í Keflavík. Í lok skoðunartímabilsins námu skuldir félagsins tæplega 80 m.kr.

Í desember 2009 fékk félagið verðtryggt lán að fjárhæð 75 m.kr. sem nota átti til að greiða upp erlend lán félagsins hjá sjóðnum. Samhliða þessari endurfjármögnun var hluti af lánum félagsins afskrifaður. Nánar er fjallað um þetta í kafla 3.9 um endanlegar afskriftir. Auk þess er fjallað um Fuglavík í kafla 3.8 um lánveitingar til starfsmanna og tengdra aðila.

OTJ flutningar ehf. er á heildarlista PwC sem einn af stærstu skuldurum sjóðsins. Í febrúar 2009 fékk félagið lán að fjárhæð 65 m.kr. til þriggja ára sem nýta átti til að endurfjármagna eldri lán félagsins hjá sjóðnum. Láninu var síðar skuldskeytt yfir til B42 ehf. Nánar er fjallað um þennan flutning og málefni OTJ og B42 í kafla 3.4 um breytingar á tryggingum og veðum.

Skilmálabreytingar í RB

Við skoðun á skilmálabreytingum í RB kom fram að algengasta skilmálabreytingin sem framkvæmd var á RB lánum á skoðunartímabilinu var að gjaldföllnum afborgunum og vöxtum var bætt við höfuðstól. Einnig var nokkuð um að lán væru fryst, annaðhvort í 6 eða 12 mánuði. Í viðauka 3-J má finna lista yfir skilmálabreytingar aðila af heildarlista PwC í RB.

Hér á eftir verður fjallað um skilmálabreytingar á stærstu lánum í RB

Salt Investments ehf. er á heildarlista PwC sem einn af stærstu skuldurum sjóðsins en félagið skuldaði 426 m.kr. í lok skoðunartímabilsins. Salt Investments er að stærstum hluta í eigu Róberts Wessman. Í júní 2009 var samþykkt skilmálabreyting á kúluláni félagsins sem upphaflega hafði verið veitt í maí 2008 og var að fjárhæð 300 m.kr. Skilmálabreytingin fólst í því að vöxtum, dráttarvöxtum og kostnaði að fjárhæð 67,9 m.kr. var bætt við höfuðstól lánsins sem þá varð 367,9 m.kr. Auk þess var gjalddagi lánsins færður til 1. september 2010 en hafði áður verið 1. apríl 2009. Samhliða skilmálabreytingunni gekkst Róbert Wessman í sjálfskuldarábyrgð fyrir eftirstöðvum lánasamningsins, 367,9 m.kr. en lánið hafði áður verið án tryggingа.

Gildruklettar ehf. er á heildarlista PwC sem einn af stærstu skuldurum sjóðsins eins og fram kom hér á undan. Í júlí 2009 var samþykkt skilmálabreyting á láni félagsins sem veitt hafði verið í mars 2005 og var upphaflega að fjárhæð 204 m.kr. Skilmálabreytingin fólst í því að vöxtum, dráttarvöxtum og kostnaði að fjárhæð 6 m.kr. var bætt við höfuðstól ásamt

TRÚNAÐARMÁL

lántökugjaldi. Eftirstöðvar lánsins eftir þessa breytingu voru 120,7 m.kr. Gjalddagi lánsins var einnig færður til 9. mars 2010. Hlutabréf í Nýherja hf. eru til tryggingar þessu láni og öðrum lánum félagsins. Ljóst er að sú trygging er umtalsvert lægri en lán félagsins en þó er ekkert í innri reglum sjóðsins sem hindrar skilmálabreytingu þó tryggingarstaða sé slæm.

AEG Fjárfesting ehf. er á heildarlista PwC bæði sem stofnfjárhafi og sem einn af stærstu skuldurum sjóðsins eins og fjallað var um hér á undan. Í maí 2009 var framkvæmd skilmálabreyting á láni sem upphaflega var veitt í maí 2007 til Gunnars Egils Sigurðssonar eiganda AEG en síðar skuldskeytt yfir á AEG. Lánið var upphaflega að fjárhæð 112,6 m.kr. en við skilmálabreytinguna var vöxtum, dráttarvöxtum og kostnaði bætt við höfuðstól sem þá var orðinn 153,2 m.kr. Lánið skyldi eins og áður endurgreiðast að fullu í apríl 2012. Í október 2009 var öðru láni sem félagið hafði fengið í október 2007 skilmálabreytt. Lánið var upphaflega að fjárhæð 20 m.kr. en í október 2009 var samþykkt að bæta vöxtum, dráttarvöxtum og kostnaði við höfuðstól sem þá varð 27,8 m.kr.

Í júlí 2010 var AEG úrskurðað gjaldþrota.

Fjárgæslan ehf. er á heildarlista PwC sem einn af 100 stærstu skuldurum sjóðsins. Félagið er auk þess tengt Jóhannesi Karli Sveinssyni lögmanni Sparisjóðsins í Keflavík en hann átti 20% eignarhlut í félaginu. Í lok skoðunartímabilsins skuldaði félagið tæplega 270 m.kr. og þar af voru 29 m.kr. í vanskilum. Í nóvember 2008 var gerð skilmálabreyting á þrem lánum sem félagið hafði fengið á árunum 2001 og 2004. Var vöxtum, dráttarvöxtum, kostnaði og lántökugjöldum samtals að fjárhæð 13,7 m.kr. bætt við höfuðstól þessara þriggja lána sem eftir breytingu varð samtals að fjárhæð 189,6 m.kr. Auk þess var samþykkt að einungis yrðu greiddir vextir á næstu 12 gjalddögum en gjalddagar lánanna voru á 1 mánaðar fresti. Lánin fóru í vanskil í apríl 2009. Um málefni Jóhannesar Karls er nánar fjallað í kafla 3.8 um lánveitingar til starfsmanna vegna tengsla hans við Fjúk ehf.

BASE ehf. er á heildarlista PwC sem einn af stærstu skuldurum sjóðsins auk þess að vera tengt Geirmundi Kristinssyni en hann var varamaður í stjórn félagsins fyrir hönd sjóðsins. Félagið kom m.a. að uppbyggingu á gamla varnarsvæðinu á Miðnesheiði. Í mars 2009 fékk félagið lán að fjárhæð 132 m.kr. til að greiða upp yfirdráttarlán félagsins. Lánið skyldi endurgreiða á þremur árum. Í nóvember 2009 var láninu skilmálabreytt þar sem gjaldföllnum afborgunum og verðbótum var bætt við höfuðstól ásamt vöxtum, dráttarvöxtum, kostnaði og lántökugjaldi. Uppfærðar eftirstöðvar skuldarinnar urðu við þetta 143,1 m.kr. Á þrem næstu gjalddögum skyldi einungis greiða vexti. Skilmálabreytingin var ekki tekin fyrir í stjórn sjóðsins en innri reglur sjóðsins kváðu ekki á um lánaákvarðanir venslaðra aðila yrðu að fara fyrir stjórn sparisjóðsins.

Félagið var úrskurðað gjaldþrota í október 2010.

Niðurstöður verkþáttar

Markmið skoðunarinnar var að kanna hvort einhverjar óeðlilegar skilmálabreytingar hefðu átt sér stað sem ekki voru í samræmi við innri reglur sjóðsins og hefðu ekki haft langtímahagsmuni sjóðsins að leiðarljósi.

3.3 Skilmálabreytingar	✓	Athugasemd

3.3 Skilmálabreytingar

Athugasemd

Við skoðun á skilmálabreytingum erlendra lána kom fram að þær voru einkum þrenns konar. Í fyrsta lagi var talsvert um að gjaldföllnum afborgunum og vöxtum væri bætt við höfuðstól. Í öðru lagi voru gjalddagar gjarnan færðir aftur. Í þriðja lagi var í mars 2009 farið markvisst í að breyta lánum sem voru í japönskum jenum og svissneskum frönkum yfir í evrur. Seinna á árinu 2009 er nokkuð um að erlendum lánum sé myntbreytt í íslenskar krónur. Dæmi eru um að skilmálabreytingar sem sparisjóðsstjóri hafði ekki útlánaheimild til að samþykkja hafi ekki farið fyrir stjórn sjóðsins. Einnig eru dæmi um að skilmálabreytingar félaga sem tengjast stjórnarmönnum sjóðsins hafi ekki verið tekin fyrir í stjórn.

Samhliða því að erlendum lánum var myntbreytt í íslenskar krónur veitti sjóðurinn afslátt af höfuðstól. Að sögn starfsmanns sparisjóðsins var viðskiptavinum boðið að snúa erlendum lánum í íslenskar krónur gegn 25% afslætti. Ekki voru til skriflegar reglur um þetta en gjaldeyrisjöfnuður sjóðsins var á þessum tíma mjög neikvæður. Þau mál sem skoðuð voru vegna myntbreytingar í íslenskar krónur voru ekki tekin til umfjöllunar í lánanefnd eða stjórn sjóðsins.

Yfirlit yfir viðauka með kaflanum:

- 3-I Skilmálabreytingar aðila af heildarlista PwC í Flexcube lánakerfi.
- 3-J Skilmálabreytingar aðila af heildarlista PwC í RB lánakerfi

3.4. Breytingar á tryggingum og veðum

Reglur

Í reglum um lánveitingar og ábyrgðir kemur fram í 5. gr. að skýrt skuli kveða á um hvernig meta skuli áhættu og greiðslugetu, hvers konar tryggingar skuli teknar gildar og hvernig eigi að meta þær.

Í reglum fyrir starfsmenn um útlánaheimildir kemur fram að gæta skuli vel að gagnaöflun og gerð greiðslumats fyrir hvern skuldara. Þar sem veðtrygginga sé krafist skuli þær jafnan vera í auðseljanlegum verðmætum. Útlán sem veitt séu til lengri tíma en fimm ára skulu að jafnaði vera með tryggingum sem séu verðmeiri en skuldin sjálf. Veðsettar eignir skal ávallt meta sem næst markaðsvirði og reglulega skal fylgjast með verðmæti trygginga. Í reglunum segir ennfremur að við mat ábyrgðarmanna skuli gæta að greiðslugetu þeirra og vanskilasögu.

Í 5. gr. reglna fyrir starfsmenn um útlánaheimildir kemur fram að starfsmenn sem veiti há útlán skuli gæta ítrustu varfærni við ákvarðanir, bæði hvað varðar greiðslugetu lántakanda, tryggingar og önnur atriði er fylgja þurfi til að tryggja endurgreiðslu viðkomandi útlána.

Auk þessara reglna eru til hjá sparisjóðnum vinnulýsingar um skuldskeytingar, veðbandslausn, veðflutninga og veðleyfi. Ekki er um að ræða verklagsreglur heldur verkferla og lýsingar á því hvernig meðhöndla skuli slíkar aðgerðir í kerfum sjóðsins og hvernig ganga skuli frá skjölum vegna þeirra.

Verklag

Skoðun PwC undir þessum verkþátt skiptist í fjóra liði. Þrír fyrstu liðirnir fólust í því að skoða lista yfir veðflutninga, niðurfelldar tryggingar og skuldskeytingar sem fengnir voru frá Sparisjóðnum í Keflavík. Voru listarnir keyrðir saman við heildarlista PwC. Í framhaldi af því var reynt að leggja mat á hvort tryggingastaða sjóðsins hefðu á einhvern hátt versnað við þessa gjörninga og þannig rýrt möguleika sjóðsins til að fá viðkomandi lán endurgreidd. Var þar meðal annars stuðst við upplýsingar í Spak um viðkomandi lánamál. Allar skuldskeytingar og veðflutningar aðila á heildarlista PwC voru skoðaðar. Auk þess voru niðurfellingar á tryggingum skoðaðar hjá öllum aðilum af heildarlista PwC sem voru með útlán yfir 20 m.kr. þann 22. apríl 2010.

Fjórði og síðasti liðurinn fólst í því að yfirfara upplýsingar yfir veðköll sem fengnar voru frá sjóðnum.

Umsögn

Veðflutningar

Eftirfarandi aðilar af heildarlista PwC framkvæmdu veðflutninga á tímabilinu 30. júní 2008 til 23. apríl 2010 og voru teknir til nánari skoðunar. Í viðauka 3-K má sjá nánari upplýsingar um þá veðflutninga sem hér eru til umfjöllunar. Ekki komu fram frávik frá innri reglum sjóðsins við skoðun á veðflutningum.

Aðliar af heildarlista PwC sem framkvæmdu veðflutning	
Nafn	**Tengsl**
Ragnar Pálmason	Stofnfjárhafi í SpKef // 5,00 millj.
Eignarhaldsfélagið Nesprýði ehf	Félag tengt // Birgir Þór Runólfsson
Jóna Björg Antonsdóttir	Viðskiptabankasvið // Þjónustufulltrúi einstaklinga
Leiðarendi ehf	Stærstu skuldarar // 0,28 ma.
Friðbjörg Helgadóttir	Maki starfsmanns // Árni Björgvinsson // forstöðumaður

Ragnar Pálmason er á heildarlista PwC sem stofnfjárhafi. Samkvæmt upplýsingum í Spak var lán til hans með veði í Kollsá 2 í Bæjarhreppi. Veð sparisjóðsins virðist hafa verið flutt af 6. veðrétti yfir á 4. veðrétt og tryggingastaða sjóðsins því að styrkjast.

Eignarhaldsfélagið Nesprýði ehf. er á heildarlista PwC sem félag tengt Birgi Þór Runólfssyni en Birgir sat í stjórn sparisjóðsins. Lán til félagsins var upphaflega að fjárhæð 10 m.kr. tryggt með 5. veðrétti í Þingholti í Rangárþingi Ytra. Í byrjun árs 2009 var veðið flutt yfir á þrjár fasteignir við Vesturbraut í Reykjanesbæ og var með 5. veðrétt í þessum þrem eignum. Bæði eignin að Þingholti og eignirnar í Keflavík voru yfirveðsettar og ljóst að um haldlitlar tryggingar var að ræða fyrir og eftir veðflutning. Fjallað er um lánveitingar til Birgis Þórs í kafla 3.8 um lánveitingar til starfsmanna.

Jóna Björg Antonsdóttir er á heildarlista sem starfsmaður Sparisjóðsins í Keflavík. Lánveiting sjóðsins til Jónu Bjargar var upphaflega að fjárhæð 5,5 m.kr. með veði í Heiðarbakka 2 í Reykjanesbæ. Í mars 2009 var veðið flutt yfir á Víkurbraut 15 í Reykjanesbæ. Í dag er lánið uppgreitt og því ljóst að sparisjóðurinn varð ekki fyrir tjóni vegna veðflutningsins. Um Jónu Björg er einnig fjallað í kafla 3.5 um ný lán og í kafla 3.8 um lánveitingar til starfsmanna.

Leiðarendi ehf. er á heildarlista PwC sem einn af stærstu skuldurum sjóðsins. Lán til félagsins var upphaflega að fjárhæð 14 m.kr. með veði í Hraunsvegi 19 í Reykjanesbæ. Fasteignamat Hraunsvegs 19 er um 21 m.kr. og hvíldu á því 14 m.kr. á undan áðurnefndu láni sparisjóðsins. Í júlí 2009 var veðið flutt yfir á Grænás 2A í Reykjanesbæ. Var sú fasteign metin á um 14,6 m.kr. og hvíldi lánið á 2. veðrétti á eftir 5,1 m.kr. láni frá Húsnæðisstofnun. Í júní 2010 eignaðist Sparisjóðurinn í Keflavík eignina í kjölfar nauðungarsölu.

Friðbjörg Helgadóttir er á heildarlista PwC maki starfsmanns en eiginmaður hennar er Árni Björgvinsson fyrrverandi forstöðumaður hjá sparisjóðnum. Nánar er fjallað um lánamál Árna og Friðbjargar í kafla 3.8 um lán til starfsmanna.

Niðurfelldar tryggingar

Við yfirferð á lista yfir niðurfelldar tryggingar hjá lánþegum Sparisjóðsins í Keflavík kom í ljós að í mörgum tilfellum áttu niðurfellingarnar sér eðlilegar

TRÚNAÐARMÁL

skýringar og voru ekki í andstöðu við innri reglur sjóðsins. Í nokkrum tilfellum hafði eldra tryggingabréf verið fellt niður og nýtt komið í staðinn, í sumum tilfellum hafði eign verið yfirtekin af sparisjóðnum og einnig voru nokkur tilfelli þar sem sjálfskuldarábyrgðir fyrir yfirdráttarheimildum höfðu verið felldar niður. Í þeim tilfellum hafði yfirdráttarheimildin samhliða verið felld niður.

Eftirfarandi mál þar sem tryggingar höfðu verið felldar niður voru tekin til nánari skoðunar. Yfirlit yfir niðurfelldar tryggingar má sjá í viðauka 3-L

Urtusteinn ehf. er á heildarlista PwC sem einn af stærstu skuldurum sjóðsins auk þess að vera skilgreint sem venslaður aðili og félag tengt Ómari Valdimarssyni og Skúla Þorbergi Skúlasyni. Félagið á og rekur fasteignir Kaupfélags Suðurnesja en félagið er að stærstum hluta í eigu Kaupfélagsins. Í lok skoðunartímabilsins námu skuldir félagsins við Sparisjóðinn í Keflavík tæplega 1,4 ma.kr. og þar af voru 25,5 m.kr. í vanskilum.

Í september 2008 er samþykkt veðbandslausn að hluta á tryggingabréfi útgefnu af Urtusteini að fjárhæð 500 m.kr. Fram kemur að búið sé að skipta Krossmóum 4 í Reykjanesbæ, fastanúmer 209-4069, niður í þrjá eignahluta; 209-4069, 231-1302 og 231-4436. Sparisjóðurinn hafði haft 4. veðrétt í Krossmóum og á undan hvíldu samtals 88,5 m.kr. Sparisjóðurinn heimilaði að leysa veðsetningu af eignarhlutum 231-1302 og 231-4436. Fasteignamat þessara tveggja eignarhluta er í dag samtals um 337 m.kr. Leitað var eftir ástæðu þess að þessi veðbandslausn var heimiluð hjá Grétari Grétarssyni sem var forstöðumaður hjá sparisjóðnum. Kom fram að ástæða þess að fasteigninni að Krossmóum 4 hefði verið skipt upp í þrjú fastanúmer var sú byggt hefði verið við húsið enda er byggingarárið 2008 á þeim fastanúmerum sem við bættust 2008. Að sögn Grétars kom Sparisjóðurinn í Keflavík ekki að fjármögnun á þessum viðbyggingum og því hefði sjóðurinn leyst veð af þeim þegar fastanúmer voru stofnuð vegna þeirra. Breyttist veðstaða sjóðsins því ekki við þessa veðbandslausn. Fjallað er um Urtustein í kafla 3.11.3 um stórar áhættuskuldbindingar.

Bláa Lónið hf. er á heildarlista PwC sem einn af stærstu skuldurum sjóðsins en félagið skuldaði um 719 m.kr. í lok skoðunartímabils. Í febrúar 2010 voru felld niður tvö tryggingabréf nr. 203974 og 204079 sem voru sem trygging fyrir lánum Bláa Lónsins. Tryggingabréf 203974 var að fjárhæð allt að 10 milljónir evra og tryggt með vísitölu neysluverðs samkvæmt skjalinu. Undirliggjandi veð voru fasteignir við Grindavíkurbraut 5, 7 og 9, 6,2 hektara land, rekstrarveð og réttindi Bláa Lónsins hf. samkvæmt samningi við Hitaveitu Suðurnesja. Tryggingabréf 204079 var verðtryggt og að fjárhæð allt að 500 m.kr. og með sömu undirliggjandi veð og tryggingabréf 203974. Í febrúar 2010 voru þessi tryggingabréf felld niður. Við nánari skoðun kom í ljós að stjórn sparisjóðsins hafði í ágúst 2009 samþykkt að breyta skuldum Bláa Lónsins við sjóðinn í hlutafé. Leitað var upplýsinga um hvort

niðurfelling trygginga hefði komið í kjölfar þess að lánum var breytt í hlutafé. Að sögn Grétars Grétarssonar og Angantýs V. Jónassonar sem var sparisjóðsstjóri á þessum tíma tók Sparisjóðurinn í Keflavík þátt í sambankaláni til Bláa Lónsins. Seinna hafi sjóðurinn svo komið að fjármögnun á uppbyggingu á svæðinu við Bláa Lónið og fengið á móti þær tryggingar sem fjallað var um hér að ofan. Þátttakendur sambankalánsins hefðu hins vegar talið þessa lánveitingu ganga gegn lánaskilmálum sambankalánsins og að sjóðnum hefði verið óheimilt að lána gegn þessum tryggingum. Hafi niðurstaðan orðið sú að sjóðurinn breytti lánveitingunni í hlutafé með sérstökum áskriftarsamningi og aflétti um leið tryggingunum. Fékk PwC afhent afrit af áskriftarsamningnum. Fjallað eru um Bláa Lónið í kafla 3.11.1 um stórar áhættuskuldbindingar.

Leigufoss ehf. er á heildarlista PwC sem einn af stærstu skuldurum sjóðsins og námu skuldir félagsins 551 m.kr. í lok skoðunartímabils og þar af voru 64 m.kr. í vanskilum. Félagið var í byggingastarfsemi en var lýst gjaldþrota í október 2009. Í ágúst 2008 er tveim tryggingabréfum nr. 202307 og 202308 með veði í Bogabraut 7 og 18 í Sandgerði aflétt. Í Spak kemur fram að eignirnar hafi verið seldar. Samkvæmt kaupsamningi vegna Bogabrautar 7 var hún seld til Kristínar Eyjólfsdóttur í ágúst 2008. Kemur fram að hún hafi tekið yfir lán sem hvíldu á 1. til 3. veðrétt og að kaupverð eignarinnar hafi verið 25,3 m.kr. Tryggingabréf sparisjóðsins nr. 202307 var hins vegar á 4. veðrétt og var því verðlaust. Samkvæmt kaupsamningi vegna Bogabrautar 18 var sú eign seld á 26,5 m.kr. og komu tæplega 6 m.kr. í hlut sparisjóðsins en sjóðurinn var á 3. vr. á eftir Íbúðalánasjóði.

Samkvæmt lista sem afhentur var PwC yfir niðurfelldar tryggingar var trygging sem Leigufoss hafði lagt fram í fasteign að Strandgötu 43 í Hafnarfirði felld niður í nóvember 2008. Ekkert er fjallað um þessa niðurfellingu í Spak. Líkt og með fasteignina að Bogabraut 7 var tryggingabréf sparisjóðsins á 4. veðrétt og fékkst ekkert upp í það þegar eignin var seld.

Í september 2009 var tryggingabréf nr. 202288 sem Leigufoss hafði lagt fram sem veð fellt niður. Undirliggjandi veð var í fasteign að Rauðhellu 4 í Hafnarfirði. Samkvæmt upplýsingum í Spak var eignin seld fyrir löngu og veðbönd því leyst af eigninni. Ekkert virðist hafa fengist upp í tryggingabréfið við sölu á eigninni í október 2008. Um Leigfoss er einnig fjallað í kafla 3.10 um fullnustueignir og 3.11.16 um stórar áhættuskuldbindingar.

FiskAri ehf. er á heildarlista PwC sem einn af 100 stærstu skuldurum sparisjóðsins en félagið skuldaði sparisjóðnum rúmlega 250 m.kr. þann 22. apríl 2010 en vanskil félagsins á sama tíma voru 86 m.kr. Í október 2009 var fellt niður allsherjarveð sem félagið hafði lagt fram í íbúð á Hverfisgötu 105. Ástæða niðurfellingarinnar var sú að eignin hafði verið seld og hafði NBI hf. eignast íbúðina. Lögð var fram fyrirspurn um hvort Sparisjóðurinn í Keflavík

TRÚNAÐARMÁL

hefði fengið eitthvað í sinn hlut þegar eignin var seld en fasteignamat íbúðarinnar er rúmlega 17 m.kr. Í svari Öldu Agnesar Gylfadóttur sérfræðings á fyrirtækjasviði kom fram að sparisjóðurinn hefði ekki lánað fyrir kaupum á íbúðinni við Hverfisgötu. Sjóðurinn hefði fengið aukatryggingu í fasteigninni til að freista þess að tryggja aðrar skuldir félagsins. Við söluna hafi hins vegar ekkert komið í hlut sjóðsins. FiskAri var úrskurðað gjaldþrota í febrúar 2011.

Guðni Hörðdal Jónsson er á heildarlista PwC sem einn af stærstu skuldurum sjóðsins en í apríl 2010 námu skuldbindingar Guðna við sjóðinn rúmlega 141 m.kr. og þar af voru 4,5 m.kr. í vanskilum. Í apríl 2009 voru felld niður þrjú tryggingabréf útgefin af Guðna með undirliggjandi veði í Fitjarási 10 í Reykjanesbæ. Samkvæmt upplýsingum í Spak var eignin seld og greidd að fullu. Samkvæmt veðbandayfirliti var sparisjóðurinn með 3. veðrétt á eigninni á eftir tæplega 17,7 m.kr. veði Landsbanka Íslands. Fasteigamat eignarinnar er hins vegar tæplega 33 m.kr. Samkvæmt upplýsingum frá sparisjóðnum komu tæplega 18 m.kr. inn á reikning sparisjóðsins í kjölfar sölunnar sem notaðar voru til greiða upp yfirdrátt Guðna hjá sjóðnum. Um Guðna Hörðdal er einnig fjallað í kafla 3.10 um fullnustueignir.

Skuldskeytingar

Í viðauka 3-M ,má sjá lista yfir skuldskeytingar aðila af heildarlista PwC. Alls komu fram 10 aðilar af heildarlistanum sem skuldskeytt höfðu lánum yfir á annan einstakling eða lögaðila. Í flestum tilfellum fluttust tryggingar með lánum við skuldskeytingu yfir á annan einstakling eða lögaðila. Hér verður nánar fjallað um einstök mál sem komu fram við skoðun á skuldskeytingum.

OTJ flutningar/Bílabaðið/Hellupýði ehf. (hér eftir OTJ) er á heildarlista PwC sem einn af stærstu skuldurum sjóðsins. Í maí 2009 var lánum OTJ skuldskeytt yfir á B42 en OTJ á 90% í B42 á móti 10% eignarhlut Jóns Hjálmarssonar. Synir Jóns, þeir Jón Trausti Jónsson og Oddur Jónsson eiga síðan hvor sinn helming í OTJ.

Skuldskeytingin var framkvæmd þar sem B42 hafði í maí 2009 eignast undirliggjandi veð, Brekkustíg 42 í Reykjanesbæ, sem áður hafði verið í eigu OTJ. Athygli vekur að á svipuðum tíma eða þann 22. maí 2009 er samþykkt að fella niður sjálfskuldarábyrgðir Odds Jónssonar og Jóns Trausta Jónssonar, eigenda OTJ, sjá viðauka 3-N. Var um að ræða sjálfskuldarábyrgðir á fjórum lánum sem samtals voru upphaflega að fjárhæð 18.325.000 kr. Samkvæmt upplýsingum í Spak voru þessar niðurfellingar hluti af samkomulagi sem gert var þegar JTJ ehf. keypti Brekkustíg 44 af OTJ ehf. og OTJ endurfjármagnaði erlend lán félagsins. Óskað var eftir afriti af þessu samkomulagi en fékkst það ekki. JTJ ehf. sem er í eigu Jóns Trausta Jónssonar fékk í mars 2009 lán að fjárhæð 50 m.kr. hjá sjóðnum til að kaupa Brekkustíg 44. Tryggingar voru þrjú tryggingabréf;

tvö að fjárhæð 15 m.kr. hvort með 5. og 8. veðrétt í Brekkustíg 42. Auk þess var tryggingabréf að fjárhæð 83.000 svissneskra franka, 3.740.000 japanskra jena og 53.000 evra með 6. veðrétt í Brekkustíg 42 til tryggingar láninu. Einnig er Jón Trausti í sjálfskuldarábyrgð fyrir að hámarki 10 m.kr. Tryggingabréfin þrjú höfðu áður verið til tryggingar lánum OTJ.

Í skráningu í Spak kemur fram að í október 2009 hafi sjálfskuldarábyrgð Jóns Hjálmarssonar verið felld niður sjá viðauka 3-O. Gleymst hafi að fella niður þessa ábyrgð en það átti að gerast þegar B42 keypti Brekkustíg 42 af OTJ í maí 2009. Var sú ábyrgð fyrir skuldabréfi sem upphaflega var að fjárhæð 2.075.000 kr. en stóð í tæplega 3 m.kr. við niðurfellingu.

Samkvæmt veðbandayfirliti frá 15. febrúar 2011 hvíla 124 m.kr. á 1. til 8. veðrétt á Brekkustíg 42. Er Sparisjóðurinn í Keflavík með veð á öllum veðréttum nema 1. en þar er Landsbankinn með 13,8 m.kr. Auk þess er sparisjóðurinn með tryggingarbréf á 9. veðrétt að fjárhæð 469.700 svissneskra franka og 46,2 miljónir japanskra jena eða tæplega 122 m.kr.

Í maí 2006 var fasteignin að Brekkustíg 42 metin af löggiltum fasteignasala og var söluverð áætlað 64 m.kr. Ári síðar eða í júlí 2007 var aftur gert verðmat á eigninni og var niðurstaða þess sú að söluverð eignarinnar væri 133 m.kr. Rétt er að benda á að á árinu 2006 hafði verið byggð 250 ferm. bílaþvottastöð við húsið sem skýrir að hluta til aukningu áætlaðs söluverðs. Samkvæmt veðbandayfirliti hafði lóðin að Brekkustíg 42 verið minnkuð úr 2500 ferm. í 1403 ferm. og búin til ný lóð sem varð Brekkustígur 44 og áðurnefnd bílaþvottastöð er staðsett á. Ljóst er að fasteignin að Brekkustíg 42 er yfirveðsett og því athyglisvert að felldar skuli hafa verið niður sjálfskuldarábyrgðir Odds Jónssonar og Jóns Trausta Jónssonar að fjárhæð 18,3 m.kr. og sjálfskuldarábyrgð Jóns Hjálmarssonar fyrir láni sem þá var að fjárhæð tæplega 3 m.kr. Þegar leitað var eftir ástæðu þessara niðurfellinga kom fram að sparisjóðurinn hefði metið Odd Jónsson sem ónýtan ábyrgðarmann þar sem hann væri eignalaus. Varðandi Jón Trausta var vísað til þess að hann væri í sjálfskuldarábyrgð fyrir lánum JTJ ehf. Þar er þó einungis um að ræða ábyrgð að hámarki 10 m.kr. Auk þess var bent á að Jón Hjálmarsson væri enn í ábyrgðum fyrir 4,1 m.kr. sem talið væri nóg fyrir hann. Samkvæmt upplýsingum í Spak eru þessar ábyrgðir nú að fjárhæð 6,1 m.kr. Þar kemur einnig fram að útlán Jóns hjá sjóðnum eru innan við 100 þúsund krónur á meðan innlán hans eru tæplega 900 þúsund krónur sem gefur ekki tilefni til að ætla að Jón gæti ekki staðið undir hærri sjálfskuldarábyrgð.

Heilsuverndarstöðin ehf. er á heildarlista PwC sem einn af stærstu skuldurum sjóðsins. Í október 2008 var lánum Heilsuverndarstöðvarinnar skuldskeytt yfir á HVST ehf. en með kaupsamningi dagsettum 9. september 2008 keypti HVST ehf. eignir Heilsuverndarstöðvarinnar ehf. er lutu að forvörnum á vinnuvernd og tengdri starfsemi fyrir 125 m.kr. og greiddi fyrir með yfirtöku skulda. Sem trygging fyrir lánum HVST ehf. voru tryggingabréf

TRÚNAÐARMÁL

með veði í „öllum almennum kröfum samkvæmt vörureikningum". Auk þess hafði HVST lagt fram handveð í 100% hlut í Heilsuvernd ehf. Skuldir Heilsuverndarstöðvarinnar hafa verið afskrifaðar og er nánar fjallað um þær afskriftir í kafla 3.9 um endanlegar afskriftir. HVST varð gjaldþrota í júní 2010.

Framkvæmd veðkalla

Óskað var eftir öllum veðköllum sem Sparisjóðurinn í Keflavík hefði framkvæmt á tímabilinu 30. júní 2008 til 23. apríl 2010. Í ljós kom að á þessu tímabili hafði sjóðurinn ekki gert neitt formlegt veðkall. Var einungis vísað til veðkalls sem sent hafði verið Smáey ehf. en það veðkall hafði verið sent þann 23. janúar 2008 og því talsvert fyrir upphaf skoðunartímabilsins. Smáey greiddi upp lán sitt við sjóðinn þann 15. apríl 2008 en félagið er ekki á heildarlista PwC.

Fram kom að þó sparisjóðurinn hefði ekki sent út formleg veðköll hefði sjóðurinn verið í viðræðum við nokkra skuldara vegna tryggingastöðu í lánasamningum. Í flestum tilfellum kveða lánasamningar ekki á um neina ákveðna tryggingaþekju. Í útlánareglum sjóðsins er heldur ekki kveðið fast að orði um tryggingaþekju. Þar kemur fram að útlán sem veitt séu til lengri tíma en 5 ára skuli „að jafnaði" vera með tryggingum sem séu verðmeiri en skuldin sjálf. Ljóst er að tryggingastaða margra viðskiptamanna var orðin mjög léleg á því tímabili sem til skoðunar var. Má þar meðal annars nefna lán til hluthafa Sparisjóðabanka Íslands, Fiskmarkaðs Suðurnesja, AEG Fjárfestingar ehf. og S-14 ehf. Auk þess má benda á að meðal stærstu skuldara voru starfsmenn sjóðsins sem fengið höfðu lán til að fjármagna stofnfjárkaup en nánar er fjallað um lán til starfsmanna í kafla 3.8.

Niðurstöður verkþáttar

Skoðun PwC undir þessum verkþátt skiptist í fjóra liði. Þrír fyrstu liðirnir fólust í því að skoða lista yfir veðflutninga, niðurfelldar tryggingar og skuldskeytingar sem fengnir voru frá Sparisjóðnum í Keflavík. Í framhaldi af því var reynt að leggja mat á hvort tryggingastaða sjóðsins hefðu á einhvern hátt versnað við þessa gjörninga og þannig rýrt möguleika sjóðsins til að fá viðkomandi lán endurgreidd.

3.4 Breytingar á tryggingum og veðum	✓		Athugasemd

3.4 Breytingar á tryggingum og veðum

Athugasemd

Gerð er athugasemd við að á skoðunartímabilinu 30. júní 2008 til 23. apríl 2010 gerði sjóðurinn ekki eitt formlegt veðkall. Í svari sjóðsins við fyrirspurn PwC kom fram að eitt veðkall hefði verið sent til Smáey ehf. í janúar 2008. Auk þess var bent á að þó sjóðurinn hefði ekki sent út formleg veðköll hefði sjóðurinn verið í viðræðum við nokkra skuldara vegna tryggingastöðu í lánasamningum en í flestum tilfellum kváðu lánasamningar ekki á um neina ákveðna tryggingaþekju.

Skoðaðir voru veðflutningar og niðurfelldar tryggingar og áttu þau mál sem tekin voru til skoðunar í flestum tilfellum eðlilegar skýringar.

Athugasemd er gerð við skuldskeytingu lána OTJ flutninga yfir á B42 ehf. Samhliða þeirri skuldskeytingu voru sjálfskuldarábyrgðir eigenda OTJ og B42 felldar niður þrátt fyrir að fasteignin að Brekkustíg 42 sem var til tryggingar lánunum væri yfirveðsett. Samtals voru eigendurnir í ábyrgðum fyrir rúmlega 20 m.kr.

Yfirlit yfir viðauka með kaflanum:

- 3-K Veðflutningar aðila af heildarlista PwC.
- 3-L Niðurfelldar tryggingar hjá aðilum af heildarlista PwC.
- 3-M Skuldskeytingar aðila af heildarlista PwC.
- 3-N Niðurfelling sjálfskuldarábyrgða Odds Jónssonar og Jóns Trausta Jónssonar
- 3-O Niðurfelling sjálfskuldarábyrgðar Jóns Hjálmarssonar

TRÚNAÐARMÁL

3.5. Ný lán

Reglur

Um framkvæmd viðskipta Sparisjóðsins í Keflavík með útlán og ábyrgðir gilda þær almennu reglur um starfsemi sparisjóðsins sem lýst var í kafla 3.1.

Í reglum um lánveitingar og ábyrgðir Sparisjóðsins í Keflavík kemur fram að sparisjóðsstjóri beri ábyrgð á útlánum og ábyrgðaveitingum sparisjóðsins. Hafði sparisjóðsstjóri samkvæmt reglunum heimild til lánveitinga upp að 15% af eiginfjárgrunni sjóðsins en lánaákvarðanir umfram 15% þurftu samþykki stjórnar. Lánveitingar sem töldust stórar áhættuskuldbindingar, þ.e. voru umfram 10% af eiginfjárgrunni sjóðsins, bar að kynna fyrir stjórn á næstu fundi þar á eftir.

Í reglum fyrir starfsmenn um útlánaheimildir í umboði og á ábyrgð sparisjóðsstjóra er í 4. gr. fjallað um lánanefnd. Þar segir að nefndin skuli fjalla um lánaákvarðanir annarra en sparisjóðsstjóra. Lánanefnd var skipuð sparisjóðsstjóra, fulltrúa sparisjóðsstjóra, forstöðumanni áhættustýringar og forstöðumanni fjárstýringar. Nefndin skyldi fjalla um lánsbeiðnir sem voru hærri en 15 m.kr. til einstaklinga og 25 m.kr. til fyrirtækja og ef heildarútlán og heildarábyrgðir væru hærri en 50 m.kr. og 500 m.kr. til sömu aðila.

Í 2. gr. reglna um útlánaheimildir er tiltekið að til grundvallar ákvörðunum um lánveitingu skuli jafnan liggja viðskiptalegar ástæður og að gæta skuli vel að gagnaöflun og gerð greiðslumats fyrir hvern skuldara. Þar sem veðtrygginga sé krafist skuli þær jafnan vera í auðseljanlegum verðmætum. Í reglunum kemur einnig fram að gæta skuli þess að þau gögn sem ákvarðanir grundvallist á séu varðveitt á aðgengilegan hátt, þannig að jafnframt sé hægt að rekja ákvarðanir starfsmanna. Útlán sem veitt séu til lengri tíma en fimm ára skuli að jafnaði vera með tryggingum sem séu verðmeiri en skuldin sjálf. Veðsettar eignir skuli ávallt meta sem næst markaðsvirði og reglulega skuli fylgjast með verðmæti trygginga. Í reglunum segir ennfremur að við mat ábyrgðarmanna skuli gæta að greiðslugetu þeirra og vanskilasögu.

Í reglum um útlánaheimildir er tafla yfir heimildir starfsmanna til útlána, skuldbreytinga og veitingu ábyrgða

Útlánaheimildir starfsmanna		
Útlánaheimild	**Einstök lán**	**Heildarútlán**
A (fyrirtæki)	25.000.000	500.000.000
B (útibússtjóri)	15.000.000	150.000.000
C (viðskiptastjóri)	15.000.000	50.000.000
D (lánafulltrúi fyrirtækja)	5.000.000	50.000.000
E (lánafulltrúi einstaklinga)	3.000.000	20.000.000

Í þessu sambandi kemur fram að sparisjóðsstjóri tilgreinir hvaða starfsmenn sparisjóðsins hafa heimildir skv. flokkunum hér að ofan. Ákvörðun

Fasteignafélag Keflavíkur ehf. er á heildarlista PwC sem félag tengt móður Jónu Bjargar Antonsdóttur sem fjallað var um fyrr í þessum kafla. Í apríl 2009 fékk félagið lán að fjárhæð 333.500 evrur til að endurfjármagna eldri skuldbindingar lántaka. Á svipuðum tíma var verið að skuldskeyta lánum frá Húsagerðinni hf. yfir á Fasteignafélag Keflavíkur ehf. en sömu eigendur eru að báðum félögunum. Sem trygging fyrir láninu voru veð í fasteignum við Hólmgarð 2A og 2C og fasteignum við Hafnargötu 45. Sparisjóðsstjóri samþykkti lánið fyrir hönd sparisjóðsins. Einnig er fjallað um Fasteignafélag Keflavíkur í kafla 3.8 um lán til starfsmanna.

Miðbaugur ehf. er á heildarlista PwC sem einn af stærstu skuldurum sjóðsins en félagið skuldaði tæplega 150 m.kr. við lok skoðunartímabilsins. Í byrjun júní 2009 fékk félagið lán að fjárhæð 362.000 evrur. sem notað var til að greiða upp skammtímafjármögnun (rekstrarlán) sem félagið hafði fengið og var einnig í evrum. Tryggingastaða sjóðsins breyttist ekki við endurfjármögnunina en sömu tryggingabréf voru áfram sem veð. Sparisjóðsstjóri samþykkti lánveitinguna.

Ný lán í RB lánakerfi

Samkvæmt lista sem afhentur var PwC yfir nýjar lánveitingar í RB voru alls veitt lán til 60 aðila af heildarlista PwC fyrir um 5,8 ma.kr. á skoðunartímabilinu, sjá viðauka 3-R. Var sérstök áhersla lögð á að skoða lánveitingar yfir 20 m.kr. en alls reyndust 29 aðilar af heildarlistanum hafa fengið lán yfir þeirri fjárhæð.

Við nánari skoðun á stærstu lánveitingunum kom í ljós að í flestum tilfellum var ekki um að ræða nýja lánveitingu heldur endurfjármögnun á eldri lánum. Var þá ýmist um að ræða uppgreiðslur yfirdráttar eða uppgreiðslur erlendra lána með lánveitingu í íslenskum krónum. Verður hér fyrst fjallað um þau lán þar sem raunverulega var um nýja lánveitingu að ræða og síðan gerð grein fyrir þeim lánum sem veitt voru til endurfjármögnunar.

Ný lán

KB framfarafélag ehf. (áður KB fjárfestingarfélag). er á heildarlista PwC sem einn af stærstu skuldurum sjóðsins en félagið skuldaði tæplega 240 m.kr. í lok skoðunartímabilsins. Félagið tengist Kaupfélagi Borgfirðinga. Í október 2009 fékk félagið lán til að kaupa hluti í Samkaupum hf. að nafnvirði 27.521.693 kr. Seljandi hlutana var Sparisjóðurinn í Keflavík. Lánið var verðtryggt og að fjárhæð 220 m.kr. og bar kjörvexti sem þá voru 7,9%. Tryggingar fyrir láninu voru bréfin í Samkaupum auk handveðs í tékkareikningi í eigu félagsins. Lánið var samþykkt af sparisjóðsstjóra. Ekki komu fram frávik frá innri reglum við skoðun á þessari lánveitingu. Fjallað er um KB framfarafélag í kafla 3.11.3 um stórar áhættuskuldbindingar.

Reykjanesbær er á heildarlista PwC sem stofnfjárhafi og einn af stærstu skuldurum sjóðsins. Reykjanesbær átti um 10,8 m.kr. að nafnverði í stofnfjárbréfum sjóðsins auk þess að skulda um 31 m.kr. við lok

TRÚNAÐARMÁL

skoðunartímabilsins. Í febrúar 2009 fékk Reykjanesbær verðtryggt lán að fjárhæð 32,3 m.kr. með 10,3% vöxtum. Lánið var til þriggja ára og var án trygginga. Lánið er samþykkt í lánanefnd þann 19. janúar 2009 en samkvæmt fundargerð virðist sparisjóðsstjóri ekki hafa setið þann fund. Sparisjóðsstjóri undirritar heldur ekki skuldabréfið til Reykjanesbæjar heldur Garðar Már Newman sem hafði ekki til þess fullnægjandi útlánaheimild. Hins vegar ber Sparisjóðsstjóra samkvæmt 4. gr. reglna um útlánaheimildir að merkja lánsskjöl útlána sem samþykkt eru af lánanefnd með upphafsstöfum sínum og virðist hann hafa gert það í þessu tilviki.

Lánveitingar til uppgreiðslu erlendra lána

Við skoðun á nýjum lánum komu fram nokkur tilvik þar sem um var að ræða lánveitingu í íslenskum krónum sem nýtt var til uppgreiðslu á erlendum lánum. Á árinu 2009 lagði sjóðurinn að mörgum viðskiptavinum sínum að myntbreyta erlendum lánum í íslenskar krónur þar sem gjaldeyrisjöfnuður sjóðsins var verulega neikvæður. Nánar er fjallað um þessar myntbreytingar í kafla 3.3 um skilmálabreytingar.

Endurfjármögnun eldri lána

Við skoðun á nýjum lánum kom fram að í nokkrum tilvikum var um að ræða lánveitingu sem fór til uppgreiðslu yfirdráttar hjá sjóðnum. Var það staðfest með skoðun á reikningsyfirlitum í RB. Var um að ræða eftirfarandi aðila; Reykjaneshöfn, Salt Investments ehf., Urtustein ehf., Hvalvík 4 ehf., Blikavöll 3 ehf., Firmex-Alex ehf., Fasteignafélag Suðurnesja ehf., Miðbaug ehf., Bugt ehf., HVST ehf., Inventa ehf., og Hrannar Hólm. Um Salt Investments og Urtustein er nánar fjallað í kafla 3.3. Eftir skoðun á lánveitingum til ofangreindra aðila er bent á eftirfarandi atriði:

HVST ehf. er á heildarlista PwC sem einn af stærstu skuldurum sparisjóðsins. Í júlí 2008 fékk Heilsuverndarstöðin ehf. tvö lán að fjárhæð 22 m.kr. og 20 m.kr. sem seinna var skuldskeytt yfir á HVST ehf. Lánveiting var samþykkt í lánanefnd sjóðsins í apríl 2008. Athygli vekur hins vegar að skuldabréfin eru ekki undirrituð af sparisjóðsstjóra sem virðist heldur ekki hafa sett upphafsstafi sína á lánaskjölin líkt og 4. gr. reglna um útlánaheimildir kveður á um. Garðar Már Newman undirritar skuldabréfin fyrir hönd sparisjóðsins en hann hafði 25 m.kr. útlánaheimild sem yfirmaður fyrirtækjasviðs. Þótt skuldabréfin hafi bæði verið innan þeirra marka var heildarlánveitingin samt sem áður 42 m.kr. og því yfir heimildarmörkum Garðars. Nánar er fjallað um HVST ehf. í kafla 3.9 um endanlegar afskriftir.

Inventa ehf. er á heildarlista PwC sem einn af stærstu skuldurum sjóðsins. Í september 2008 fékk félagið fjögur lán að fjárhæð 20 m.kr. hvert. Skuldabréfin eru ekki undirrituð af sparisjóðsstjóra heldur Garðari Má Newman yfirmanni fyrirtækjasviðs. Líkt og í tilviki HVST ehf. hafði hann útlánaheimild að fjárhæð 25 m.kr. Hér er hins vegar um að ræða lánveitingu sem samtals er að fjárhæð 80 m.kr. og því umtalsvert yfir útlánaheimild Garðars.

Nokkur tilvik komu fram þar sem ný lán voru veitt til að endurfjármagna eldri lán önnur en yfirdráttarlán. Eftirfarandi félög fengu slíka endurfjármögnun: Leigufoss ehf., H2 ehf., BASE ehf., Tjarnargata 12 ehf., Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, Drífa ehf. og Gestur Pétursson. Eftir skoðun á þessum lánveitingum er rétt að benda á eftirfarandi atriði.

BASE ehf. er á heildarlista PwC sem einn af stærstu skuldurum sjóðsins. Auk þess er félagið tengt Geirmundi Kristinssyni en hann var varamaður í stjórn félagsins fyrir hönd sparisjóðsins. Í mars 2009 fékk félagið lán að fjárhæð 132 m.kr. til þriggja ára í þeim tilgangi að endurfjármagna skuldbindingar sínar við sjóðinn. Ekkert fannst í fundargerðum stjórnar frá þessum tíma sem bendir til þess að lánið hafi verið samþykkt þar. Athygli vekur að Geirmundur undirritar lánið fyrir hönd sjóðsins á sama tíma og hann var varamaður í stjórn félagsins.

Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson er á heildarlista PwC sem einn af stærstu skuldurum sjóðsins en hann skuldaði 512 m.kr. í lok skoðunartímabilsins og var jafnframt með hæstu skuld einstaklings við sjóðinn. Auk þess telst Þorvaldur til yfirmanna fjármálafyrirtækja þar sem hann var forstjóri Saga Capital Fjárfestingarbanka á skoðunartímabilinu. Í febrúar 2009 fékk Þorvaldur lán að fjárhæð 126,3 m.kr. til að endurfjármagna eldri skuldbindingar. Var um að ræða lán til þriggja ára með 5,95% föstum vöxtum. Trygging fyrir láninu voru þær sömu og höfðu verið fyrir eldri skuldbindingum hans en það voru 460 m.kr. að nafnverði í Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. Í mars 2009 fékk Þorvaldur annað lán að fjárhæð 2 milljónir evra var það lán líka veitt til endurfjármögnunar eldri skuldbindingum en Þorvaldur hafði í maí 2007 fengið gengistryggt lán í japönskum jenum og svissneskum frönkum. Lánið var til þriggja ára og var með sömu tryggingar og lánið sem Þorvaldur hafði fengið mánuði fyrr. Ekki komu fram frávik frá innri reglum við skoðun á þessum lánveitingum en ljóst er að tryggingastaða lánanna var slæm þar sem óvissa ríkti um verðmæti Saga Capital Fjárfestingarbanka. Í lok mars 2010 var sérgreint afskriftarframlag sparisjóðsins vegna lána Þorvaldar 447 m.kr. Í lok skoðunartímabilsins voru vanskil Þorvaldar 74,3 m.kr.

TRÚNAÐARMÁL

Niðurstöður verkþáttar

Við skoðun á nýjum lánum var könnuð fylgni við lög og reglugerðir, innri reglur og verklagsreglur sjóðsins og eðlilega starfshætti.

3.5 Ný lán og uppgreidd	✓	Athugasemd

3.5 Ný lán og uppgreidd á tímabilinu

Athugasemd

Fá ný lán voru veitt á skoðunartímabilinu. Stór hluti af listum afhentum PwC reyndust í raun ekki vera nýjar lánveitingar heldur var um að ræða endurfjármögnun á eldri lánum. Þannig reyndist sjóðurinn einungis hafa veitt tvö erlend lán til aðila af heildarlista PwC á skoðunartímabilinu. Fyrra lánið var til Iceland Water Holdings ehf. sem veitt var í lok júní 2008. Athygli vekur að í apríl sama ár hafði lánanefnd hafnað því að veita félaginu lán. Sparisjóðsstjóri virðist hins vegar hafa samþykkt lánveitingu tveimur mánuðum síðar án þess að málið væri tekið fyrir í lánanefnd en rétt er að benda á að sparisjóðsstjóri á sæti í lánanefnd. Seinna lánið var að fjárhæð 11,5 milljónir japanskra jena og var veitt í nóvember 2008 til Jónu Bjargar Antonsdóttur sem var starfsmaður sjóðsins. Er þetta athyglisvert í ljósi þess að nokkru áður höfðu gjaldeyrishöft verið sett á Íslandi. Í því sambandi eru kjör lánsins einnig athyglisverð en lánið bar 2,75% vaxtaálag. Gjaldeyrisjöfnuður sjóðsins var á þessum tíma mjög neikvæður sem leiddi til þess að nokkrum mánuðum eftir lánveitinguna fór sjóðurinn í að snúa lánum í japönskum jenum og svissneskum frönkum yfir í evrur og síðar fyrir í íslenskar krónur.

Einnig eru dæmi um að aðilar hafi samþykkt lán fyrir hönd sjóðsins sem fór vel fyrir þær heimildir sem þeir höfðu. Einnig eru dæmi um að lán hafi verið brotin niður í smærri lán, samþykkt innan heimilda starfsmanns en saman farið vel yfir heimildir.

Yfirlit yfir viðauka með kaflanum:

- 3-P Ný lán í Flexcube lánakerfi til aðila af heildarlista PwC.
- 3-Q Skuldabréf Jónu Bjargar Antonsdóttur
- 3-R Ný lán í RB lánakerfi til aðila af heildarlista PwC

3.6. Yfirdrættir

Reglur

Sérreglur um yfirdrætti er ekki að finna í regluumhverfi sparisjóðsins. Hinsvegar ber svo að líta að almennar útlánareglur eigi við yfirdrætti jafnt sem aðrar lánveitingar. Varðandi heimildir til veitingu yfirdráttalána vísast til reglna um útlánaheimildir en þær koma fram í almennum reglum sjóðsins.

Eftirtaldar eru helstu reglur sem stuðst var við skoðun á yfirdráttum:

- Reglur um Lánveitingar og ábyrgðir Sparisjóðsins í Keflavík, 2005 og 28. október 2008
- Reglur Sparisjóðsins í Keflavík um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra, 26. febrúar 2007 og 28. október 2008.
- Reglur Sparisjóðsins í Keflavík um framkvæmd áhættustýringar, 28. október 2008.
- Erindisbréf fyrir sparisjóðsstjóra Sparsjóðsins í Keflavík, 30. september 2008
- Útlánaheimilidir, 29. mars 2005 og desember 2008 (ekki undirritað af stjórn)

Í reglum fyrir starfsmenn um útlánaheimildir í umboði og á ábyrgð sparisjóðsstjóra er í 4. gr. fjallað um lánanefnd. Lánanefnd, skipuð sparisjóðsstjóra, fulltrúa sparisjóðsstjóra, forstöðumanni áhættustýringar og forstöðumanni fjárstýringar, fjallar um lánsbeiðnir aðrar en þær sem samþykktar eru af sparisjóðsstjóra. (reglum breytt haustið 2008) Aðrir með heimildir eru svo A og B aðilar með heimild uppá 15 og 25 m.kr. Aðilar þurfa að leggja sín mál fyrir lánanefnd sem síðan tekur þau mál til afgreiðslu. sem eru hærri en 15 m.kr. til einstaklinga og 25 m.kr. til fyrirtækja og ef heildarútlán og heildarábyrgðir eru hærri en 50 m.kr. og 500 m.kr. til sömu aðila. Lánanefnd skal skrá fundargerð.

Verklag

Kallað var eftir listum yfir stöðu á yfirdráttarlánum og heildarútlánastöður viðskiptamanna Spkef á sex eftirtöldum dagsetningum; 30. júní 2008, 30. september 2008, 31. desember 2008, 30. júní 2009, 31. desember 2009 og 22. apríl 2010. Vegna ónákvæmni í stöðulistum 30. september 2008 og 30. júní 2009 var þeim sleppt úr vinnslu þessa kafla.

Útlánalistar og yfirdráttarlistar voru ekki að fullu samanburðarhæfir þar sem eins dags munur var á stöðutölum listanna og geta því verið frávik í töflum sem eiga rætur að rekja til þess.

TRÚNAÐARMÁL

Umsögn

Skoðunin beindist að yfirdráttarlánum til þeirra sem eru á heildarlista PwC. Skoðunin lítur að hækkun heimilda milli stöðudagsetninga umfram viðmiðunarmörk, yfirdráttarheimildum yfir viðmiðunarmörkum og yfirdráttarlánum umfram heimildir.

Til skoðunar komu þeir aðilar sem eru á heildarlista PwC yfir aðila til skoðunar. Alls reyndust 409 aðilar með 549 reikninga af heildarlistanum með yfirdráttarheimild á því tímabili sem skoðunin náði til. Valið var úrtak til greininga m.t.t. neðangreindra atriða:

- **Yfirdráttarheimild yfir viðmiðunarmörkum** - Aðilar sem voru með yfirdráttarheimild yfir ákveðnum viðmiðunarmörkum. Miðað var við lögaðila sem voru með yfirdráttarheimild hærri en 5 m.kr. á einhverjum af þeim völdu dagsetningum sem voru til skoðunar og einstaklinga sem voru með yfirdráttarheimild hærri en 1 m.kr. á einhverjum af þessum sömu dagsetningum.

Samtals voru þetta 84 aðilar (44 lögaðilar og 40 einstaklingar) með 97 reikninga. Sjá nánar yfirlit í viðauka 3-S. Ástæður þess að Dalshús og Hraunsetrið falla út af lista í lok tímabils er að þeir eru með endanlega afskrift á tímabilinu. Sjá nánari umfjöllun í kafla 3.9 um endanlegar afskriftir útlána.

- **Heildarlán yfir hámarksútlánaheimildum og hækkun á yfirdrætti** - Aðilar sem fengu hækkun á yfirdráttarheimild samfara því að vera með heildarlán yfir hámarksmörkum á tímabilinu samkvæmt 4. gr. reglna um útlánaheimildir. Um er að ræða heildarlán til einstaklinga hærri en 50 m.kr. og 500 m.kr. til fyrirtækja á einhverju af ofangreindum tímabilum þar sem yfirdráttarheimild er einnig hækkuð.

Um var að ræða 17 aðila (7 lögaðilar og 10 einstaklingar) með 20 útlánastöður, sjá viðauka 3-T, með kaflanum. Frávik á lista er einna helst hjá Guðmundi Haukssyni en hann gerir samkomulag við sjóðinn á árinu 2009 og við það breytist yfirdrátturinn. Varðandi Steinþór Jónsson þá verður nafnabreyting á tékkareikning 3378 og er hann færður inn í félagið SJE ehf. og birtist því meðal fyrirtækja í viðaukanum.

Viðaukin sýnir yfirdráttarheimild viðkomandi aðila á ákveðnum dagsetningum á ofangreindum viðmiðunartímabilum ásamt heildarskuld viðkomandi aðila.

- **Starfsmenn og makar**, 27 aðilar með 30 útlánastöður. Um var að ræða starfsmenn og maka starfsmanna sem voru með yfirdráttarheimildir virkar á ákveðnum dagsetningum. Viðmiðunarmörk listans miðast við yfirdráttarheimild sem var hærri en 1 m.kr., og höfðu fengið hækkun á yfirdráttarheimildum. Sjá viðauka 3-T.

Breytingar á yfirdráttarheimildum þessa hóps voru ekki miklar á þessum tímapunktum. Stærsta einstaka breytingin var frá 5 m.kr. hjá Elsu uppí 12,7 m.kr. í lok tímabils. Fjallað er nánar um lánveitingar til starfsmanna í kafla 3.8.

Nánari upplýsingar er að finna í viðauka 3-U og sýnir sá viðauki yfirdráttarheimild viðkomandi aðila á ofangreindum viðmiðunar-dagsetningum ásamt heildarskuld viðkomandi aðila.

- **Vanskil** - Aðilar sem fengu hækkun á yfirdráttarheimild á sama tímabili og þeir voru í vanskilum við sjóðinn. Um var að ræða tímabilin á milli fjögurra eftirtaldra dagsetninga; 30. júní 2008, 31. desember 2008, 31. desember 2009 og 22. apríl 2010. Alls voru þetta 55 aðilar (31 lögaðilar og 24 einstaklingar) með 55 útlánastöður. Sjá viðauka 3 -V. Viðaukinn sýnir yfirdráttarheimild viðkomandi aðila á ofangreindum viðmiðunardagsetningum ásamt vanskilum. Stærstu frávikin liggja hjá Leiðarenda ehf. og Húsagerðinni hf. upp á annars vegar 3 m.kr. hækkun á sama tíma og 109 m.kr. vanskil voru til staðar og hinsvegar aukning hjá Húsagerðinni á yfirdrætti upp á 8 m.kr. á sama tíma og félagið var með 149 m.kr. í vanskilum. Vísað er til viðauka 3-V til frekari skoðunar.

Sérstaka skoðun fengu aðilar sem voru með yfirdráttarstöðu umfram yfirdráttarheimild. Miðað var við þá einstaklinga sem voru með stöðu með meira en 500 þús.kr. frávik umfram heimild og fyrirtæki sem voru með meira en 1 m.kr. umfram heimild. Þetta voru 21 aðili (14 lögaðilar og 7 einstaklingar) með 21 útlánastöðu. Lang stærsti hluti yfirdrátta umfram heimildir er hjá aðilum sem eru flokkaðir sem stærstu lántakendur. Sjá viðauka 3-X.

Viðaukinn sýnir yfirdráttarheimild viðkomandi aðila á ofangreindum viðmiðunardagsetningum ásamt ádrætti á yfirdráttarheimildinni.

Yfirdráttarstöður umfram heimild				
Reikningur	Nafn	Tengsl	Staða 2008	Staða 2009
1109-26-2677	BASE ehf	Stærstu skuldarar	-124.371	-
1128-26-2603	Dalshús ehf	Stærstu skuldarar	-88.283	-
1109-26-10118	Guðmundur S Björgm.	Venslaður aðili	-38.772	-
1109-26-1151	Guðmundur Örn Hauksson	Yfirmaður fjárm.f.	-65.388	-
1128-26-5388	Hraunsetrið ehf	Stærstu skuldarar	-90.780	-90.305
1109-26-12071	Urtusteinn ehf	Stærstu skuldarar	-203.010	-489

Ástæður frávika BASE ehf. er að þar urðu breytingar á lánsformi, frávik vegna Dalshúsa er tilkomið vegna afskrifta á árinu 2009, Guðmundur S Björgmundsson er einnig með afskrift á árinu 2009 og sama á við um Hraunsetrið ehf. nema þar er afskrifað 2010. Guðmundur Hauksson semur um sína stöðu á árinu 2009 og í síðasta frávikinu hjá Urtusteini var um að ræða breytingar á lánsformi. Sjá nánar viðauka 3-X.

TRÚNAÐARMÁL

Niðurstöður verkþáttar

Skoðað var hvaða verklagsreglur giltu um breytingar á yfirdrætti útlána. Leitast var við að skoða frávik í yfirdráttum og farið lauslega yfir heimildir um rekjanleika breytinga.

Eitt atriði kom til skoðunar og er gerð grein fyrir meginatriðum niðurstaðna þess í eftirfarandi töflu:

3.6 Yfirdrættir	✓	Til upplýsinga

3.6 Yfirdrættir

Til upplýsinga

Í Sparisjóðnum í Keflavík voru ekki til sértækar reglur um meðferð yfirdráttarbeiðna. Eðlilegast er því að nota við útlánaveitinga og heimildir aðila við að veita slíkar fyrirgreiðslur. Eflaust ættu í sumum tilfellum hækkanir á yfirdráttarheimildum að hafa komið fyrir lánanefnd sjóðsins. Könnun var gerð á fundargerðum og þar með samþykktum lánanefndar sem leiddi í ljós að fæstar af þeim hækkunum er koma fram í viðaukum hafa farið fyrir lánanefnd. Í einhverjum tilvikum gæti verið að umsókn um aukinn yfirdrátt hefði átt að fara fyrir lánanefnd sökum stöðu viðkomandi eða það hann hefði verið kominn upp fyrir heimildir. Í einhverjum gæti sparisjóðsstjóri hafa komið að málum og er það innan heimilda lánareglna.

Yfirlit yfir viðauka með kaflanum:

- 3-S Hækkanir á yfirdrætti með hliðsjón af útlánum á föstum dagsetningum.
- 3-T Hækkanir á yfirdrætti á ákveðnum dagsetningum.
- 3-U Starfsmenn og makar með hækkun á yfirdrætti á ákveðnum dagsetningum.
- 3-V Staða yfirdráttar á ákveðnum dagsetningum, á sama tíma áttu sér stað vanskil.
- 3-X Staða yfirdráttar umfram yfirdráttarheimildir á ákveðnum dagsetningum.

Þrátt fyrir endurteknar fyrirspurnir um ársreikninga móðurfélagsins í árslok 2008 og 2009 bárust þeir ekki.

Við samanburð á stöðulistum milli tímabila er vísbending um að mótteknir stöðulistar miðað við árslok 2008 hafi ekki náð til allra útgefinna ábyrgða á þeim tímapunkti. Við yfirferð á stöðulistum yfir útgefnar ábyrgðir á viðmiðunardagsetningum, sjá viðauka 3-Y og 3-Z, má sjá all marga aðila sem eru með útgefnar ábyrgðir þann 30. júní 2008 og aftur 30. júní 2009 en er hins vegar ekki að finna á stöðulista í árslok 2008. Einnig eru þó nokkrir aðilar með sömu fjárhæð á öllum viðmiðunardagsetningunum nema í árslok 2009 að staðan er á núlli.

Meðfylgjandi tafla sýnir skiptingu á veittum ábyrgðum þar sem annars vegar er um að ræða aðila sem eru á heildarlista PwC til skoðunar og hins vegar aðilar sem ekki eru á þeim lista.

Útistandandi útgefnar ábyrgðir			
Dagsetning	**Á heildarlista PwC**	**Ekki á heildarlista PwC**	**Samtals**
30.06 2008	1.949.051.480	884.066.128	2.833.117.608
31.12 2008	108.752.902	344.816.920	453.569.822
30.06 2009	543.124.608	878.241.865	1.421.366.473
31.12 2009	874.230.032	712.461.946	1.586.691.978
22.04 2010	462.892.557	1.869.468.139	2.332.360.696

Heildarlisti yfir útgefnar ábyrgðir til aðila á lista PwC er í viðauka 3-Y og heildarlisti yfir útgefnar ábyrgðir til aðila sem ekki eru á lista PwC er að finna í viðauka 3-Z

Eftirtaldir aðilar á heildarlista PwC voru teknir til skoðunar með tilliti til þess hvort ábyrgðarþóknun hefði verið innheimt sem og hvort sparisjóðurinn hefði tryggingar á móti útgefnum ábyrgðum. Meðfylgjandi tafla sýnir niðurstöðu úr þeirri könnun:

Útgefnar ábyrgðir - aðilar á heildarlista PwC				
Nöfn	**Kennitölur**	**Tengsl við heildarlista PwC**	**Innheimt ábyrgðarþóknun**	**Trygging á bak við útgefnar ábyrgðir**
Blikavöllur 3 ehf	640306-0680	Stærstu skuldarar // 0,43 ma.	Nei	Já
Bugt ehf	440297-2189	Stofnfjárhafi í SpKef // 8,76 millj.	Já	Nei
Eik ehf.trésmiðja	640191-1719	Félag tengt // Björgvin Sigurjónsson	Já	Já
H-60 ehf	440507-0180	Félag tengt // Björgvin Sigurjónsson	Nei	Já
Happi hf	691194-2059	Stærstu skuldarar // 1,08 ma.	Já	Já
Hjalti Guðmundsson ehf	611299-3469	Stærstu skuldarar // 0,13 ma.	Nei	Já
Húsagerðin hf	610472-0369	Stærstu skuldarar // 0,15 ma.	Nei	Já
Kista-fjárfestingarfélag ehf	531206-0530	Stærstu skuldarar // 0,85 ma. // Félag tengt // Geirmundur Kristinsson	Nei	Nei
KNH ehf	710795-2239	Stærstu skuldarar // 0,19 ma.	Já	Já
Nesbyggð ehf	481102-2510	Stærstu skuldarar // 1,48 ma.	Já	Já
Nesþýði ehf	450793-2489	Félag tengt // Birgir Þór Runólfsson	Já	Já
Ný-fiskur	510496-2489	Stærstu skuldarar // 2,18 ma.	Já	Já
Stálnes ehf	511290-1399	Stærstu skuldarar // 0,39 ma.	Nei	Já
Vilhelm Róbert Wessman	041069-3769	Ekki á heildarlista PwC	Nei	Nei

Byggt á ofangreindu úrtaki virðist sparisjóðurinn almennt fá tryggingar á móti útgefnum ábyrgðum. Þó eru þar undantekningar á en útgefnar ábyrgðir til Kistu-fjárfestingarfélags ehf. og Vilhelms Róberts Wessman fá umfjöllun síðar í þessum kafla. Rétt er að taka fram að Vilhelm Róbert Wessmann kom reyndar ekki fram á heildarlista PwC en engu að síður var hann tekinn með sem slíkur og byggði sú ákvörðun á hárri fjárhæð ábyrgðarinnar. Auk þess var eignahaldsfélag hans Salt Investments á heildarlista PwC.

Ábyrgðarþóknun er hins vegar innheimt í færri tilvikum sem er í samræmi við framkomnar upplýsingar starfsmanna og sagt er frá í kaflanum um reglur.

Sundurliðun yfir stöðu innleystra ábyrgða er að finna í viðauka 3-Þ en heildarfjárhæðir innleystra ábyrgða á dagsetningunum 30. júní og 31. desember árin 2009 og 2010 sem og 22. apríl 2010 má sjá í eftirfarandi töflu.

Innleystar ábyrgðir	
Dagsetning	**Staða**
30.06.08	4.602.938
31.12.08	32.180.252
30.06.09	25.088.034
31.12.09	887.877.285
22.04.10	887.289.436

Innleystar ábyrgðir hækkuðu verulega á seinni árshelmingi 2009. Þá hækkun má rekja til Kistu-fjárfestingarfélags ehf., að fjárhæð 855.246.061 kr. sem eins og áður hefur komið fram, fær umfjöllun síðar í þessum kafla.

Í umfjöllun um reglur í upphafi kaflans um ábyrgðir var upplýst að gjaldfærsla útgefinna ábyrgða fái sömu bókhaldslegu meðhöndlun sem um endanlega afskrift útlána væri að ræða. Umfjöllun um þennan þátt fellur því inn í umfjöllun um endanlegar afskriftir útlána, sjá kafla 3.9.

Kista–fjárfestingarfélag ehf. (Kista) er á heildarlista PwC sem einn af stærstu skuldurum sjóðsins og er það vegna innleystrar ábyrgðar. Kista er hlutdeildarfélag sparisjóðsins og er Geirmundur Kristinsson í stjórn félagsins.

Á stjórnarfundi Sparisjóðsins í Keflavík 20. júní 2008 var samþykkt framlenging á áður útgefnum ábyrgðum frá febrúar 2008 vegna Kistu. Um var að ræða 860 m.kr. ábyrgð til Straums-Burðaráss Fjárfestingarbanka hf. (Straumur) og 640 m.kr. ábyrgð til Glitnis banka hf. Ábyrgðirnar, sem áttu að renna út 15. október 2008, áttu að ná til allra skulda og skuldbindinga Kistu við ábyrgðarhafa óháð því hvenær til þeirra var stofnað.

Ábyrgðaryfirlýsingarnar undirrituðu 4 stjórnarmenn; Þorsteinn Erlingsson, Kristján Gunnarsson, Birgir Þór Runólfsson og Heimir Ágústsson.

Stjórn Sparisjóðsins í Keflavík fjallaði öðru hvoru um málefni Kistu. Í fundargerð stjórnar frá 13. janúar 2009 kemur fram að ábyrgð sem eigendur lögðu fram gagnvart Glitni banka hafi verið með innköllunarákvæði þann 30. desember 2008. Engin innköllun hafði átt sér stað og þurfti því að taka ákvörðun um hvort eigendur létu ábyrgðina falla, þ.e. greiði hana ekki eða standa við hana.

Þann 31. desember 2009 innleysti sparisjóðurinn útgefna ábyrgð til Straums og nam fjárhæðin 855.246.061 kr. sem skýrir mikla hækkun á innleystum ábyrgðum eins fram kom fyrr í þessum kafla. Fjárhæðin stóð enn sem innleyst ábyrgð þann 22. apríl 2010. Á afskriftarreikningi útlána í árslok 2009 er að finna varúðarniðurfærslu að fjárhæð 755 m.kr. króna vegna Kistu og var sú fjárhæð óbreytt þann 22. apríl 2010.

Sparisjóðurinn hefur aftur á móti ekki innleyst útgefna ábyrgð til Glitnis. Fram kom í samtali við starfsmann sparisjóðsins að unnið væri að slitum á Kistu og hefði ein krafa borist í búið og væri hún frá Glitni. Um Kistu er einnig fjallað í kafla 3.11.11

Vilhelm Róbert Wessmann (VRW), er ekki að finna á heildarlista PwC. Engu að síður var hann tekinn með í úrtakinu sem tekið var til skoðunar. Ákvörðun þar um byggði á fjárhæð útgefinnar ábyrgðar og því að eignarhaldsfélag hans er á heildarlistanum sem einn af stærstu skuldurum sjóðsins. Í tilviki VRW er um að ræða útgefna ábyrgð sem dagsett var 17. júlí 2008 og nemur fjárhæð ábyrgðarinnar 2.125.000 evrum.

Ábyrgðin er til komin vegna ábyrgðar sem VRW gaf út til Landsbankans í Luxembourg vegna láns til AB Capital ehf. Landsbankinn samþykkti að fresta innheimtu vaxta sem Sparisjóðurinn í Keflavík samþykkti að ábyrgjast að hluta eða sem nemur 2.125.000 evrum. Tímalengd ábyrgðar kemur ekki fram í ábyrgðarskjalinu. Í tölvupósti sem fylgir með gögnum í Spak er talað um að tímalengdin sé 6 mánuðir og einnig er talað um að gjalddaginn sé 28. nóvember 2008 sem gengur ekki upp miðað við útgáfudag og 6 mánaða lengd. Í tölvupóstinum kemur einnig fram að Björgólfur Thor Björgólfsson og Straumur ábyrgist 33 milljónir evra. Sagt er að AB Capital sé í eigu Straums 5%, Björgólfs Thors 44% og okkar 51% en með okkur er væntanlega átt við Salt Investments ehf. sem Árni Harðarson virðist skrifa tölvupóstinn fyrir.

Ábyrgðin var gefin út 17. júlí 2008 en kom ekki fram á stöðulista útgefinna ábyrgða fyrr en 22. apríl 2010 þá að fjárhæð 364,9 m.kr. sem lætur nærri að samsvara evrufjárhæðinni umreiknaðri yfir í íslenskar krónur á þeim degi.

Það vekur óneitanlega athygli að fjárhæðin skuli ekki koma fram á eldri stöðulistum eftir útgáfudag ábyrgðarinnar. Samkvæmt upplýsingum frá

sparisjóðnum á ábyrgðin enn að vera opin. Varúðarniðurfærslu vegna ábyrgðarinnar er ekki að finna á afskriftarreikningi útlána hvorki þann 22. apríl 2010 né heldur í árslok 2009 eða 2008. Á lista yfir afskriftarreikning útlána 22. apríl 2010 sem og í árslok 2009 er hins vegar að finna varúðarniðurfærslu vegna Salt Investments ehf., sem rekja má til útlána.

VRW hefur ekki verið í viðskiptum við Sparisjóðinn í Keflavík. Í ljósi þess er eftirtektarvert að sparisjóðurinn gefi út ábyrgð í þágu VRW án þess að innheimta þóknun fyrir og án þess að fá einhverjar tryggingar frá VRW á móti. Því er við að bæta að Salt Investments ehf., sem nefnt er til sögunnar hér að framan, er með lán hjá sparisjóðnum en var ekki í bankaviðskiptum við sparisjóðinn frekar en VRW utan hreyfinga á bankareikningi í tengslum við útborgun sparisjóðsins á láninu til Salt Investments ehf. Varðandi umfjöllun um lánið til Salt Investments ehf. er vísað í umfjöllun þar um bæði í kafla 3.3 um skilmálabreytingar og kafla 3.5 um ný lán.

Niðurstöður verkþáttar

Markmiðið með þessum verkþætti var að kanna útgáfu nýrra ábyrgða og innlausn. Einnig var markmiðið að skoða framlagningu upplýsinga á stjórnarfundum og í árs- og árshlutareikningum sparisjóðsins.

Til skoðunar voru veittar og innleystar ábyrgðir og er gerð grein fyrir meginatriðum niðurstaðna þeirra í eftirfarandi töflu:

3.7 Ábyrgðir	✓	Athugasemd

3.7. Ábyrgðir

Athugasemd

Engar skriflegar reglur voru um verklag við ábyrgðir og innheimtu ábyrgðarþóknunar vegna ábyrgðar.

Við yfirferð á samhengi þóknunar og trygginga fyrir veittum ábyrgðum komu fram tvö frávik, annað vegna ábyrgðar til Kistu fjárfestingarfélags ehf. og hitt vegna ábyrgðar til Vilhelms Róberts Wessmann (VRW). Um Kistu liggja fyrir samþykktir stjórnar en ekki er að sjá nein ákvæði um innheimtuþóknun þó svo að ábyrgðin sé án trygginga. Vegna VRW liggur fyrir ábyrgðaryfirlýsing en frávik eru í tímalengd og í því að ekki hafi verið innheimt innheimtuþóknun á móti ótryggðri ábyrgðarskuldbindingu og engri viðskiptasögu.

Framlagning gagna

Ósamræmis var á milli móttekinna stöðulista yfir veittar ábyrgðir og birtum upplýsingum um skuldbindingar utan efnahags í árs- og árshlutareikningum sparisjóðsins. Óskað var skýringa en var þeim fyrirspurnum ósvarað í lok skýrslugerðar.

Yfirlit yfir viðauka með kaflanum:

- 3-Y Veittar ábyrgðir - aðilar af heildarlista PwC
- 3-Z Veittar ábyrgðir - aðilar ekki á heildarlista PwC
- 3-Þ Innleystar útgefnar ábyrgðir

TRÚNAÐARMÁL

3.8. Lánafyrirgreiðslur til starfsmanna

Reglur

Engar sérstakar reglur voru til um lán til starfsmanna í útlánareglum Sparisjóðsins í Keflavík. Í reglum um lánveitingar og ábyrgðir frá 29. mars 2005 stendur í 5. gr. að skýrt skuli tekið fram að starfsmenn að undanskildum sparisjóðsstjóra skuli meðhöndlaðir á sama hátt og almennir viðskiptamenn hvað útlán snertir. Í reglum fyrir starfsmenn með útlánaheimildir frá 29. mars 2005 segir í 7. gr. að hækkanir útlána til starfsmanna sparisjóðsins, skulu jafnan staðfestar af sparisjóðsstjóra. Sparisjóðsstjóri skuli reglulega kynna sér útlán og vanskil starfsmanna og maka þeirra. Útlánareglur eru settar á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 531/2003, um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum, auk reglna hjá sparisjóðnum sjálfum um lánveitingar og ábyrgðir frá 28. október 2008.

Útlánareglum er ætlað að taka til almennra lánveitinga og ábyrgða Sparisjóðsins í Keflavík. Meginreglan við ákvörðun um útlán er að meta áætlaða greiðslugetu og eignastöðu lánþega, framboðnar tryggingar og viðskipti við Sparisjóðinn í Keflavík með það fyrir augum að tryggja sem best að lántaki geti staðið við skuldbindingar sínar.

Í reglum fyrir starfsmenn um útlánaheimildir í umboði og á ábyrgð sparisjóðsstjóra frá 29. mars 2005 segir í 3. gr. að sparisjóðsstjóri láti starfsmönnum í té heimildir til útlána, skuldbreytinga og veitingu ábyrða í samræmi við útlánareglur. Útlánareglunar eru síðan flokkaðar niður eftir fjárhæðum. Sparisjóðsstjóri tilgreinir síðan hvaða starfsmenn hafi hvaða heimildir. Heimildirnar eiga við um lán til starfsmanna eins og önnur lán.

Samkvæmt siðareglum Sparisjóðsins í Keflavík eiga starfsmenn og makar þeirra ekki að vera í vanskilum við sparisjóðinn. Í reglunum segir að starfsmenn sparisjóðsins eða makar þeirra skuli ekki vera í vanskilum við Sparisjóðinn. Séu horfur á að starfsmaður lendi í vanskilum skal hann hafa samband við sparisjóðsstjóra eða staðgengil hans og leggja drög að frágangi vanskila.

Í reglum Sparisjóðsins í Keflavík um framkvæmd starfa sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra segir í 24. gr. að stjórnarmenn skuli ekki taka þátt í meðferð mála sem varða viðskipti þeirra sjálfra, fyrirtækja sem þeir eiga beinan eða óbeinan virkan eignarhlut í eða sitji í stjórn eða varastjórn fyrir. Í 28. gr. segir að viðskiptaerindi stjórnarmanna og fyrirtækja sem þeir eru í forsvari fyrir skulu lögð fyrir stjórn sparisjóðsins til samþykktar eða synjunar.

Verklag

Skoðaðar voru lánareglur Sparisjóðsins í Keflavík varðandi lán til starfsmanna og fyrirspurnum beint til starfsmanna sjóðsins um hvort farið hafi verið eftir lánareglum vegna lána til starfsmanna.

Upplýsingar voru fengnar úr útlánakerfum, sem innri endurskoðandi Spkef sparisjóðs sá um að afla hjá starfsmönnum sjóðsins. Einnig var notast við upplýsingar úr Spak. Fenginn var heildarlisti allra útlána miðaður við dagsetningarnar 30. júní 2008, 30. september 2008, 31. desember 2008, 30. júní 2009, 31. desember 2009 og 22. apríl 2010. Auk þess var fenginn listi yfir starfsmenn, maka og félög tengd starfsmönnum. Var sá listi keyrður saman við útlánalista.

Að teknu tilliti til lánareglna voru eftirfarandi atriði til skoðunar:

1. Skuldastaða starfsmanna: Könnuð var skuldastaða starfsmanna og maka þeirra auk félaga í þeirra eigu hjá Sparisjóðnum í Keflavík, sérstaklega þeirra sem voru með hærri skuldastöðu en 50 m.kr. þann 30. júní 2008 og/eða 22. apríl 2010. Skoðaðar voru nýjar lánveitingar til starfsmanna og kannað hvort starfsmenn hefðu greitt upp lán á tímabilinu. Skoðun beindist einnig að því hvort einhverjar óeðlilegar breytingar hefðu verið gerðar á skilmálum útlána.

2. Vanskil starfsmanna: Skoðuð voru vanskil starfsmanna meðal annars með tilliti til skýrslu innri endurskoðanda um vanskil starfsmanna. Kannað var eftirfylgni sparisjóðsstjóra með vanskilum.

3. Skuldastaða stjórnarmanna: Könnuð var skuldastaða stjórnarmanna sjóðsins sem voru í stjórn á tímabilinu 30. júní 2008 til 22. apríl 2010. Könnuð var skuldastaða stjórnarmanna og maka þeirra auk félaga í þeirra eigu hjá Sparisjóðnum í Keflavík. Sérstaklega var litið til þeirra sem skulduðu meira en 50 m.kr. þann 30. júní 2008 og/eða 22. apríl 2010. Skoðaðar voru nýjar lánveitingar til stjórnarmanna og hvort lán hefðu verið greidd upp. Skoðun beindist einnig að því hvort einhverjar óeðlilegar breytingar hefðu verið gerðar á skilmálum útlána.

4. Tryggingar útlána voru skoðaðar samhliða skoðun lánanna almennt. Skoðunin náði til trygginga fyrir útlánum starfsmanna og stjórnarmanna Sparisjóðsins í Keflavík og hvort breytingar hefðu orðið á tryggingum á tímabilinu. Tryggingargat í Spak í febrúar/mars 2011 var skoðað en ekki er hægt að skoða slíkar upplýsingar aftur í tímann í Spak, einungis stöðuna eins og hún er þegar skoðun fer fram enda um lifandi upplýsingar að ræða.

5. Lánveitingar og skilmálabreytingar til fyrirtækja í eigu starfsmanna. Til að tryggja að félög í eigu lykilstarfsmanna væru á heildarlista PwC voru kennitölur lykilstarfsmanna keyrðar saman við upplýsingar úr Lánstrausti. Listar yfir útlán 30. júní 2008, 30.6..2009 og 22.4. 2010 voru notaðir til að greina heildarútlán til félaga í eigu lykilstarfsmanna. Skoðunin beindist að félögum sem voru með háa skuldastöðu, eða tryggingargat eða höfðu fengið ný lán eða skilmálabreytingu á tímabilinu.

Starfsmannalán

Umsögn

Markmiðið var að skoða skuldastöðu starfsmanna í upphafi tímabils, skoða þróun á tímabilinu og greina breytingar. Fenginn var heildarstöðulisti allra lána sem síðan var keyrður saman við lista yfir alla starfsmenn, maka og fyrirtæki tengd þeim.

Fengnar voru stöður útlána þann 30. júní 2008, 30. september 2008, 31. desember 2008, 30. júní 2009, 31. desember 2009 og 22. apríl 2010. Niðurstöður samanburðar og yfirlit yfir stöðu lánveitinga til starfsmanna, maka þeirra og tengdra félaga þann 22. apríl 2010 kemur fram í viðauka 3-Æ.

Samkvæmt listanum eru heildarútlán til starfsmanna, maka þeirra og tengdra félaga samtals 2,4 ma.kr. Um er að ræða yfirdrætti á hlaupareikningum, kreditkortaskuldir, skuldabréf, víxla, viðskiptabréf, myntkörfulán, og rekstrarlán í erlendri mynt. Hæsta skuldastaða starfsmanns nam 204,9 m.kr. Fjallað er um einstakar lánveitingar og skilmálabreytingar þeirra þrettán aðila sem komu til skoðunar samanber lista hér að neðan. Framsetning umfjöllunar er með þeim hætti að sérvaldir voru nokkrir aðilar úr töflunni hér að neðan og er umfjöllun um þá hér að neðan. Umfjöllun um aðra á listunum að finna í viðauka 3-Ö.

Sjá meðfylgjandi töflu yfir stærstu starfsmanna skuldbindingar þann 22. apríl 2010,

10 stærstu skuldarar meðal starfsmanna					
Nafn:	Staða	Staða	Staða	Spakur	Spakur Tryggingagat
Starfsmenn	30.6.2008	30.6.2009	22.4.2010	feb.11	feb.11
Halldór Sigfússon	97.583.729	178.241.383	204.900.689	219.049.785	218.749.766
Björn Traustason	97.699.782	178.710.148	195.732.926	209.727.739	203.490.746
Erna Snorradóttir	81.759.595	149.390.447	170.458.361	182.727.259	176.058.699
Kolbrún Indriðadóttir	75.628.342	139.807.591	148.344.324	158.461.189	156.711.813
Ágústa Bjarnadóttir	44.531.210	81.758.487	93.192.811	99.975.495	98.947.594
Pétur Danielsson-maki	26.205.376	30.577.693	34.603.608	37.253.078	23.153.078
Kristín Magnúsdóttir	34.489.226	62.096.296	81.358.463	87.306.767	86.811.681
Hilmar Hjartarson -maki	24.284.355	28.817.875	32.254.709	35.282.939	20.632.939
Guðmundur Hreggviðsson	5.902.910	75.857.333	80.822.268	89.426.927	87.387.328
Árni Björgvinsson	321.227	17.888	0	2.360.000	1.710.000
Friðbjörg Helgadóttir –maki	16.164.060	21.526.710	21.848.897	24.393.457	5.649.582
Bókhald og rekstur ehf	15.655.246	73.506.457	75.601.283	78.748.639	65.773.639
Ásdís Guðmundsdóttir	34.254.532	60.813.886	64.106.288	68.286.830	66.477.859
Edvald Magnússon	32.583.355	59.438.766	62.889.603	67.859.795	66.959.795
Samtals	587.062.945	1.140.560.960	1.266.114.230	1.360.859.899	1.278.514.519

Einnig var útbúinn listi yfir þá þrjá aðra starfsmenn sem valdir voru til skoðunar sjá eftirfarandi töflu.

Aðrir starfsmenn valdir til skoðunar					
Nafn:	Staða	Staða	Staða	Spakur	Spakur Tryggingagat
Starfsmenn	30.6.2008	30.6.2009	22.4.2010	feb.11	feb.11
Eva Stefánsdóttir	34.839.042	54.932.128	56.648.339	60.270.576	5.305.576
Högni Þórðarson	5.095.251	56.164.741	58.351.471	62.949.249	56.523.205
Jóna Björg Antonsdóttir	7.181.647	15.843.263	2.057.064	3.214.508	3.214.508
Fasteignafélag Keflavíkur	0	60.203.315	62.363.177	59.199.888	12.839.352
Húsagerðin ehf	223.013.537	164.362.366	153.273.246	187.667.450	107.509.666
Samtals	**270.129.477**	**351.505.813**	**332.693.297**	**373.301.671**	**185.392.307**

Sparisjóðurinn hefur lánað starfsfólki sínu nokkuð háar fjárhæðir og virðist í sumum tilfellum óvíst hvort þeir starfsmenn hafi laun til að standa undir lánunum. Einnig er oft erfitt að átta sig á viðskiptalegum forsendum lánanna.

Nokkuð er um að útlán til starfsmanna séu án trygginga. Útlán án trygginga til starfsmanna voru ýmist í formi skuldabréfa til skamms tíma, yfirdráttarheimilda eða rekstrarlána í erlendri mynt.

Lán til starfsmanna til kaupa á stofnfjárbréfum sjóðsins voru eingöngu með veði í bréfunum sjálfum og lántaki lagði ekkert eigið fé fram sjálfur.

Lánveitingarnar fóru aðeins að litlu leyti fyrir lánanefnd og ekkert kemur fram um hvernig sparisjóðsstjóri yfirfór og samþykkti lánveitingarnar eins og honum bar að gera samkvæmt reglum sjóðsins.

Dæmi eru um að starfsmenn hafi fengið rekstrarlán í erlendri mynt sem var hugsað sem yfirdráttarlán t.d. fyrir þá sem voru að byggja. Slík lánveiting átti þá að greiðast upp þegar langtímafjármögnun fengist. Rekstrarlánin voru án trygginga. Ekki er ljóst hver tók ákvörðun um að heimila starfsmönnum að taka slík lán.

Umfjöllun um stórar fyrirgreiðslur til starfsmanna

Umfjöllun um málefni tengdum 10 stærstu lántakendum meðal starfsmanna sparisjóðsins er skipt í raun í 2 flokka. Annars vegar starfsmenn sparisjóðsins í Reykjanesbæ, sem telur 2 starfsmenn og hinsvegar 8 starfsmenn sparisjóðsins á Hvammstanga. Við skoðun á skiptingu fjárhæðar þá eru tilteknir starfsmenn sparisjóðsins á Hvammstanga með 91% af þeim 10 stærstu sem tiltekin er hér að ofan.

Sjá töflu yfir samantekt 8 af 10 stærstu fyrirgreiðslum til starfsmanna hér að neðan.